BRYNDÍS ARNGRÍMSDÓTTIR

*Glútenóþol breytti lífinu til hins betra*

heilsa heimili

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS



VERK AÐ VINNA

*Byggja má flest úr einingum*

Sérblað um byggingariðnaðinn

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG




STÚDENTA BLAÐIÐ

Mars 2007 83. árgangur 2. tölublað

Fylgir Fréttablaðinu í dag



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

20. mars 2007 — 78. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


# Breiðavíkurdrengir í mál

**Fimmtán menn sem dvöldu á Breiðavík sem börn hafa ákveðið að stefna íslenska ríkinu. Georg Viðar Björnsson, sem fer fyrir hópnum, segir ótækt að ríkið sem sé sökudólgur í málinu leiði það. Hæstaréttarlögmaður segir nauðsynlegt að ríkið setji sérstök lög um málið eins og gert hafi verið í nágrannalöndum.**

**BREIÐAVÍK** Um fimmtán menn sem vistaðir voru á upptökuheimilinu á Breiðavík sem drengir hafa ákveðið að stefna íslenska ríkinu. Ástæðuna segir Georg Viðar Björnsson, sem fer fyrir hópnum, vera þá grimmilegu meðferð sem þeir sættu á barnsaldri af starfsmönnum hins opinbera. Hann segir óhæft að ríkið, sem sé sökudólgur í málinu, ákvarði framvindu þess nú frá upphafi til enda. Nauðsynlegt sé fyrir þolendurna að sækja rétt sinn sjálfir.

„Ég hef sjálfur hafið undirbúning að kæru á hendur ríkinu með mínum lögfræðingi en ég vil að við sem dvöldum á Breiðavík tökum okkur saman í þessu máli,“ segir Georg Viðar.

Magnús Björn Brynjólfsson hæstaréttarlögmaður, sem fer með mál Georgs Viðars, segir að hann hafi nú þegar hafið gagnaöflun um málið. Ljóst sé að það geti reynst erfitt að fara með það fyrir dóm því brotin séu löngu fyrnd. Því sé nauðsynlegt að ríkið komi til móts við þá sem þoldu harðræði á vistheimilum ríkisins sem börn með sérstakri lagasetningu. Slíkt hafi verið gert í nágrannalöndum í svipuðum málum.

„Á þessum stað var líf margra eyðilagt. Talið er að um 10 prósent okkar hafi tekið svipt sig lífi og einhverjir hafa dáið af öðrum orsökum. Við sem eftir lifum eigum að sameinast um að leita réttar okkar,“ segir Óli Svend Styff, einn þeirra sem þegar hefur tekið ákvörðun um að stefna ríkinu.

Óli segist telja að margir þeirra sem dvöldu á Breiðavík eigi erfitt með að stíga fram. Ástæðuna segir hann vera þá að menn skammist sín of mikið fyrir fortíðina. „Ég vil minna þessa menn á að þeir eiga ekki að skammast sín. Þeir voru börn þegar þessi atvik áttu sér stað. Sá sem á að skammast sín er ríkið,“ segir Óli. Hann hvetur fleiri menn til að stíga fram og hafa samband við Georg Viðar eða mæta á næsta fund samtaka fyrrverandi vistmanna í Breiðavík sem haldinn verður klukkan 18 næstkomandi sunnudag í Laugarneskirkju. - kk



**AÐ LEIÐARLOKUM** Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs og einn ákærðu í Baugsmálinu, varð bæði fyrsti og síðasti maðurinn sem gaf skýrslu fyrir dómi við aðalmeðferð síðari hluta Baugsmálsins, fyrst sem sakborningur en í gær sem vitni. Ingibjörg Pálmadóttir, sambýliskona Jóns Ásgeirs, bar einnig vitni í málinu í gær, og fylgdu þau því sameiginlega vitnaleiðslunum í höfn. Alls komu 90 vitni fyrir dóminn, auk þeirra þriggja sem ákærðir eru í málinu. - bj / sjá síðu 6 FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Michael Imperioli:

## Sopranos-leikari í íslenskri mynd

**KVIKMYNDIR Bandaríski kvikmyndaleikarinn Michael Imperioli hefur samþykkt að taka að sér hlutverk glæpaforingjans Alexanders í kvikmyndinni Stóra planið sem leikstýrt er af Ólafi Jóhannessyni. Tökur fara fram í apríl og maí.**



MICHAEL IMPERIOLI

**Imperioli er hvað þekktastur fyrir leik sinn í sjónvarpsþáttunum Sopranos þar sem hann leikur Christopher Moltisanti, bróðurson Tonys Soprano sem James Gandolfini leikur. Hann hefur meðal annars tvívegis unnið til Emmy-verðlauna fyrir frammistöðu sína í þáttunum.**

**Ólafur Jóhannesson segist að vonum spenntur fyrir samstarfinu við stjörnuna og bætti því við að þrátt fyrir að Imperioli væri orðinn langþreyttur á að leika glæpaforingja hefði hann verið ákaflega spenntur fyrir þessu hlutverki.** - fgg/ sjá síðu 34

Óskað eftir leiguhúsnæði frá Kópavogsbæ undir nýja starfsemi í Fossvogi:

## Dagheimili fyrir smáhunda

**GÆLUDÝR** „Mér fannst þetta bara alveg ídeal hugmynd,“ segir Þórunn Þórhallsdóttir, sem óskar eftir því við bæjaryfirvöld í Kópavogi að fá leigt húsnæði í Fossvogi undir dagheimili fyrir smáhunda.

Í Víðidal er þegar rekið dagheimili fyrir hunda. En Þórunn segir að þar sé hins vegar tekið við öllum stærðum af hundum. Þeir séu geymdir í búrum þegar þeir eru inni við og síðan hleypt út eftir stærðum.

„Hjá mér verða hundarnir ekki geymdir í búrum yfir daginn. Þeir fá að vera inni í stofu eins og á venjulegu heimili. Þessir litlu hundar eiga ekki samleið með stórum hundum. Hjá mér geta þeir verið frjálsir og leikið sér saman,“ segir Þórunn.

Að sögn Þórunnar er hún sjálf með tvo smáhunda. Með dagheimilinu vilji hún skapa sjálfri sér starfsvettvang eftir að hafa verið atvinnulaus um skeið.

„Ég veit ekki hvernig undirtektirnar verða en flestir sem ég þekki líst vel á þetta. Það eru margir sem fá sér ekki hund af því þeir vilja ekki hafa þá eina heima. Ég hugsa að margir myndu frekar fá sér hund ef þeim stæði svona vistun til boða,“ segir Þórunn sem reiknar með að í fyrstu verði hún ein með um tuttugu hunda. Reksturinn ætti síðan að geta staðið undir einu og hálfu starfi. Seinna meir bjóði hún ef til vill upp á sólarhringsvistun. - gar

## ÞRIÐJUDAGUR

### Balti til Bandaríkjanna

B-myndakóngurinn Wes Craven leitar hófanna hjá íslenska leikstjóranum.



FÓLK 34

### Menntun fyrir alla

„Enn sem komið er vantar mikið á að hinn almenni grunnskóli geti mætt þörfum allra barna þrátt fyrir fullan vilja starfsfólks,“ skrifar Inga Rósa Þórðardóttir.

Í DAG 18

### Bjargaði syni sínum



Megas syngur eitt lag á nýrri plötu sonar síns.

FÓLK 34

### Tveir nýliðar

Eyjólfur Sverrisson, landsliðsþjálfari í knattspyrnu, valdi í gær landsliðshópinn sem mætir Spánverjum á Mallorca í lok mánaðarins.



ÍÞRÓTTIR 30

## VEÐRIÐ Í DAG




**ASAHLÁKA OG HVASST** - Í dag verður hvöss suðaustanátt vestan til á landinu en hvessir austan til í kvöld. Snjómugga eða slydda á landinu vestanverðu í fyrstu en síðan mikil rigning. Víðast rigning eða slydda í kvöld. Hlýnandi veður.

VEÐUR 4





Pioneer OG SHARP

HLJÓMTÆKI FYRIR FERMINGARNAR

ORMSSON

ELLEFU VERSLANIR OG UMBOÐSMENN UM LAND ALLT



## SPURNING DAGSINS



*Magnús, ætlið þið að eyða miklu púðri í þetta?*

„Helling, að minnsta kosti nóg til að koma flauginni á hljóðhraða.“

Magnús Már Guðnason efnafræðinemi og félagar hans í Amateur Icelandic Rocketry ætla að slá heimsmet með því að smíða eldflaug sem fer yfir hljóðhraða.

Ágætis veiði hjá loðnuskipunum úr vestangöngunni við Snæfellsnes:

# Aðeins ein loðnutorfa fundin

**SJÁVARÚTVEGUR** „Þetta er ein lóðning sem allir eru að veiða úr. Þetta virtist ekki vera mikið magn en skipin hafa ekki leitað neitt. Það getur vel verið að það sé meira af loðnu annars staðar,“ segir Grímur Jón Grímsson, skipstjóri á Antares VE, sem var að landa loðnu í Vestmannaeyjum í gær. Antares hefur farið eina veiðiferð eftir að sjávarútvegsráðuneytið gaf út fimmtán þúsund tonna viðbótarkvóta vegna vestangöngu sem Hafrannsóknastofnunin mældi fyrir vestan landið í byrjun mars. Hafrannsóknaskipið Árni Friðriksson var að ljúka mælingum sínum á loðnugöngunni í gærkvöldi.



**ANTARES VE** Ísfélagið í Eyjum fékk 3.000 tonn í sinn hlut af viðbótarkvóta og Antares var að landa fyrsta farminum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Þorsteinn Sigurðsson, sviðstjóri nytjastofnasviðs, sem er um borð í Árna Friðrikssyni, sagði í viðtali við Fréttablaðið að ekki væri mögulegt að gefa út niðurstöður mælinga strax. Hann sagði þó að ekki væri mikið að sjá þar sem skipið var statt við Snæfellsnesið en nokkurt svæði væri enn ókannað og aldrei útilokað að eitthvað fyndist.

Grímur Jón segir að sjö skip hafi verið á miðunum þegar þeir lögðu af stað í land. „Þetta gefur ágætis veiði fyrir svona hóp en þetta heldur ekki uppi veiði til lengri tíma,“ segir Grímur. „Þetta er falleg loðna og að sjá hentar hún vel til hrognatöku. Við vonum að stærri vestanganga sé á leiðinni, það kæmi öllum vel.“ - shá

Sprenging í rússneskri námu:

# Yfir 70 manns dóu í námuslysi

**MOSKVA, AP Yfir sjötíu manns létu lífið í öflugri metangassprengingu í kolanámu í Síberíu í Rússlandi í gær. Er þetta banvænasta námuslys í Rússlandi í áratug.**

**Sprengingin átti sér stað um eftirmiðdaginn þegar tæplega tvö hundruð manns voru að störfum í námunni. Strax tókst að flytja 55 út og unnu björgunarmenn fram eftir degi að því að ná þeim sem eftir voru út. Alls 83 hafði verið bjargað þegar blaðið fór í prentun.**

**Slys eru tíð í rússneskum kolanámum. Fyrir þremur árum létust 47 í sprengingu í námu og árið 1997 létust 67 manns við svipaðar aðstæður.** - sdg



**SLYSSTAÐURINN** Maðurinn klemmdist milli vörubifreiðarinnar og dráttarvagnsins og lést af þeim áverkum sem hann hlaut við slysið.

Banaslys á Reyðarfirði:

# Karlmaður lést í vinnuslysi

**SLYS Karlmaður lést í vinnuslysi á Reyðarfirði um hádegisbilið í gær.**

**Maðurinn, sem var starfsmaður BM Vallár, var að tengja dráttarvagn við vörubifreið á geymslusvæði við Hjallanes þegar hann klemmdist á milli bifreiðarinnar og vagnsins. Maðurinn lést af þeim áverkum sem hann hlaut við slysið og báru lífgunartilraunir á slysstað engan árangur.**

**Hjá lögreglunni á Eskifirði fengust þær upplýsingar að málið væri til frekari rannsóknar hjá rannsóknadeild embættisins en hún varðist að öðru leyti frekari fregna af atburðinum.** - þsj

Nóg að gera hjá slökkviliðinu:

# Bílbrunar og Bláfjallaferðir

**LÖGREGLUMÁL** Eldur kviknaði í þremur bifreiðum á höfuðborgarsvæðinu í gær. Um var að ræða sendiferðabíl á Þórðarhöfða, fólksbíl á Suðurlandsbraut og dekk tengivagns á Reykjanesbraut. Sendiferðabíllinn og fólksbíllinn voru báðir mikið skemmdir eftir brunann. Enginn slasaðist.

Að sögn varðstjóra var mikill erill hjá slökkviliði höfuðborgarsvæðisins í gær. Um klukkan átta í gærkvöldi hafði slökkviliðið farið í 64 sjúkraflutninga sem þykir mjög mikið. Þar af voru fimm ferðir upp í Bláfjöll, þar sem skíðamenn áttu erfitt með að fóta sig í nýföllnum snjónum. - sþs

# Ríkisendurskoðun fari yfir svör ráðherra

**Landssamband eldri borgara átaldi úthlutanir úr Framkvæmdasjóði aldraðra harðlega á stjórnafundi í gær. Tillögum ráðherra um verkefni um upplýsingaþjónustu hefur verið hafnað. Siv segir að málið hafi átt að liggja ljóst fyrir.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Úthlutanir úr Framkvæmdasjóði eldri borgara voru harðlega átaldar á stjórnarfundi Landssambands eldri borgara (LEB) í gær. Samþykkt var að þess yrði krafist að ríkisendurskoðandi færi yfir hvernig staðið hefði verið að úthlutunum úr sjóðnum. Þetta segir Borgþór Kjærnested, framkvæmdastjóri LEB.

Styrkveitingar úr sjóðnum hafa verið gagnrýndar af LEB, þá sérstaklega til einstaklinga og stofnana sem ekki virðast eiga nein bein tengsl við öldrunarþjónustu. Borgþór segir þau svör sem ráðherra hefur gefið um úthlutanir úr sjóðnum illa unnin og nauðsynlegt að fara yfir þau. Meðal þeirra verkefna sem Borgþór segir stjórnina lýsa andstöðu við er tilraunaverkefni um upplýsinga- og ráðgjafarþjónustu við aldraða og aðstandendur þeirra. Ástæðan sé sú að Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra hafi ákveðið að tæpar sjö milljónir yrðu teknar úr Framkvæmdasjóði aldraðra til að standa straum af launagreiðslum starfsmanns verkefnisins. „Um þetta mál var ekki fjallað af stjórn framkvæmdasjóðsins eins og skylda er þegar úthluta á úr sjóðnum. Því miður hefur það verið regla frekar en undantekning. Slíka meðferð á fjármunum líðum við ekki lengur og því höfnum við því að taka þátt í verkefninu,“ segir Borgþór.

Heilbrigðisráðherra segir rangt að LEB hafi ekki haft vitneskju um að úthluta ætti úr sjóðnum til þessa verkefnis. Hún hafi átt von á því að LEB tæki verkefnið að sér og hægt yrði að ganga frá drögum um verkefnið í desember. Þá hefði LEB hins vegar dregið sig út úr þessu. „Fyrri skýring þeirra var að þeir vildu að Tryggingastofnun kæmi að rekstrinum,“ segir Siv og útskýrir að verkefnið hafi hins vegar átt að vera mun viðameira en svo að ráðlegt væri að Tryggingastofnun færi með umsjón þess. „Það var ekki fyrr en á seinni stigum að Landssambandið gaf þá skýringu að stjórn Framkvæmdasjóðsins hefði ekki tekið málið til umfjöllunar,“ segir Siv og fullyrðir að um málið hafi verið fjallað meðal stjórnarmanna sjóðsins.

Jón Helgason, oddviti framkvæmdastjórnar sjóðsins, segist vera að kanna þetta mál. Líklegt sé að það byggi á misskilningi.

Margrét Margeirsdóttir, stjórnarmaður sjóðsins, segist ekki kannast við að verkefnið hafi verið til umræðu þar. „Ég hef ekki mætt á alla fundi en það er alveg skýrt að ef um þetta mál hefði verið fjallað innan stjórnarinnar þá hefði það komið fram í upplýsingum á úthlutunum úr sjóðnum. Þær upplýsingar er ekki að finna þar,“ segir Margrét.

karen@frettabladid.is



**LANDSSAMBAND ELDRI BORGARA** Framkvæmdastjóri segir nauðsynlegt að Ríkisendurskoðun fari yfir svör ráðherra um úthlutanir úr Framkvæmdasjóði aldraðra.



**SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR**



**BORGÞÓR KJÆRNESTED**



**MARGRÉT MARGEIRSDÓTTIR**

Mannrán talibana:

# Ítölskum gísl sleppt úr haldi

**AFGANISTAN** Talibanar hafa afhent ítalskan blaðamann þorpsöldungum í Helmand-héraði að sögn Yousufs Ahmadi, talsmanns talibana. Daniele Mastrogiacomo var rænt 4. mars. Talibanar krefjast þriggja fangelsaðra liðsmanna sinna í skiptum fyrir hann. Hafa þeir nú þegar fengið tvo og hóta að endurheimta Mastrogiacomo, verði þeim þriðja ekki sleppt.



**SIGRÚN ANDRÉSDÓTTIR**

„Þessi blaðamaður var ekki búinn að skrá sig hérna hjá okkur og hefur því líklega verið á eigin vegum,“ segir Sigrún Andrésdóttir, sem starfar á höfuðstöðvum ISAF í Kabúl. - kóþ

Jónína Bjartmarz:

# Skrifaði undir sáttmála Framtíðarlandsins

**UMHVERFISMÁL Nafn Jónínu Bjartmarz umhverfisráðherra má finna á lista yfir þá 1.500 sem skrifað hafa undir sáttmála Framtíðarlandsins um framtíð Íslands. Aðspurð játar hún að hafa skrifað undir sáttmálann, en vill ekki tjá sig meira um málið að svo stöddu.**

**Sáttmálinn var kynntur á blaðamannafundi á sunnudag. Þar er meðal annars kveðið á um að áætlanir um náttúruvernd verði lögfestar áður en frekar er aðhafst í orkuvinnslu, og að Íslendingar axli ábyrgð á tímum viðsjárverðra loftslagsbreytinga í heiminum með því að fylgja alþjóðlegum skuldbindingum um losun gróðurhúsalofttegunda.** - sþs


**BÍLL DAGSINS**

**NISSAN PATROL LUXURY 33”**

Nýskr. 07.04 - Sjálfskiptur - Ekinn 71 þús. km. - Allt að 100% lán.




**Ingvar Helgason** NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.


Helmingur Íraka telur ástandið í dag verra en 2003:

# Svartsýni Íraka eykst

**ÍRAK** Innan við 40 prósent Íraka segja ástandið gott í sínu lífi samanborið við 71 prósent fyrir tveimur árum, samkvæmt nýrri skoðanakönnun sem gerð var fyrir sjónvarpsstöðvar BBC, ABC og ARD, auk dagblaðsins USA Today.

Um 67 prósent aðspurðra telja að enduruppbygging í Írak hafi ekki borið árangur. Helmingur telur ástandið í landinu verra en fyrir innrásina árið 2003 en 38 prósent segja það betra.

Könnunin leiðir í ljós að skoðanir Íraka skiptast í auknum mæli eftir trúarlegum línum milli súnní-araba og sjía. Eru súnníar svartsýnni en sjíar.

Einnig má sjá mun eftir landssvæðum og svartsýni gætir meira í miðhluta Íraks, þar með talið höfuðborginni Bagdad þar sem súnníar eru fjölmennastir.

En þrátt fyrir skiptar skoðanir segjast 58 prósent Íraka vilja að Írak verði áfram sameinað ríki. Nánast allir súnníar ekki vilja sjá Írak skipt upp eftir trúflokkum.

Andstæð sjónarmið voru uppi um veru herliðs bandamanna í Írak og töldu 51 prósent aðspurðra að árásir á þá væru réttlætanlegar. Hins vegar vildu einungis 35 prósent að herliðið hyrfi á brott og 63 prósent vildu að það yrði til staðar þangað til öryggi myndi batna.

Tvö þúsund manns voru í úrtaki könnunarinnar sem var gerð um allt land. - sdg



www.toyota.is

# ÞESSIR 12 BÍLAR HAFA SANNAÐ SIG SEM SANNKALLAÐIR GÆÐA- OG ÚRVALSBÍLAR



**Ford C-Max H/B Trend** 2000 Bensín sjsk.
Á götuna: 01.06 Ekinn: 13.000 km
Verð: 2.290.000 kr. Tilboð: 1.950.000 kr.
Skr.nr. LO748



**Ford Explorer SportTrac XLT** 4000 Bensín sjsk.
Á götuna: 01.05 Ekinn: 15.000 km
Verð: 2.750.000 kr. Skr.nr. MR660



**Ford Focus W/G Ambiente Plus** 1600 Bensín 5 gíra
Á götuna: 10.03 Ekinn: 81.000 km
Verð: 1.050.000 kr. Skr.nr. OD996



**GMC Sierra D/C 1500 SLT** 6000 Bensín sjsk.
Á götuna: 03.05 Ekinn: 25.000 km
Verð: 3.590.000 kr. Skr.nr. KO143



**Honda Stream** 2000 Bensín sjsk.
Á götuna: 05.03 Ekinn: 82.000 km
Verð: 1.290.000 kr. Skr.nr. SH007



**Hyundai Getz** 1600 Bensín sjsk.
Á götuna: 06.06 Ekinn: 3.500 km
Verð: 1.610.000 kr. Skr.nr. YI301



**Kia Picanto** 1100 Bensín sjsk.
Á götuna: 09.05 Ekinn: 18.000 km
Verð: 1.070.000 kr. Skr.nr. BL556



**Nissan Pathfinder LE** 2500 Dísel sjsk.
Á götuna: 11.05 Ekinn: 13.000 km
Verð: 4.990.000 kr. Skr.nr. VV322



**Nissan Patrol Elegance** 3000 Dísel sjsk.
Á götuna: 04.06 Ekinn: 19.000 km
Verð: 4.990.000 kr. Skr.nr. BZ153



**Peugeot 206 RC** 1800 Bensín 5 gíra
Á götuna: 09.04 Ekinn: 18.000 km
Verð: 1.790.000 kr. Skr.nr. OB341



**Toyota Avensis EXE** 2000 Bensín sjsk.
Á götuna: 03.06 Ekinn: 6.000 km
Verð: 2.950.000 kr. Skr.nr. SG041



**Toyota Corolla W/G** 1400 Bensín 5 gíra
Á götuna: 05.05 Ekinn: 46.000 km
Verð: 1.530.000 kr. Skr.nr. OY154

BNB-sölugreining

Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

**Núna bjóðum 12 betri notaða bíla á sannkölluðum gæða- og úrvalskjörum.**

BETRI **NOTAÐIR** BÍLAR TOYOTA

ÚRVALSBÍLL GÆÐABÍLL

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

ÍSLENSKA SIA.IS TOY 36784 03/07

## GENGIÐ 19.03.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 66,94 | 67,26 |
| Sterlingspund | 130,03 | 130,67 |
| Evra | 88,94 | 89,44 |
| Dönsk króna | 11,937 | 12,007 |
| Norsk króna | 10,929 | 10,993 |
| Sænsk króna | 9,568 | 9,624 |
| Japanskt jen | 0,5700 | 0,5734 |
| SDR | 100,96 | 101,56 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
121,2224

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Menntamálaráðherra segir varhugavert að skerða íslenskunám kennaranema:

# Íslenskukennslan mikilvæg

**MENNTAMÁL** „Íslenskan er grunnurinn að allri okkar samfélagsgerð og við hljótum að gera þá kröfu að kennarar öðlist góða þekkingu og gott vald á tungunni. Við verðum því að fara varlega þegar kemur að öllu sem varðar íslenskukennslu,“ segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra um skerðingu á íslenskunámi kennaranema við Kennaraháskóla Íslands. Í nýrri kennsluskrá skólans hefur einingum í íslensku verið fækkað verulega; til að mynda munu nemar í fagkennaranámi fyrir eldri stig grunnskóla hér eftir aðeins taka tvær einingar í íslensku í stað tólf áður.



**ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR**

Að sögn Þorgerðar er mikilvægt að virða frelsi og sjálfstæði háskólanna. „Breytingar af þessu tagi eru í samræmi við okkar löggjöf. Menntamálaráðuneytið skiptir sér ekki af því hversu mikil anatómía er kennd í læknisfræði eða hve mikla almenna lögfræði laganemar þurfa að læra. Það er mikilvægt að við treystum skólunum. Hins vegar verðum við að vera varkár þegar íslenskan á í hlut því hún er grunnurinn að allri okkar samfélagsgerð,“ segir Þorgerður.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær hafa þrír prófessorar við Kennaraháskólann lýst yfir áhyggjum vegna skerðingar á íslenskunámi við skólann.

Guðrún Kvaran, formaður Íslenskrar málnefndar, segir ljóst að málið verði rætt í stjórn nefndarinnar. „Mér finnst líklegt að nefndin komi með athugasemd vegna þessarar skerðingar,“ segir Guðrún. **- þo**

Vatnsleki í HR:

## Skemmdir vegna vatns og gufu

**LEKI** Betur fór en á horfðist þegar sjóðandi heitt vatn tók að leka milli hæða í húsnæði Háskólans í Reykjavík í gamla Morgunblaðshúsinu.

Að sögn varðstjóra slökkviliðsins hafði element í loftræstingu bilað með þeim afleiðingum að heitt vatn lak niður á milliloft og þaðan niður á tvær næstu hæðir. Slökkviliðið var kallað á staðinn. Greiðlega gekk að hreinsa upp vatnið og koma í veg fyrir frekari leka. Lekinn var mikill og á tímabili lak út um rafmagnsinnstungur og meðfram loftljósum.

Einhverjar skemmdir urðu vegna vatns og gufu. **- þo**



**RÁÐHERRAFUNDUR** Norski aðstoðarráðherrann Raymond Johansen og palestínski forsætisráðherrann Ismail Haniyeh á Gaza í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Norðmenn ríða á vaðið:

## Viðurkenna nýja þjóðstjórn

**OSLÓ, AP Noregur varð í gær fyrsta ríkið til að viðurkenna nýja þjóðstjórn Palestínumanna, sem skipuð er liðsmönnum bæði Hamas og Fatah.**

**Aðstoðarutanríkisráðherra Noregs, Raymond Johansen, fundaði með forsætisráðherra palestínsku heimastjórnarinnar á Gaza-svæðinu í gær. Er Johansen fyrsti evrópski ráðamaðurinn sem fundar með nýju stjórninni.**

**Jafnvel þó að hin hófsama Fatah-hreyfing eigi aðild að þjóðstjórninni veigra mörg ríki sér við að viðurkenna hana þangað til Hamas fellst á að hafna ofbeldi og viðurkenna tilverurétt Ísraels og fyrri friðarsamninga.** **- sdg**

# Ber við kynlífi með hennar samþykki

**Átján ára piltur er í haldi lögreglu vegna gruns um nauðgun á kvennasalerni á Hótel Sögu aðfaranótt laugardags. Pilturinn segir stúlku hafa samþykkt að stunda kynlíf inni á salerninu. Stúlkan var með greinilega áverka og var flutt á neyðarmóttöku.**

**LÖGREGLUMÁL** Átján ára gamall pólskur piltur sem er í haldi lögreglu vegna gruns um að hafa nauðgað nítján ára stúlku á kvennasalerni Hótel Sögu aðfaranótt laugardags hefur borið því við í yfirheyrslu hjá lögreglu að samræði hans við stúlkuna hafi verið með hennar samþykki. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu handtók piltinn á heimili sínu í fyrrakvöld eftir að hafa borist ábendingar um hvar hann væri niðurkominn. Dómari varð í gær við kröfu lögreglu og úrskurðaði piltinn í gæsluvarðhald til 28. mars.

Hann hefur búið og unnið hér á landi um nokkurt skeið en hann kom hingað til lands með foreldrum sínum.

Eftir að atvikið kom upp á hótelinu aðfaranótt laugardags reyndu starfsmenn hótelsins að halda piltinum þar til lögreglan kæmi. Stúlkan leitaði til starfsfólks á hótelinu og sagði því að sér hefði verið nauðgað. Piltinum tókst að sleppa frá starfsmönnum hótelsins og hvarf sjónum, á hlaupum, við Birkimel. Tveir menn höfðu verið í slagtogi með piltinum fyrr um kvöldið en þeir eru ekki viðriðnir málið að öðru leyti.

Björgvin Björgvinsson, yfirmaður kynferðisbrotadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, segir rannsókn málsins vera á frumstigi en staðfesti að pilturinn bæri því við að stúlkan hefði samþykkt að stunda með sér kynlíf. Jafnframt staðfesti hann að stúlkan hefði verið með greinilega áverka þegar farið var með hana á neyðarmóttöku fyrir fórnarlömb kynferðisofbeldis á Landspítalanum.

Meðal gagna sem hafa verið til skoðunar hjá lögreglu eru upptökur úr eftirlitsmyndavél. Á þeim myndum sést pilturinn, skömmu eftir að konan leitar hjálpar hjá starfsfólki á Hótel Sögu.

Rannsókn málsins heldur áfram í dag en skýrslutöku vegna málsins er ekki lokið. magnush@frettabladid.is

### ATVIKARÖÐ

**Aðfaranótt laugardags**

**00.30 - 01.00 Meint nauðgun á sér stað inni á kvennasalerni Hótel Sögu.**

**Skömmu fyrir 01.00** Lögreglan fær tilkynningu um atvikið og fer þegar á vettvang. Pilturinn, sem grunaður er um nauðgunina, flýr af vettvangi hlaupandi en starfsfólk hótelsins reynir að hindra för hans. Konan leggur fram kæru á laugardeginum og leggur fram vottorð frá neyðarmóttöku fyrir fórnarlömb kynferðisofbeldis.

**Sunnudagskvöld**

Pilturinn er handtekinn á heimili sínu á ellefta tímanum eftir að ábendingar berast til lögreglu um hvar hann sé niðurkominn. Hann er yfirheyrður hjá lögreglu. Hann ber því við að konan hafi samþykkt að stunda með honum kynlíf.

**Mánudagur**

14.00 Yfirheyrslur halda áfram. Krafa lögreglu um að pilturinn verði úrskurðaður í gæsluvarðhald er tekin fyrir hjá dómara.

15.30 Dómarinn verður við kröfu lögreglu um gæsluvarðhald til 28. mars.




**HÓTEL SAGA** Stúlka hefur kært átján ára pólskan pilt fyrir nauðgun á kvennasalerni á Hótel Sögu aðfaranótt laugardags. Pilturinn hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald til 28. mars. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Mörg óhöpp um helgina:

## 22 óku ölvaðir

**LÖGREGLUMÁL 94 umferðaróhöpp voru tilkynnt til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu um liðna helgi. Flest óhöppin voru minni háttar en í fjórum tilvikum var fólk flutt á slysadeild.**

**Alls 22 ökumenn voru teknir fyrir ölvunarakstur um helgina, sautján karlmenn og fimm konur. Þá var ungur ökumaður tekinn fyrir að aka undir áhrifum lyfja.**

**Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu stöðvaði einnig þrjátíu ökumenn fyrir of hraðan akstur víðs vegar um umdæmið um helgina. Helmingur þeirra ók á yfir 100 km hraða.** **- þo**



**KNÚTUR SÆTI** Fjölmiðlar hafa keppst við að birta myndir af hvítabjarnarhúninum móðurlausa. NORDICPHOTOS/AFP

Dýraverndarsinnar um Knút:

## Húnninn verði ekki heimaalinn

**ÞÝSKALAND, AP** Hvítabjarnarhúnninn Knútur, hvers móðir yfirgaf nýfæddan í dýragarðinum í Berlín, hefur á skammri ævi öðlast stóran aðdáendahóp fyrir tilstilli fjölmiðla sem hafa verið ósparir á að birta myndir af hinu ómótstæðilega sæta dýragarðsbarni. En dýraverndarsinnar héldu því fram í gær að húnninn væri betur settur dauður en að verða heimalningur manna. Það síðarnefnda væri ill meðferð á villtu dýri.

„Dýragarðurinn verður að drepa björninn,“ hefur dagblaðið Bild eftir Frank Albrecht, talsmanni þýskra dýraverndarsamtaka. **- aa**

### ÓLAFSFJÖRÐUR

**Jarðýta valt af veginum**

Jarðýta valt við göngin sem verið er að grafa milli Ólafsfjarðar og Héðinsfjarðar í gær. Betur fór en á horfðist og slasaðist enginn.

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Keypti vín handa unglingum**

Maður á þrítugsaldri var handtekinn í Smáralind síðastliðinn föstudag fyrir að hafa keypt áfengi handa 16 og 17 ára drengjum. Farið var með þremenningana á svæðisstöðina í Kópavogi og foreldrar piltanna kallaðir til. Maðurinn á sekt yfir höfði sér.


FERMINGARGJÖFIN

Ný ensk orðabók
með hraðvirku uppflettikerfi




**Ný og endurbætt ensk-íslensk/íslensk-ensk orðabók með hraðvirku uppflettikerfi.**

Bókin hefur að geyma 72.000 uppflettiorð og var sérstaklega hugað að fjölgun orða í tengslum við tækni, vísindi, tölvur, viðskipti og ferðalög.

Hún spannar því fjöldamörg svið og nýtist vel hvort sem er á heimili, vinnustað, í skóla eða bara hvar sem er.

Orðabókin er 932 bls. í stóru broti og innbundin í sterkt band.

**Verð aðeins 7.950 kr.**

ORÐABÓKAÚTGÁFAN


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**MIKIL ÚRKOMA** Það er hlýnandi veður og mikil úrkoma í kortunum. Pælingarnar hjá mér hafa snúið að því að meta hversu hratt hlýnar, því ef það gengur mjög hægt fyrir sig gæti úrkoman verið að falla sem snjór eða slydda og þá getur orðið mjög blint á fjallvegum. Mér sýnist hins vegar að hlýindin gangi nokkuð ákveðið inn á landið og því blotnar hratt í þessu. Ég minni fólk á að huga að niðurföllum.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG** Suðaustan 10-13 m/s. Slydda og síðar mikil rigning. Hiti 1-6 stig.




um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 8°C hálfskýjað | London | 6°C skúrir | Eindhoven | 17°C léttskýjað |
| Billund | 6°C hálfskýað | París | 5°C rigning | Basel | 3°C skúrir |
| Osló | 7°C léttskýjað | Frankfurt | 10°C hálfskýjað | Alicante | 16°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 5°C hálfskýjað | Friedrichshafen | 1°C snjókoma | Algarve | 7°C skúrir |
| Gautaborg | 3°C hálfskýjað | Berlín | 8°C alskýjað | Las Palmas | 20°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.




**Við lögum okkur að þínum þörfum**

Það er grundvallaratriði að þú sért í góðu sambandi við það fjármálafyrirtæki sem þú skiptir við. Hjá Sparisjóðnum leggjum við mikinn metnað í að veita góða og persónulega þjónustu með hagsmuni og þarfir viðskiptavina okkar að leiðarljósi. Traust og gott samband er farsælt fyrir báða aðila.

www.spar.is

SPARISJÓÐURINN
– fyrir þig og þína

## KJÖRKASSINN



*Var rétt að afnema fyrningarfrest í alvarlegustu kynferðisbrotunum gegn börnum?*

| | |
|---|---|
| Já | 88% |
| Nei | 12% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Vilt þú að sala bjórs og léttvíns verði heimiluð í matvöruverslunum?*

Segðu skoðun þína á visir.is Vísir

Götuhópurinn hafði afskipti af 25 manns vegna fíkniefna:

# Kannabisræktun í Vesturbæ

**LÖGREGLUMÁL** Kannabisplöntur fundust í húsi í Vesturbæ Reykjavíkur á laugardagskvöld.

Fundurinn atvikaðist þannig að Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu var tilkynnt um mann sem talinn var vera í miðjum klíðum við að brjótast inn í hús. Þegar komið var á staðinn fundu árvökulir lögreglumenn grunsamlega lykt í húsnæðinu. Við nánari athugun reyndist vera þar ræktað kannabis; tíu blómlegar plöntur fundust, ljósalampar og annað sem til þurfti. Hinn meinti „innbrotsþjófur“ býr í húsnæðinu, þannig að heimatökin voru hæg fyrir lögreglu að ná honum.

Þá hafði Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu afskipti af 25 manns á laugardagskvöld og aðfaranótt sunnudagsins vegna fíkniefnamála. Það var götuhópur fíkniefnadeildar lögreglunnar í hefðbundnu eftirliti á skemmtistöðum á höfuðborgarsvæðinu sem náði þessum árangri. Fólkið sem höfð voru afskipti af reyndist vera með neysluskammta af fíkniefnum í fórum sínum. Efnin sem fundust voru maríjúana, amfetamín, kókaín og hass. Út úr þessari eftirlitsferð komu níu fíkniefnamál sem fara munu hefðbundna leið. - jss



**KANNABIS Í VESTURBÆNUM** Kannabisplöntur fundust í Vesturbænum á laugardagskvöld. Húsráðandi var handtekinn. FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL BERGMANN

Samorka um Framtíðarlandið:

# Fallast ekki á forsendurnar

**IÐNAÐUR** **Gústaf Adolf Skúlason, aðstoðarframkvæmdastjóri Samorku, samtaka orku- og veitufyrirtækja, segir enga skoðun standast að stilla uppbyggingu stóriðju sem einhvers konar hindrun við jákvæða framtíðarsýn Framtíðarlandsins. Nýtingu endurnýjanlegra orkulinda hafi verið lýst sem fyrsta hátækniiðnaðinum hér á landi og íslensk orkuþekking sé nú virkjuð um heim allan.**

**Í tilkynningu frá Samorku segir einnig að ekki verði fallist á þá kenningu að efnahagsþensla undanfarinna ára verði öll rakin til orku- eða áliðnaðar.** - sþs


Mörkinni 6 Reykjavík S: 588 2061 www.bodeind.is sala@bodeind.is

BOÐEIND TÖLVUVERSLUN - ÞJÓNUSTA

Mörkinni 6 Reykjavík S: 588 2061 www.bodeind.is sala@bodeind.is

**Frábær fermingartilboð á www.bodeind.is**



**Með öllum fartölvum frá Boðeind fylgir frí fartölvutaska og laser mús**

A6VM-A
Skjár: 15,4" WXGA Glare Type háskerpuskjár
Örgjöri: Intel Pentium Mobile Single core 1.73GHz
Skjákort: nVidia Geforce Go 7300 256MB
Harður diskur: 100 GB
Vinnsluminni: 1GB DDR2 / stækkanleg í 2GB
Geisladrif: Dual Layer 8x DVD skrifari/spilari
Innbyggð vefmyndavél 1.3MegaPixla & hljóðnemi
Stýrikerfi: Windows XP Professional
Norton Systemworks vírusvörn / Eldveggur
**Staðgreiðsluverð kr. 94.900,-**
Verð áður kr. 112.243,-



**Norton Systemworks vírusvörn fylgir frítt með öllum fartölvum frá Boðeind**

Asus A6JA
Skjár: 15,4" WXGA Glare Type háskerpuskjár
Örgjöri: Intel Pentium M Dual Core T2400
Skjákort: Radeon X1600 256MB DDR
Harður diskur: 100 GB
Vinnsluminni: 1GB DDR2 / stækkanleg í 2GB
Geisladrif: Dual Layer 8x DVD skrifari/spilari
Stýrikerfi: Windows XP Professional
Norton Systemworks vírusvörn / Eldveggur
**Staðgreiðsluverð kr. 136.900,-**
Verð áður kr. 149.900,-



**Innbyggð vefmyndavél 1.3 MegaPixla & hljóðnemi er í öllum fartölvum frá Boðeind**

Asus A6T
Skjár: 15.4" Glare type háskerpuskjár
Örgjöri: AMD TurionX2 Dual Core TL52 64 bita
Skjákort: Geforce 7600 256MB
Harður diskur: 100 GB
Vinnsluminni: 1GB DDR2 / stækkanleg í 2GB
Geisladrif: Dual Layer 8x DVD skrifari/spilari
Microsoft XP Professional
Stýrikerfi: Windows XP Professional
Norton Systemworks vírusvörn / Eldveggur
**Staðgreiðsluverð kr. 139.900,-**
Verð áður kr. 149.900,-



Asus Vintage vel hönnuð og hljóðlát tölva
Örgjörvi: AMD 64 bita 3500+ - Socket AM2
Skjákort: nVidia GeForce 6 GPU
Vinnsluminni: 1 GB DDR2 PC667
Harður diskur: 250GB - SATA II - 16mb buffer
Netkort: 10/100/1000 Mbps
Geisladrif: 16x DVD brennari/spilari dual layer
Stýrikerfi: Windows Vista Home
Þráðlaust Logitech EX110 lyklaboð og mús
**Staðgreiðsluverð kr. 79.900,-**
Verð áður kr. 84.900,-



Asus Pundit ótrúlega nett og hljóðlát tölva
Örgjörvi: AMD 64 bita 3500+ - Socket AM2
Skjákort: nVidia GeForce 6 GPU
Vinnsluminni: 1 GB DDR2 PC667
Harður diskur: 250GB - SATA II - 16mb buffer
Netkort: 10/100/1000 Mbps
Geisladrif: 16x DVD brennari/spilari dual layer
Stýrikerfi: Windows Vista Home
Þráðlaust Logitech EX110 lyklaboð og mús
**Staðgreiðsluverð kr. 79.900,-**
Verð áður kr. 84.900,-

**Boðeind í 20 ár**
**Þar sem verð og gæði fara saman**

Boðeind býður upp á viðurkennda Asus verkstæðisþjónustu




**BAR VITNI** Kjartan Gunnarsson kom í gær fyrir héraðsdóm sem vitni og sagði frá fundi sem hann átti með ritstjóra Morgunblaðsins til að ræða hæfi Jóns Steinars Gunnlaugssonar til að taka að sér að verða lögmaður Jóns Geralds Sullenberger. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Jón Ásgeir síðasta vitnið

**Umfangsmestu vitnaleiðslum í íslensku dómsmáli lauk í gær þegar hlé var gert á aðalmeðferð Baugsmálsins. Jón Ásgeir Jóhannesson var bæði fyrstur og síðastur til að gefa skýrslu fyrir dóminum.**

**BAUGSMÁL** Vitnaleiðslum í Baugsmálinu lauk í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær eftir rúmar fimm vikur, en á þeim tíma voru teknar skýrslur af sakborningunum þremur, auk 90 vitna. Þetta munu vera umfangsmestu vitnaleiðslur í íslensku dómsmáli til þessa.

Dómarinn frestaði í lok dags í gær aðalmeðferð í málinu fram á mánudaginn 26. mars, en tímann þangað til munu sækjandi og verjendur nota til að undirbúa sig fyrir munnlegan málflutning. Þar færa þeir rök fyrir því af hverju dómurinn eigi að sakfella eða sýkna sakborningana. Reiknað er með að ræða sækjanda taki tvo daga, og verjendurnir þrír fái aðra tvo daga fyrir sínar ræður. Samkvæmt dagskrá mun málflutningi því ljúka 29. mars.

Eftir það verður málið lagt í dóm. Dómurinn hefur lögum samkvæmt þrjár vikur til að komast að niðurstöðu, en sökum umfangs málsins er ekki búist við að dómur falli fyrr en í maí. Lögum samkvæmt þarf að endurtaka aðalmeðferðina ef átta vikur líða frá því mál er dómtekið án þess að dómur sé kveðinn upp.

Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs Group og einn ákærðu, kom fyrir dóminn í gær sem vitni í síðasta ákæruliðnum, en hann var jafnframt fyrsti maðurinn sem gaf skýrslu þegar aðalmeferðin hófst hinn 12. febrúar. Í síðasta ákæruliðnum er Tryggvi Jónsson, fyrrverandi aðstoðarforstjóri Baugs, sakaður um að hafa dregið sér rúmar 1,3 milljónir króna með því að láta Baug borga einkaneyslu Tryggva með American Express-greiðslukorti.

„Það var ekkert leyndarmál, ég vissi af því sem forstjóri félagsins,“ sagði Jón Ásgeir um American Express-kortið sem Tryggvi notaði, en það var skráð á Nordica, félag Jóns Geralds Sullenbergers í Bandaríkjunum. Jón Ásgeir sagðist ekki vita hvers vegna fjármálastjórar Baugs vissu ekki af kortinu.

BAUGS MÁLIÐ

Jón Ásgeir staðfesti þá frásögn Tryggva að Jón Gerald hafi átt að greina á milli persónulegra útgjalda og útgjalda á vegum fyrirtækisins, og einungis senda Baugi reikning fyrir þeim útgjöldum sem snertu fyrirtækið beint.

Jakob R. Möller, verjandi Tryggva, spurði Jón Ásgeir um geisladiskakaup Tryggva, en hluti meints fjárdráttar er vegna kaupa Tryggva á geisladiskum erlendis. „Tryggvi sá um tónlistarsmekk fyrirtækisins á þessum tíma. Hann var látinn um þetta og stóð sig vel í því. [...] Ég er sekur um að hafa hlustað nokkrum sinnum á þá,“ sagði Jón Ásgeir.

Kjartan Gunnarsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins, var fyrsta vitni gærdagsins, en gert hafði verið ráð fyrir skýrslutöku af honum síðasta föstudag í dagskrá en misfarist að boða hann. Hann var spurður um aðdraganda Baugsmálsins, og fund hans með Styrmi Gunnarssyni, ritstjóra Morgunblaðsins, þar sem rætt var um hæfi Jóns Steinars Gunnlaugssonar til að taka við lögmannsstörfum fyrir Jón Gerald Sullenberger.

Kjartan sagðist í gær standa við yfirlýsingar sem hann gaf eftir að Fréttablaðið sagði frá fundi hans og Styrmis, hann hafi einungis verið að staðfesta færni Jóns Steinars sem lögmanns.

**brjann@frettabladid.is**

## ORÐRÉTT



*„Það er játað hér.“*
Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, reyndist ekki vera með dramatíska tilkynningu frá umbjóðanda sínum heldur var hann að láta vita að Jón Ásgeir hefði gleymt að slökkva á farsíma sínum, sem truflaði upptöku í réttarsalnum.



*„Ég sagði við Jón Gerald að hann ætti ekki að gera þetta.“*
Kristrún Sveinbjörnsdóttir, fyrrverandi starfsmaður Aðfanga, lýsti viðbrögðum hennar þegar Jón Gerald Sullenberger sagði henni að hann hefði útbúið tilhæfulausan kreditreikning.



*„Ég get ekki séð að nokkur af þessum gögnum hafi nokkurt sönnunargildi um annað en að þetta sé pappír.“*
Jakob R. Möller, verjandi Tryggva Jónssonar, gerði athugasemd við skjöl sem saksóknarinn vísaði til, og taldi tilgang þess fremur takmarkaðan.



*„Náði hann að trufla skýrslutökuna af Kjartani?“*
Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, spurði ritarann í gamansömum tón hvort farsími saksóknarans hefði truflað upptöku af skýrslugjöf Kjartans Gunnarssonar, eftir að saksóknari upplýsti að hann hefði gleymt að slökkva á farsímanum eins og skylt er að gera í réttarsalnum.



*„Þessar mikilvægu upplýsingar komust ekki inn á bandið.“*
Arngrímur Ísberg dómsformaður virtist ekki sérlega áhyggjufullur yfir þeim möguleika að upptakan af vitnisburði Kjartans Gunnarssonar væri ekki skýr, enda gerði hann lítið annað en að staðfesta það sem þegar var vitað.



*„Er því ekki bara ofboðið?“*
Brynjar Níelsson, verjandi Jóns Geralds Sullenberger, hafði áhyggjur af álaginu á tölvukerfið í héraðsdómi eftir rúmar fimm vikur í réttarsal þegar það gafst tímabundið upp á fimmta tímanum í gær og upptaken í réttarsalnum hætti að virka.

## BAUGSMÁLIÐ Á NÆSTUNNI

Vitnaleiðslum í Baugsmálinu lauk í gær og nú verður gert hlé á aðalmeðferðinni út vikuna til þess að lögmenn hafi tíma til að undirbúa sig fyrir munnlegan málflutning. Hann hefst svo mánudaginn 26. mars og mun samkvæmt áætlun standa í fjóra daga.

Samkvæmt útreikningum Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands og Samtaka atvinnulífsins munu árvissar tekjur Hafnfirðinga af stærra álveri í Straumsvík nema um einum og hálfum milljarði króna. Það jafngildir

# 250 þúsund króna viðbótartekjum á ári

fyrir hverja fjögurra manna fjölskyldu. Óháð sveiflum í íslensku efnahagslífi. Það er kjarni málsins.

Samkvæmt nýgerðu samkomulagi við ríkisvaldið um skattaumhverfi álversins munu tekjur Hafnfirðinga af stækkun álversins og breyttu skattaumhverfi þess verða umtalsverðar. Samkvæmt útreikningum Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands munu beinar skatttekjur bæjarfélagsins af Alcan verða rúmar 800 milljónir króna. Aðrar tekjur bæjarsjóðs vegna aukinna umsvifa fyrirtækja sem eiga viðskipti við álverið og annarra afleiddra starfa og umsvifa atvinnulífs í Hafnarfirði verða um 600 milljónir króna skv. útreikningum hagfræðinga Samtaka atvinnulífsins. Þetta jafngildir alls ríflega 60 þúsund krónum á hvern bæjarbúa eða kvartmilljón fyrir hverja fjögurra manna fjölskyldu – á hverju ári.

Tekjur Hafnfirðinga af rekstri álversins eru að langstærstu leyti óháðar afkomu þess. Þær munu skila sér óháð sveiflum í íslensku efnahagslífi, óháð aflabrögðum, þróun á alþjóðlegum hlutabréfamörkuðum, gengi íslenskrar krónu, vaxtastigi í landinu og öðrum áhrifavöldum á afkomu þjóðarinnar á hverjum tíma. Þær koma til viðbótar við allar aðrar tekjur sem bæjarsjóður getur haft – meðal annars af annarri iðnaðar- og atvinnustarfsemi sem áformað er að byggja upp í nágrenni álversins – og eflaust má koma mun víðar fyrir í landi bæjarins ef eftirspurn verður meiri en framboð á næstu árum. Það er kjarni málsins.

| Ávinningur Hafnarfjarðar af stækkun álversins | |
|---|---|
| Skattgreiðslur Alcan | 800 millj. kr. |
| Heildartekjur bæjarsjóðs | 1,4 milljarðar kr. |
| Tekjur bæjarins á hverja fjögurra manna fjölskyldu | 250 þús. kr. |

**Stækkun álversins skapar 1.150 ný störf**

350 ný störf í Straumsvík
800 ný afleidd störf

straumsvik.is

ALCAN BETRA ÁLVER

**Morgunverðarfundur** hjá Félagi MBA-HÍ

Miðvikudaginn 21. mars 2007 – Nordica Hótel – Salur 1 – kl. 8:15

***Hefur lækkun virðisaukaskatts og vörugjalds á matvæli skilað sér til neytenda?***

**Guðrún Ragnheiður Jónsdóttir,**
deildarstjóri vísitöludeildar
Hagstofu Íslands

**Jóhannes Gunnarsson,**
formaður
Neytendasamtakanna

Á fundinum reifa frummælendur spurningu dagsins.
Áhugavert fundarefni, morgunverður innifalinn
og líflegar umræður að framsögu lokinni.

Vinsamlegast skráið ykkur með því að senda póst á: mbahi@mbahi.is
Aðgangseyrir með morgunverði er 2.500 kr.

Hlutverk Félag viðskiptafræðinga MBA frá Háskóla Íslands er að stuðla að faglegum og félags-legum ávinningi þeirra sem útskrifast hafa með MBA prófgráðu frá Háskóla Íslands og að styðja við áframhaldandi þróun og framgöngu námsins.

**Aðalfundur VM, Félags vélstjóra og málmtæknimanna**

haldinn á Grand Hótel Reykjavík
24. mars 2007 kl. 14:00.

Dagskrá aðalfundar:

1. Skýrsla stjórnar
2. Reikningar félagsins
3. Breytingar á lögum og reglugerðum
4. Kosning uppstillinganefndar
5. Önnur mál

VM
Félag vélstjóra
og málmtæknimanna

Skráning í síma 575 9805 og á kristin@vm.is

**Að fundi loknum verður úthlutað í fyrsta sinn úr Akki, Styrktar- og menningarsjóði vélstjóra og vélfræðinga.**

ÍSLENSKA/SIA.IS ÚTI 36300 02/07




**Flott hugmynd að fermingargjöf**

**Kira 3**
Frábært kúlutjald með stóru fortjaldi.

**Fermingartilboð**
**9.990 kr.**
Verð áður 11.990 kr.
Tjöld frá 6.990 kr.

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 ○ GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 ○ KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

ÚTILÍF

Sjómennirnir sem fórust á Ísafjarðardjúpi:

# Verða jarðsettir hlið við hlið

**SLYS** Hvorki rannsóknardeild lögreglunnar á Ísafirði né rannsóknarnefnd sjóslysa getur að svo stöddu varpað nánara ljósi á orsakir þess að fiskibátnum Björgu Hauks hvolfdi á þriðjudagskvöld í síðustu viku og tveir menn um borð fórust.

Að sögn Skúla Bergs rannsóknarlögreglumanns er enn verið að afla gagna og skoða ummerki á bátnum sjálfum. Eins og fram hefur komið var vonskuveður þegar slysið varð.

Sjómennirnir hétu Eiríkur Þórðarson, 47 ára, og Unnar Rafn Jóhannsson, 32 ára.

Útför Eiríks verður gerð frá Ísafjarðarkirkju á föstudag klukkan tvö eftir hádegi. Útför Unnars verður á sama stað klukkan tvö á laugardag.

Að sögn Magnúsar Erlingssonar sóknarprests verða þeir Eiríkur og Unnar jarðsettir í kirkjugarðinum á Ísafirði þar sem þeir munu hvíla hlið við hlið. **- gar**



**EIRÍKUR ÞÓRÐARSON** Jarðsettur á föstudag.



**UNNAR RAFN JÓHANNSSON** Jarðsettur á laugardag.



**KATAINEN FAGNAR** Jyrki Katainen, formaður Hægriflokksins, fagnar úrslitunum í fyrrinótt. Hann gerir nú kröfu um ríkisstjórnarþátttöku. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Hægristjórn er líklegust í Finnlandi

**Hægriflokkurinn var sigurvegari þingkosninganna í Finnlandi og gerir nú tilkall til ríkisstjórnarsetu. Matti Vanhanen, forsætisráðherra og formaður Miðflokksins, hóf stjórnarmyndunarviðræður í gær.**

**FINNLAND** Hægriflokkurinn vann mikið á í þingkosningunum í Finnlandi á sunnudaginn. Hægriflokkurinn fékk 22,3 prósent atkvæða og er þar með annar stærsti flokkur landsins. Miðflokkurinn hélt nokkurn veginn sínu, fékk 23,1 prósent atkvæða, en jafnaðarmenn töpuðu nú í öðrum kosningunum í röð. Þeir fengu 21,4 prósent og eru þar með þriðji stærsti flokkur landsins.

Háværar raddir eru í Finnlandi um að Miðflokkurinn og Hægriflokkurinn myndi ríkisstjórn saman. „Það er erfitt að ímynda sér við þessar aðstæður að hægt sé að sneiða hjá Hægriflokknum í stjórnarmyndunarviðræðum. Niðurstaða kosninganna þrýstir á borgaralega ríkisstjórn þar sem Hægriflokkurinn og Miðflokkurinn hafa meirihluta þingsæta,“ skrifaði leiðarahöfundur Helsingin Sanomat í blaðinu í gær.

„Það er ekki hægt að sniðganga Hægriflokkinn í stjórnarmyndunarviðræðum nema með talsverðu ofbeldi,“ sagði Jyrki Katainen, formaður Hægriflokksins.

Úrslitin skiluðu Miðflokknum 51 af 200 sætum á finnska þjóðþinginu, en Hægriflokkurinn fékk einum fulltrúa færri og unnu þar með tíu þingmenn frá síðustu kosningum. Jafnaðarmenn fengu 45 þingmenn, átta færri en síðast. Þriðji núverandi stjórnarflokkurinn, Sænski þjóðarflokkurinn, vann eitt þingsæti til viðbótar og fékk nú níu menn kjörna. Græningjar bættu einnig við sig einum manni og fengu nú 15. Vinstrisósíalistar töpuðu hins vegar fylgi og fengu nú 17 menn kjörna.

Óformlegar stjórnarmyndunarviðræður hófust strax í gær undir forystu Mattis Vanhanen, forsætisráðherra og formanns Miðflokksins. Gert er ráð fyrir að ný stjórn verði mynduð innan mánaðar.

Niðurstaða kosninganna er áfall fyrir jafnaðarmenn en fyrir kosningarnar fyrir fjórum árum var Jafnaðarmannaflokkurinn stærsti flokkur landsins. Litið er á þetta sem áfall fyrir hinn nýja leiðtoga jafnaðarmanna, Eero Heinäluoma. Vanhanen og Heinäluoma létu á sér skilja í kosningabaráttunni að þeir vildu halda samstarfi sínu áfram eftir kosningar.

Kjörsókn nam aðeins 67,8 prósentum en fyrir fjórum árum greiddu atkvæði 69,7 prósent atkvæðisbærra manna. Kjörsókn hefur yfirleitt verið rétt um 70 prósent í þingkosningum í Finnlandi. **- ghs/aa**

**ÞINGKOSNINGAR Í FINNLANDI**

| | | |
|---|---|---|
| 1 | Miðflokkurinn | 23,1% |
| 2 | Hægriflokkurinn | 22,1% |
| 3 | Jafnaðarmannaflokkurinn | 21,5% |
| 4 | Vinstribandalagið | 8,8% |
| 5 | Græningjar | 8,5% |
| 6 | Kristilegir demókratar | 4,9% |
| 7 | Sænski þjóðarflokkurinn | 4,5% |
| 8 | „Sannir Finnar“ | 4,1% |
| 9 | Aðrir (Álandseyjar) | 0,5% |




Heimild: FNB




# 30% afsláttur af baðinnréttingum









Einnig fáanlegar
með ekta
granít eða
marmara
borðplötum

**Hannaðu þitt eigið baðherbergi með vörunum frá okkur**

INNRÉTTINGAR & TÆKI

www.i-t.is - fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09–18 • laugardaga kl. 11–15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

Einföldun stjórnsýslu og fækkun ráðuneyta nauðsynleg að mati Viðskiptaráðs:

# Fækka má ráðuneytum í sjö

**STJÓRNSÝSLA** Viðskiptaráð Íslands telur að verulega megi einfalda stjórnsýslu á Íslandi með fækkun ráðuneyta og stofnana. Í nýrri stefnuskrá ráðsins er mælt með fækkun ráðuneyta úr fjórtán í sjö með stofnun eins velferðarráðuneytis og eins atvinnuvegaráðuneytis. Forystumenn allra stjórnmálaflokka hafa að undanförnu sett fram sjónarmið og hugmyndir um nauðsyn þess að endurskipuleggja stjórnarráðið.

Erlendur Hjaltason, formaður ráðsins, fjallaði um einföldun stjórnsýslunnar á Viðskiptaþingi 2007 og setti fram þá spurningu af hverju verkaskipting ráðuneyta sé ekki einfölduð með það að markmiði að auka slagkraft þeirra og tryggja að heildarhagsmunir séu hafðir að leiðarljósi. „Það er til dæmis mun eðlilegra að öll ráðuneyti sem vinna að málefnum atvinnulífs séu sameinuð í einu atvinnuvegaráðuneyti,“ sagði Erlendur. „Með því yrði tryggt að heildarhagsmunir séu hafðir að leiðarljósi. Staða atvinnugreina á Íslandi er allt önnur en þegar núverandi kerfi var sett á.“



**FRÁ VIÐSKIPTAÞINGI 2007** Erlendur Hjaltason, formaður Viðskiptaráðs, og Halla Tómasdóttir, framkvæmdastjóri ráðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Friðrik Jón Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍÚ, og Haraldur Benediktsson, formaður Bændasamtaka Íslands, segja að sameining ráðuneyta sem fara með málefni sjávarútvegs og landbúnaðar hafi ekki verið rædd sérstaklega. - shá

Fyrirtaka í héraðsdómi:

## Enn eitt olíumálið tekið fyrir

**DÓMSMÁL** Mál stóru olíufélaganna þriggja, Ker, áður Olíufélagsins, Skeljungs og Olís, gegn samkeppnisyfirvöldum og íslenska ríkinu var tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Olíufélögin krefjast þess að ógiltur verði úrskurður samkeppnisyfirvalda en olíufélögin voru látin greiða samtals 1,5 milljarða í sekt fyrir samráð á árunum 1993 til og með meirihluta ársins 2001.

Heimir Örn Herbertsson, lögmaður íslenska ríkisins og samkeppnisyfirvalda, lagði fram matsbeiðnir í gær og var málinu frestað fram yfir páska. Lögmaður Skeljungs er Hörður F. Harðarson, lögmaður Olís Gísli Baldur Garðarsson og lögmaður Kers Kristinn Hallgrímsson. - mh

Bílar skemmdir eftir árekstur:

## Skullu saman á einbreiðri brú

**LÖGREGLUMÁL Allharður árekstur varð á þjóðvegi 85, milli Akureyrar og Húsavíkur, í gærmorgun.**

**Slysið átti sér stað á brúnni yfir Skjálfandafljót. Þar skullu fólksbíll og jepplingur saman og skemmdust báðir bílarnir töluvert. Ekki urðu slys á fólki.**

**Slysið varð við austurenda brúarinnar sem er einbreið.** - þo



**ÁLVERIÐ** Skýrsla Hafnarfjarðarbæjar um kostnað og ábata Hafnfirðinga af hugsanlegri stækkun álvers var kynnt í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Tekjuauki 4,7 milljarðar

**Tekjuauki af stækkun álvers Alcan í Straumsvík gæti numið 3,4 til 4,7 milljörðum á næstu fimmtíu árum samkvæmt skýrslu Hagfræðistofnunar HÍ.**

**STÓRIÐJA** Tekjuauki Hafnfirðinga af stækkun álvers Alcan í Straumsvík, þar með taldar tekjur af höfninni í Straumsvík, er á milli 3,4 til 4,7 milljarðar króna yfir fimmtíu ára tímabil. Þetta kemur fram í skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands sem unnin var fyrir Hafnarfjarðarbæ og kynnt var í gær.

Þetta samsvarar tekjuauka upp á 140 til 200 þúsund króna á hvern íbúa, að því er fram kemur í skýrslunni. „Mér finnst það vera mikilvægt að þessi gögn liggi fyrir og ég tel það skipta miklu máli fyrir upplýsta umræðu að geta skoðað málin í samhengi. En það liggur ljóst fyrir að tekjuauki bæjarins af því að nýta landið á þennan hátt er töluverður umfram það sem hann væri ef ekki kæmi til stækkunar, en svo eru ýmsir aðrir þættir sem þarf að vega og meta, til dæmis umhverfisþættir,“ sagði Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri í Hafnarfirði, á fundinum eftir að doktor Gunnar Haraldsson hafði kynnt efni skýrslunnar fyrir hönd Hagfræðistofnunar.

Í skýrslunni er gert grein fyrir niðurstöðum greiningar sem takmarkast við þann tíma sem álverið verður að líkindum í rekstri. Svæðisbundin áhrif sem bygging álversins hefur á hag Hafnfirðinga á framkvæmdatíma eru ekki skoðuð sérstaklega né heldur þjóðhagsleg áhrif, en í skýrslunni er metin sú staða, út frá gefnum forsendum, hver tekjuaukinn yrði umfram aðra nýtingu á landsvæðinu þar sem álverið er upp byggt.

Gert er ráð fyrir því að framleiðsla hefjist 2011 í stækkuðu álveri og verði rekið í 50 ár. Ekki er tekið tillit til umhverfisskaða í skýrslunni sem stækkunin hugsanlega veldur né horft til hugsanlegs ávinnings af minnkun þynningarsvæðisins og áhrifa þess á nýtingu lands.

Hrannar Pétursson, upplýsingafulltrúi Alcan, segir Hagfræðistofnun Háskóla Íslands hafa skilað af sér skýrslu í síðustu viku sem staðfesti að Hafnarfjarðarbær fengi 800 milljónir króna á ári vegna álversins. „Úttekt sem Hagfræðistofnun vann fyrir Alcan og skilað var til okkar í síðustu viku staðfestir að beinar tekjur Hafnarfjarðarbæjar yrðu 800 milljónir króna á ári,“ segir Hrannar og bendir á að hagfræðingar Samtaka atvinnulífsins hafi reiknað út að viðbótartekjur Hafnarfjarðarbæjar nemi um 600 milljónum króna á ári. „Hagfræðistofnun hrekur ekki þessi útreikninga heldur staðfestir þvert á móti stóran hluta þeirra.“

Pétur Óskarsson, forsvarsmaður samtakanna Sól í Straumi, sem beitir sér gegn stækkun álversins, telur skýrsluna skýra málið. „Það hafa verið uppi á borðinu upplýsingar um að Alcan borgi 800 milljónir króna á ári til Hafnarfjarðarbæjar eftir stækkun en þessi skýrsla sannar að það er rangt. Án hafnargjalda er verið að tala um 110 milljónir króna á ári og það er rétt að líta á það sem staðreynd hér eftir.“ magnush@frettabladid.is

### PUNKTAR ÚR SKÝRSLU

* Tekjuauki bæjarins á hverju ári er metinn á 170 til 230 milljónir króna eða sem svarar sex til átta þúsund krónum á hvern Hafnfirðing.
* Í skýrslunni kemur fram að ólíklegt sé að stækkun álvers „breyti nokkru um atvinnuleysi í Hafnarfirði þegar fram í sækir“.
* Tekjur af höfninni í Straumsvík má samkvæmt hafnalögum aðeins nýta til reksturs hafna og endurbóta á þeim. Ef þessum tekjum er sleppt, nemur tekjuaukinn 2,2 milljörðum króna, eða um 90 þúsund krónum á hvern íbúa.
* Möguleiki á því að álverið hætti starfsemi ef ekki verður af stækkun. Fari svo, gæti núvirt tekjutap numið um 600 milljónum króna á öllu tímabilinu, það er á 50 árum.
* Grunnforsenda skoðunarinnar er sú að skoða hver tekjuaukinn gæti verið, umfram aðra nýtingu á því landsvæði sem til grundvallar liggur í stækkunaráformum.







OPIÐ HÚS



VIÐSKIPTA- OG HAGFRÆÐIDEILD – FÉLAGSVÍSINDADEILD

Komdu í heimsókn í Odda

Miðvikudaginn 21. mars verða félagsvísindadeild og viðskipta- og hagfræðideild með kynningu á öllu meistara- og diplómanámi deildanna frá kl. 16:00–18:00 í Odda við Sturlugötu.

Þar verður kynnt fjölbreytt og skemmtilegt nám.

Gríptu tækifærið!

Umsóknarfrestur er 15. apríl

Allar nánari upplýsingar á heimasíðu deilda:
felags.hi.is og vidskipti.hi.is

HÁSKÓLI ÍSLANDS
www.hi.is

Fulltrúi Landgræðslunnar segir utanvegaakstur í sjávarkömbum óréttlætanlega:

# Greiða sandfokinu leið í land

**UMHVERFISMÁL** „Það er aldrei hægt að réttlæta þetta,“ segir Guðjón Magnússon, sviðsstjóri almannatengslasviðs Landgræðslu Íslands, um akstur vélknúinna ökutækja á landgræðsluvæði við Þorlákshöfn.

Fréttablaðið hefur sagt frá því að einstaka jeppamenn og vélhjólamenn hunsi bann við akstri utanvega í uppgræddum sandi við ströndina milli Þorlákshafnar og Ölfusár. Guðjón segir sjávarkambinn mikilvægan til varnar sandfoki.

„Það er náttúrlega bæði bannað og óæskilegt að það sé verið að djöflast í sjávarkambinum og inni á þessu svæði. Það er hætt við að það verði rofsár í kambinum og sandurinn eigi þá greiðari leið inn í land. Menn verða að losna við hrollinn úr sér með öðrum hætti en að spæna þarna upp á vélknúnum ökutækjum,“ segir Guðjón.

Landgræðslan á gott samstarf við forystumenn félaga vélhjóla- og jeppamanna. „Þeir hafa unnið vel í sínum málum en það er erfitt að eiga við þá sem láta sér ekki segjast,“ segir Guðjón.

Svæðið frá Ölfusá til Selvogs var skilgreint sem landgræðslusvæði árið 1935. Guðjón segir að eftir 1950 hafi verið ráðist í stórfelldar aðgerðir með ræktun melgresis til að verja Þorlákshöfn fyrir sandfoki: „Þetta er ein af mestu og best heppnuðu landgræðsluaðgerðum á landinu. Það er mjög æskilegt að við mannskepnurnar leggjum ekki eyðileggingaröflunum lið.“ - gar



**LAGT TIL ATLÖGU** Ökumaður þessa jeppa var fyrr í þessum mánuði í sunnudagsbíltúr í sjávarkambinum austan Þorlákshafnar. MYND/ÞORVALDUR STURLUSON

Reiður vegna umferðarslyss:

# Barði ökumann

**DÓMSMÁL** Tvítugur karlmaður hefur í Héraðsdómi Reykjaness verið dæmdur í sex mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að slá jafnaldra sinn í andlitið með glerflösku í október árið 2005 með þeim afleiðingum að fórnarlambið hlaut þriggja sentimetra langan skurð á enni.

Frændi árásarmannsins hafði verið farþegi í bíl sem fórnarlambið ók fyrr á árinu. Þeir lentu í bílslysi og slasaðist umræddur frændi alvarlega. Árásarmaðurinn mun hafa erft þetta svo við ökumanninn að hann réðst á hann.

Hann var einnig dæmdur til að greiða fórnarlambinu 133 þúsund krónur í bætur. - sh



**FRÍHÖFN** Stærri fríhöfn var opnuð við hátíðlega athöfn.

Brottfararverslun stækkuð:

# Fríhöfnin nú tvöfalt stærri

**VERSLUN** Fríhöfnin hefur opnað nýja verslun fyrir brottfararfarþega á annarri hæð Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Gólfflötur verslunarinnar er 1.150 fermetrar, sem er nánast tvöföldun frá því sem áður var.

Tilgangurinn með stækkuninni er að sýna vörurnar með markvissari hætti en áður. Vöruúrval verður svipað og til skamms tíma þar til um næstu mánaðamót þegar ELKO opnar raftækjaverslun og Skífan verslun með tónlist og annað afþreyingarefni. - rve



**ÞRIÐJI MAÐURINN** Miðjumaðurinn Francois Bayrou nýtur vaxandi vinsælda. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Forsetakosningar í Frakklandi:

# Nicolas Sarkozy eykur forskotið

**FRAKKLAND, AP** Nicolas Sarkozy, forsetaframbjóðandi stjórnarflokks Gaullista í Frakklandi, hefur aukið forskotið lítið eitt á höfuðkeppinautana samkvæmt nýrri könnun TNS-Sofres. Hann mælist nú með 31 prósents fylgi, sósíalistinn Segolene Royal með 24 prósent og miðjumaðurinn Francois Bayrou 22 prósent.

Hlutfall kjósenda sem hefur ekki gert upp hug sinn er enn mjög hátt, 39 prósent.

Í könnuninni kom einnig fram að ef Bayrou skyldi komast í úrslitaumferð kosninganna, sem fram fer 6. maí, myndi hann vinna hvort sem er Sarkozy eða Royal. - aa

**BANDARÍKIN**

## Skotin fimm sinnum í svefni

Öldruð kona komst lífs af eftir að vera skotin fimm sinnum þar sem hún svaf í rúmi sínu á mánudagsmorgun í Flórída. Þrír menn sáust yfirgefa hús konunnar, sem er 88 ára gömul, og telur lögregla að árásin hafi verið skipulögð.





**Nissan Navara**

Ertu að leita að hinum fullkomna pallbíl? Þú þarft ekki að leita lengra. Nýjum Navara er ekkert ofviða. Hann er einstaklega sterkbyggður, kraftmikill og spennandi í akstri. Navara er smíðaður fyrir stritið í dagsins önn og býr að auki yfir öllu því úthaldi sem tómstundir þínar krefjast. Navara er fremstur í sínum flokki, enda mest seldi pallbíllinn í Evrópu árið 2006. Engan skyldi undra, Navara skarar einfaldlega svo áberandi mikið fram úr.

**Verð frá 3.060.000 kr.**



**Nissan Pathfinder SE**
Verð **4.950.000** kr.



Stundum er staðreyndin einfaldlega sú að það besta er ódýrara. Nissan Pathfinder er jeppi í alhæsta gæðaflokki en þó er hann bestu kaupin í dag. Pathfinder er leiðandi bíll á öllum sviðum, með hreint magnaðan staðalbúnað.

**Tilboð í mars: 32" dekk, stigbretti, dráttarkrókur, vindskeið og Garmin Nuvi 660 leiðsögutæki frítt með.**

**Nissan Murano**
Verð **5.490.000** kr.



Þessi fjórhjóladrifni jaxl sem sameinar glæsileika sportbílsins og notagildi SUV-bílsins (Sports Utility Vehicle) vekur athygli hvar sem hann kemur. Murano býður upp á einstaka akstursánægju og fullkomnustu þægindi, enda eru engar málamiðlanir gerðar hvað varðar búnað, hönnun og aksturseiginleika. Vélin er kraftmikil 3,5 lítra V6, að góðu kunn úr Nissan 350Z sportbílnum, og skilar 234 hestöflum.

**Ingvar Helgason** | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00 og laugardaga kl. 12.00 - 16.00

Umboðsmenn um land allt | Akranesi 431 1376 | Akureyri 464 7940 | Höfn í Hornafirði 478 1990 | Njarðvík 421 8808 | Reyðarfirði 474 1453



**SUNDLEIKFIMI** Átta franskar stúlkur sýna listir sínar í sundleikfimi á heimsmeistaramóti í sundi sem haldið er í Melbourne í Ástralíu. NORDICPHOTOS/AFP

Stækkun Evrópska efnahagssvæðisins til Rúmeníu og Búlgaríu:

# Samið um þróunargreiðslur

**EVRÓPUMÁL** Samkomulag hefur svo gott sem náðst um greiðslur EFTA-ríkjanna Íslands, Noregs og Liechtenstein í þróunarsjóð Evrópusambandsins vegna inngöngu Rúmeníu og Búlgaríu í Evrópska efnahagssvæðið, en löndin tvö gengu í Evrópusambandið um síðustu áramót. Þetta staðfesti Martin Eyjólfsson, skrifstofustjóri Evrópuskrifstofu utanríkisráðuneytisins. Hann segir allt stefna í að samkomulag verði í höfn fyrir næsta fund í sameiginlegu EES-nefndinni, sem haldinn verður á föstudag.

Segja má að EES-samstarfið hafi verið í uppnámi þessa fyrstu mánuði ársins, þar sem Evrópusambandið hefur ekki tekið í mál að afgreiða EES-mál fyrr en samningarnir um stækkun EES og tilheyrandi aukin þróunarsjóðsframlög yrðu í höfn.



**FÁTÆKT** Þróunarþörfin er mikil í atvinnuháttum í Rúmeníu og Búlgaríu. NORDICPHOTOS/AFP

Samkvæmt heimildum fréttavefjar norska blaðsins Aftenposten hljóðar samkomulagið upp á að EFTA-ríkin þrjú í EES greiði alls 60 milljónir evra aukalega vegna Rúmeníu og Búlgaríu, en það samsvarar um 5,4 milljörðum króna. Þar af greiða Ísland og Liechtenstein tvær milljónir evra eða tæplega 180 milljónir króna. Afganginn greiða Norðmenn, um 5,2 milljarða íslenskra króna.

Aðalröksemdin fyrir þróunarsjóðsgreiðslunum er að þær séu eins konar aðgangseyrir að hinum stækkaða innri markaði Evrópu. **- aa**

Leiðtogi SPD í Þýskalandi:

# Gagnrýnir eldflaugavarnir

**ÞÝSKALAND, AP Kurt Beck, leiðtogi þýska Jafnaðarmannaflokksins, gagnrýndi eldflaugavarnaáform Bandaríkjamanna í blaðaviðtali sem birt var í gær. Hann segir „enga þörf á nýjum eldflaugum í Evrópu“, og vísar þar til áforma um að koma upp bandarískum eldflaugavarnabúnaði í Póllandi og Tékklandi.**

**Þýskir ráðamenn, sem gegna nú formennskunni í Evrópusambandinu, hafa hvatt til umræðna um málið á vettvangi NATO.**

**Samkvæmt nýrri viðhorfskönnun í Póllandi eru 51 prósent Pólverja andvígir áformunum.** **- aa**

Dæmd fyrir fíkniefnabrot:

# Með kannabis og amfetamín

**DÓMSMÁL Þrjú ungmenni, tveir menn og ein kona, voru á föstudag dæmd til refsingar í Héraðsdómi Suðurlands fyrir brot á fíkniefnalöggjöfinni. Bifreið þremenninganna var stöðvuð af lögreglu 11. júlí í fyrra.**

**Reyndist ökumaður hennar alls óhæfur til að stjórna bifreiðinni vegna fíkniefnaneyslu. Í kjölfarið leitaði lögreglan á honum og farþegum hans. Fundust þá 82,26 grömm af kannabisefnum í fórum þeirra auk lítilræðis af amfetamíni.**

**Yngri manninum og konunni var gert að greiða sekt til ríkissjóðs auk þess sem maðurinn var sviptur ökuréttindum í 18 mánuði.**

**Sá eldri rauf skilorð með broti sínu og var dæmdur til fjögurra mánaða fangelsisvistar.** **- þsj**

Fiskneysla ungmenna dregst enn saman samkvæmt nýrri rannsókn:

# Matarvenjur í æsku hafa áhrif

**MATARÆÐI** Hætt er við að fiskneysla Íslendinga dragist enn meira saman í framtíðinni verði ekki gripið til aðgerða til að auka hana. Samkvæmt nýrri rannsókn á fiskneyslu ungmenna borðar ungt fólk á aldrinum 17 til 26 ára fisk 1,3 sinnum í viku. Það er talsvert minna en Lýðheilsustöð mælir með.

Rannsóknin náði til 1.735 ungmenna um allt land. Hún er samvinnuverkefni Matís ohf., Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands, Rannsóknarstofu í næringarfræði á Landspítala – háskólasjúkrahúsi og fyrirtækisins Icelandic Services. Emilía Martinsdóttir, verkefnastjóri hjá Matís, segir að niðurstöðurnar séu áminning um að standa vel á verði. „Það eru ýmsar leiðir færar til þess að auka fiskneyslu. Fiskur er til dæmis lítið auglýstur meðan hvers kyns skyndibiti er mikið auglýstur,“ segir Emilía.

Rannsóknin leiddi í ljós þrjá ólíka neysluhópa. Minnsti hópurinn var að mestu skipaður konum sem höfðu áhuga á heilsu og eldamennsku og borðuðu mikinn fisk. Í næsta hóp fóru 39% þátttakenda, aðallega karlmenn sem elduðu sjaldan sjálfir og kusu helst kjöt og skyndibita. Stærsti hópurinn, 43% þátttakenda, er mestan part konur sem njóta þess að borða fisk en segjast ekki kunna að matreiða hann.



**EMILÍA MARTINSDÓTTIR** Ungir foreldrar ættu að vera markhópur þeirra sem vilja auka fiskneyslu. MYND/MATÍS

„Þetta er sá hópur sem við þurfum að höfða til,“ segir Emilía og bendir á að aukið úrval af fljótlegum fiskréttum geti verið vænlegur kostur. „Við þurfum einnig að reyna að höfða til ungra foreldra. Rannsóknin sýnir að uppeldi hefur mikið að segja þegar kemur að fiskneyslu. Þeir sem borðuðu mikinn fisk í æsku voru líklegri til þess að borða mikinn fisk nú og þar með líklegri til þess að venja börnin sín á að borða fisk,“ segir Emilía.

Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra segir það mikil vonbrigði að fiskneysla ungra Íslendinga skuli ekki vera meiri en raun ber vitni. „Þetta ætti að verða okkur hvatning til að gera betur,“ segir Einar. **- þo**

Útvarpsstjóri í tvær vikur:

# Hefur engin áhrif á lífeyri

**FJÖLMIÐLAR** Bjarni Guðmundsson, sem gegnir tímabundið embætti útvarpsstjóra Ríkisútvarpsins, segir ráðninguna hafa lítil sem engin áhrif á lífeyrisskuldbindingar gagnvart sér. Þegar allt komi til alls sé munurinn „par þúsundkalla eða svo“. Hann vísar á bug fullyrðingum um annað.



**BJARNI GUÐMUNDSSON**

Bjarni tók við starfinu þegar Páll Magnússon var ráðinn útvarpsstjóri og framkvæmdastjóri RÚV ohf., sem tekur við starfsemi RÚV um næstu mánaðamót. Páll segir þetta hafa verið gert vegna þess að samkvæmt lögum megi útvarpsstjóri RÚV ekki sinna öðru starfi á meðan. **- sþs**





...SÉRSTAKLEGA ÞEGAR ÞÚ ÁTT DRAUMAHÚSNÆÐIÐ Á SPÁNI.

Við hjá Perla Investments höfum farsællega séð um að gera þennan draum að veruleika fyrir Íslendinga í tíu ár. Íslenskur löggiltur fasteignasali og íslenskt fagfólk leiðir þig áfram áreynslulaust, alla leið. Að eignast hús á Spáni er einfalt og öruggt með Perla Investments.

**Við þjónustum þig á alla lund, við meðal annars:**

- Útvegum þér allt að 100% lán á bestu mögulegu kjörum
- Veitum bankaábyrgðir á greiðslur
- Bjóðum þér upp á kynnisferðir til Spánar
- Sjáum um útleigu á húsnæðinu fyrir þig, auk alhliða fasteignaþjónustu: Viðhald – öryggi – tryggingar

PERLA INVESTMENTS

Perla Investments | Grensásvegur 13 | 108 Reykjavík | Sími: 545-0300 | Fax: 545-0309 | www.perla.is

Norsk-íslenska síldin:

# Mældu sex milljónir tonna

**SJÁVARÚTVEGUR** Norsk-íslenski síldarstofninn við Noreg mældist sex milljónir tonna í nýlokinni mælingu norsku hafrannsóknastofnunarinnar. Mæld var hrygningarsíld á svæðinu frá Mæri í suðri og norður um til Vesterålen á Lófótsvæðinu. Vegna þess hve sjávarhiti er hár er talið að hluti síldarinnar hafi þegar hrygnt og sé gengin af hrygningarsvæðinu. Því er stofnmatið talið vanmetið en ljóst að ástand stofnsins er gott.

Uppsjávarveiðiskipið Gardar sá um mælingarnar og var togað í tilraunaskyni á 42 togstöðvum auk bergmálsmælinga á öllu svæðinu sem farið var um. - shá



**STOLTIR FORELDRAR** Anna Sigríður Jóhannesdóttir og Óli Þór Magnússon fengu gjafabréf frá Reykjanesbæ fyrir skólagjöldum nýfæddra tvíbura í alþjóðlegum háskóla á Keflavíkurflugvelli.

Reykjanesbær:

# Nýir íbúar fengu gjafabréf

**REYKJANESBÆR** Íbúar Reykjanesbæjar urðu tólf þúsund talsins á dögunum þegar hjónunum Óla Þór Magnússyni og Önnu Sigríði Jóhannesdóttur fæddust myndarlegar tvíburadætur á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Reykjanesbæ.

Árni Sigfússon bæjarstjóri heimsótti fjölskylduna og færði íbúum númer 11.999 og 12.000 gjafabréf fyrir skólagjöldum á fyrsta ári í alþjóðlegum háskóla sem starfræktur verður við alþjóðaflugvöllinn í Keflavík. - ghs

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Stolinn bíll stórskemmdur

Bíl var stolið á Vopnafirði aðfaranótt mánudagsins. Bíllinn stóð fyrir utan atvinnuhúsnæði þegar hann var tekinn ófrjálsri hendi. Bílnum var ekið nokkurn spöl og skilinn eftir stórskemmdur. Lögreglan á Vopnafirði rannsakar málið.





Vegleg **tilboð** í DMK

Allt að 50% afsláttur!

Meðal þeirra fríðinda sem fylgja því að vera í *DMK þjónustu* SPRON er að reglulega eru fá en vegleg tilboð frá völdum fyrirtækjum auk þess sem viðskiptavinum í *DMK* býðst Einkaklúbbskortið frítt.

Með því að fara inn á **spron.is** getur þú kynnt þér þessi frábæru tilboð sem gilda til 1. júní 2007.

**Þau fyrirtæki, sem nú veita viðskiptavinum í *DMK* afslátt, eru:**

- *Casa*
- *InnX*
- *Sjónvarpsmiðstöðin*
- *Vouge*
- *Lystadún-Marco*
- *Ólavía og Oliver*

**Nýttu þér tækifærið – sæktu um DMK á spron.is**

spron

Nánari upplýsingar fást í næsta útibúi SPRON, í þjónustuveri í síma 550 1400 eða á spron.is



**ALLT ANNAÐ LÍF!** - með vinstri grænum

VINSTRIHREYFINGIN grænt framboð

Vinstri græn á ferð um landið



## „ORÐRÉTT“

*Með lífið að veði*

**„Þetta eru gladiatorar samtímans sem leggja allt í sölurnar til að skemmta okkur hinum.“**

SVAVAR HÁVARÐSSON ÚTSKÝRIR HUGPRÝÐI KEPPENDA Í SPURNINGAKEPPNUM.

**Fréttablaðið 19. mars**

*En útlendingar?*

**„Peningar eru gjaldmiðill sem enginn íslenskur ríkisborgari kemst hjá því að nota.“**

UNNUR H. JÓHANNSDÓTTIR VELTIR FYRIR SÉR GILDI PENINGA.

**Morgunblaðið. 19 mars**

*nær og fjær*
# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** GARÐAR GUÐMUNDSSON, VERSLUNARSTJÓRI LITAVERS

## *Enn að syngja og skemmta*



„Ég bíð í ofvæni eftir Cliff,“ segir Garðar Guðmundsson, verslunarstjóri Litavers og rokkari, sem sá af fáeinum mínútum til að segja frá hvað væri að gerast hjá sér. Eins og flestir landsmenn vita þá fer Cliff Richard að láta sjá sig í Laugardalshöll og verður það í fimmta skiptið sem Garðar ber hann augum. „Það er verið að vinna í því að ég fái að hitta hann og hugsanlega fæ ég mynd af mér með honum og úr því verður mögulega veggfóður.“ Garðar myndi hiklaust taka lagið með Cliff ef hann væri beðinn um það.

Fleira er í gangi hjá Garðari en bara Cliff en félag hans Grótta, sem hann stofnaði, verður formlega 40 ára í næsta mánuði. „Grótta er 40 ára en ég hef starfað fyrir félagið í 42 ár.“ Rokkskórnir eru ekki komnir á hilluna enn þá þar sem Garðar er enn að spila og næsta laugardag er hann einmitt að syngja á árshátíð í Grafarvogi með hljómsveit sinni Stuðgæjar. „Svo framarlega sem einhver vill hlusta er ég til í að syngja,“ segir hann og hlær við.

Söngferill hans nálgast óðfluga merk tímamót en næsta haust eru 50 ár liðin frá því að hann byrjaði að þenja raddböndin. „Hugsanlega verður afmælissýning í haust með góðum gestum.“ Einnig stendur til að gamlir slagarar fái andlitslyftingu í flutningi Garðars á væntanlegum geisladisk. „Þetta verða gamlar íslenskar perlur í nýjum útsetningum,“ segir Garðar að lokum.

## EYJUR:
### HEIMILI TÍUNDA HVERS JARÐARBÚA



■ Þrátt fyrir fámennið leggja Íslendingar sitt af mörkum til að tíundi hver jarðarbúi teljist til eyjarskeggja, en um 600 milljón manns búa á eyjum. Fjölmennasta eyríkið er Indónesía, en þar búa um 200 milljónir. Indónesíu tilheyra 13.667 eyjur, af þeim eru um 6.000 í byggð. Minnsta eyríkið er eyjan Nauru í Kyrrahafinu, sem er 21,28 ferkílómetrar. Nauru er jafnframt þriðja minnsta ríki heims.

## SJÓNARHÓLL
### TANNVERND BARNA



**VALUR FREYR EINARSSON**
Leikari

### *Þurfa að brosa breitt*

„Ég heyrði um þetta í fréttum og fannst heldur ýkt dæmin um að þriggja ára börn séu með alskemmdar tennur,“ segir Valur Freyr Einarsson leikari. Hann telur samt ekki að þarna sé einungis um að ræða hræðsluáróður.

Hann telur eðlilegt að tannvernd barna sé tryggð með forvörnum og endurgreiðslum úr tryggingakerfinu og finnst slæmt að foreldrar barna veigri sér við að leita til tannlækna vegna mikils kostnaðar. „Gjaldskráin fer hækkandi en niðurgreiðslan ekki.“

Sjálfur sér Valur um tannheilsu fjögurra barna sem hann segir vera í góðum höndum enda fari þau í árlegar skoðanir til tannlækna. Einfalt sé að halda tönnum heilbrigðum með þeim hætti. Valur bendir enn fremur á mikilvægi heilbrigðra tanna til að geta brosað breitt en það sé einmitt mikið gert af því í söngleiknum Legi sem hann tekur þátt í um þessar mundir.

# Veðurfar hefur áhrif á ostasölu

**Þorri landsmanna telur íslenskar mjólkurafurðir standa feti framar en aðrar samkvæmt skoðanakönnunum. Jóhann Jónsson, eigandi Ostabúðarinnar, veit hins vegar að ekki er alltaf það sama ostur og ostur og telur Íslendinga standa öðrum þjóðum að baki hvað ostamenningu snertir en þeir stefni þó í rétta átt.**

„Það er ekki spurning að ostamenning Íslendinga er að þroskast en íslenskir ostar eiga þó enn langt í land með að verða jafn góðir og þeir sem þekkjast erlendis,“ segir Jóhann. Hann hefur rekið Ostabúðina við Skólavörðustíg í sjö ár, keypti reksturinn af Osta- og smjörsölunni sem ætlaði að loka búðinni á sínum tíma.

Síðan hefur reksturinn dafnað og verslunin er orðin ein sú þekktasta á Skólavörðustígnum og í miðborginni allri. Jóhann segir það haldast í hendur við aukningu á sölu á erlendum ostum, sem og innlendum því íslenskir ostagerðarmenn hafi slegið í klárinn, eða kúna í þessu tilfelli, og úrval íslenskra osta aukist undanfarin misseri. „Ég held að lykillinn að fjölbreytni liggi í meiri samkeppni,“ segir Jóhann. „Ég held að meiri samkeppni milli mjólkurstöðva hér á landi væri til dæmis til bóta.“

Að ýmsu er að huga þegar ostur er valinn, sérstaklega með tilliti til meðlætisins. „Auðvitað er þetta smekksatriði en það er ágætt að hafa í huga að sterkur gráðaostur passar yfirleitt ekki með rauðvíni en bríur og rauðmygluostar henta hins vegar yfirleitt vel með góðu víni.“ Ráðþrota viðskiptavinir geta þó alltaf leitað ráðlegginga hjá starfsfólkinu, sem Jóhann segist hafa tekið djúgan tíma til að þjálfa. „Stúlkurnar sem vinna hjá mér hafa flestar verið hér í um fimm ár og hafa mikið vit á þessu,“ segir hann en neitar að þær hafi orðið búsældarlegri eftir að þær hófu störf í Ostabúðinni.“

Á ferðalögum erlendis notar Jóhann yfirleitt tækifærið til að bragða á nýjum ostum en segir ekki hlaupið að því að finna góðan ost til innflutnings. „Það er takmarkað hvað má flytja inn af ostum, til dæmis verður hann að vera gerilsneyddur sem setur oft strik í reikninginn.“

Af erlendum ostum í Ostabúðinni koma langflestir frá Frakklandi. Rauðmygluostar hvers konar og hollenskur gouda-ostur njóta mestra vinsælda en sjálfur heldur hann mikið upp á geitaost um þessar mundir sem passi vel með svo mörgu. Hann segir hins vegar að veðrið hafi greinileg áhrif á ostasöluna. „Sérstaklega þegar kalt er í veðri eins og undanfarna daga, þá tekur salan á raclette-ostum kipp upp á við.“ **bergsteinn@frettabladid.is**



**GIRNILEGT** Af erlendum ostum eru franskir ostar algengastir, hollenskur gouda er afar vinsæll en sjálfur heldur Jóhann mest upp á geitaost.



**JÓHANN JÓNSSON** Góðum erlendum osti er sýnd veiðin en ekki gefin því bannað er að flytja suma osta til landsins, til dæmis þá ógerilsneyddu.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA




HUGUR / AX STARFSMANNALAUSNIR

Ræddu við okkur um hvernig TOK hentar þér í síma 545 1000.

HugurAx Guðríðarstíg 2-4 www.tok.is


VORIÐ 2007
Vandaðar fermingargjafir
Pioneer
MEÐ FULLKOMNA FORYSTU
PIONEER DCS-353
5.1 RÁSA HEIMABÍÓKERFI
Kraftmikill 360W RMS magnari · HDMI útgangur skilar stafrænni mynd og hljóði alla leið · USB inngangur til að spila tónlist og sýna ljósmyndir beint af minniskubbum og MP3 spilurum
· Spilar öll DVD svæði, MP3, JPEG og DivX
3ja ára ábyrgð!
PIONEER–ORMSSON
Kr. 49.900
Nintendo
Nintendo DS Lite
LEIKJATÖLVA
BARA GAMAN!
BARA FLOTT!
Ein allra vinsælasta leikjatölva heims. Frábært leikjasafn.
Kr. 16.900
Nintendo
Wii
LEIKJATÖLVA
NÝ UPPLIFUN!
Nær 5 milljón Nintendo Wii leikjatölvur seldar á 3 mánuðum um allan heim.
Kr. 29.900
SHARP XL-MP2H
· Geislaspilari, útvarp og kassettutæki · Spilar MP3/WMA, CD-R/RW
· Fyrirferðalítil og smekklega hönnuð stæða · Magnari: 2 x 5W RMS
· AM/FM útvarp með RDS · Vekjaraklukka · Tónjafnari · Einföld og þægileg fjarstýring
Kr. 12.900
SHARP XL-UH220H
· 5 diska geislaspilari · Spilar MP3, CD-R/RW · Magnari: 2 x 50W RMS
· USB tengi - spilar tónlist beint af minniskubbum, MP3 spilurum o.fl.
· AM/FM útvarp með RDS og 40 stöðva minni · Vekjaraklukka
· 6 tónjafnarastillingar og X-BASS kerfi · Fullkomin fjarstýring
Kr. 35.900
SHARP LC-20SH1E
· 20" LCD-sjónvarp
· Svartur TFT LCD skjár
· Skjáform 4:3
· 200 stöðva minni
· Nicam stereo
· Textavarp
· Öll litakerfi (NTSC, PAL, PAL-M, PAL-N, SECAM)
· 170° sjónsvið
· Fjarstýring
· 2 ára ábyrgð
Kr. 59.900
OLYMPUS FE-210
· 7,1 milljón pixlar · 3x aðráttarlinsa (38-114mm)
· Stór 6,4cm (2,5") LCD skjár · 15 handhægar tökustillingar
· Tekur nærmyndir (macro) allt niður að 5 cm fjarlægð
Kr. 15.900
OLYMPUS Mju-760
· 7,1 milljón pixlar · Stór 6,4cm (2,5") LCD skjár · 3x aðráttarlinsa (37-111 mm) · Nett og veðurvarið málmhús · Dual hristivörn - fljótandi myndflaga og aukin ljósnæmni · BrightCapture tækni eykur myndgæði við litla birtu · Videoupptaka með hljóði · 23 handhægar tökustillingar
· Hleðslutæki og Lithium-Lon rafhlaða fylgja
Kr. 29.900
LEPTO®
the notebook company
4015-SE
· 15" XGA skjár
· Intel Pentium M750 1,86GHZ örgjörvi
· 512MB DDR2 háhraða vinnsluminni
· 80GB harður diskur
· Innbyggður DVD/CD skrifari, þráðlaust netkort, modem, kortalesari o.fl.
· 4 x USB2.0 tengi og 1 x Firewire
· Allt að 5 klst. rafhlaðöuending
Kr. 89.900
OLYMPUS SJÓNAUKAR
Gott úrval sjónauka af ýmsum stærðum.
Frá kr. 5.990
SAMSUNG
SAMSUNG YP-Z5F
Frábærir MP3 spilarar
– flottir, vandaðir og öflugir.
· 43 klst. rafhlöðuending
· Lita skjár
· 4 litir - svartur, hvítur, silfur, bleikur
· 1 GB = 14.900 kr.
· 2 GB = 19.900 kr.
· 4 GB = 27.900 kr.
Frá kr. 14.990
SAMSUNG
LE19R71B/W
· 19" LCD-sjónvarp
· Upplausn: 1440 x 900
· Skjáform: 16:9 (breiðtjald)
· Fáanlegt svart eða hvítt
· Svartími: 8 ms
· Contrast: 500:1
· Mynd-í-mynd (1 tuner)
· Hægt að nota bæði sem tölvuskjá og sjónvarp
· Tengingar: DVI, SCART, PC (VGA D-sub), AV, S-Video
Kr. 69.900
KVIKA
ORMSSON
BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA
ORMSSON SÍÐUMÚLA 9 SÍMI 530 2800
ORMSSON SMÁRALIND SÍMI 530 2900
ORMSSON RADIONAUST-AKUREYRI SÍMI 461 5000
ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160
ORMSSON PRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751
ORMSSON VÍK-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900
ORMSSON VÍK-REYÐARFIRÐI SÍMI 474 1477
ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038
ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515
– sjá nánar á www.ormsson.is

## Svona erum við

> Íslensk sveppauppskera í tonnum talið




Heimild: Hagstofa Íslands

# baksvið
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** HVERJIR TAKAST Á UM ÁLVERSSTÆKKUNINA Í HAFNARFIRÐI?

# *Hagur Hafnarfjarðar, Sól í Straumi og Alcan*

Kosningaumræðan um stækkun álversins í Straumsvík verður með fullum þunga í þessari viku með þremur umræðufundum sem bæjaryfirvöld í Hafnarfirði standa fyrir. Kosningarnar fara fram 31. mars. Segja má að þeir sem takist á um stækkun álversins skiptist í þrjá hópa: Alcan og starfsmenn þess, Hag Hafnarfjarðar og Sól í Straumi.



**Hvaða samtök eru Hagur Hafnarfjarðar?**

Hagur Hafnarfjarðar eru samtök sem voru stofnuð í febrúar 2007. Félagar eru bæði fyrirtæki og einstaklingar sem eru fylgjandi stækkun Alcan í Straumsvík og vilja efla atvinnulíf í Hafnarfirði. Félagar telja að hagur Hafnfirðinga fari saman með stærra álveri. Hagur Hafnarfjarðar hefur stundum verið lagður að jöfnu við Alcan en svo er ekki. Samtökin segjast berjast fyrir hag Hafnfirðinga allra en ekki hag Alcan sérstaklega, þó að þetta tvennt fari saman hvað stækkun varðar. Benda þeir sérstaklega á framtíð fyrirtækja sem þjónusta álverið.

**Hvernig er baráttu Alcan hagað?**

Alcan rekur kosningaskrifstofu á annarri hæð í verslunarmiðstöðinni Firði. Þar eru starfsmenn Alcan sem ræða við gesti og gangandi um hugsanlega stækkun og dreifa auglýsingabæklingum.

**Hvað er Sól í Straumi?**

Sól í Straumi er þverpólitískur hópur áhugafólks um stækkunarmálið í Straumsvík sem á það sameiginlegt að vilja vinna gegn stækkun álversins, hver á sínum eigin forsendum. Þátttakendur koma úr ólíkum áttum og hafa ólíkar stjórnmálaskoðanir en eiga það sameiginlegt að telja það óráðlegt að leyfa Alcan að stækka verksmiðjuna í Hafnarfirði.

## SPURT & SVARAÐ
**FRAMTÍÐARSÁTTMÁLINN**

## *Er framtíðin græn eða grá?*



**MARÍA ELLINGSEN**
Leikkona

Framtíðarlandið kynnti á sunnudag sáttmála um framtíð Íslands. Allri þjóðinni og ráðamönnum hennar er boðið að staðfesta hann. Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, er verndari hans og fjöldi nafntogaðra einstaklinga styður sáttmálann. María Ellingsen er einn af forsvarsmönnum Framtíðarlandsins.

**Hvað er Framtíðarsáttmálinn?**
Það sem hann felur í sér er að við viljum ná andanum, meta stöðuna og taka upplýstar ákvarðanir áður en lengra er haldið í uppbyggingu landsins. Í framtíðarsáttmálanum spyrjum við þig hvort framtíðarlandið sitt sé grænt eða grátt og hvetjum fólk og frambjóðendur til að skrifa undir sátt um græna framtíð.

**Hver er hvatinn að sáttmálanum?**
Að takmarka einhæfa nýtingu á fjölbreyttari og verðmætari tækifærum langt fram í tímann. Sáttmálinn á að vera leiðarljós þegar þýðingarmiklar ákvarðanir eru teknar um framtíð okkar. Þingmenn Íslendinga munu síðan fá sáttmálann sérstaklega sendan og beðnir um að svara honum.

# Úrlausnin verður að vera afgönsk

**Yfirlýst stefna fjölþjóðaliðsins í Afganistan (ISAF) er að aðstoða ríkisstjórnina við að koma á lögum og reglu í landinu. Talíbanar sóttu í sig veðrið árið 2004 og nú, rúmum fimm árum eftir innrás bandamanna, er enn ekki friðsamlegt í landinu. Tom Collins, ofursti í Bandaríkjaher og yfirmaður upplýsingamála hjá ISAF, fór yfir stöðuna með Fréttablaðinu.**



**Á VAKTINNI** Liðsmenn ISAF ásamt afgönskum hermönnum við eftirlit á vegi í Kabúl, þar sem sprengjutilræði var gert á bílalest í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



Klemens Þrastarson
**SKRIFAR FRÁ AFGANISTAN**

Tom Collins, yfirmaður upplýsingamála fjölþjóðaliðsins í Afganistan (ISAF) er fús til að viðurkenna að enn sé langt í land þar til ofangreint markmið náist. „Það mun taka mörg ár, ég veit ekki hversu mörg. Það er ákveðin lögleysa í samfélaginu sem erfitt er að ná tökum á,“ segir hann. Sérstaklega sé á brattann að sækja í Suður-Afganistan og við landamæri Pakistans, sem eru álíka löng og mörkin milli Mexíkós og Bandaríkjanna, en margfalt erfiðari að vakta.

„Margir telja að okkur gangi verr en áður, miðað við tölur um mannfall og fleira, en líta verður á að nú vinnum við á mun stærra svæði. Við höfum komið okkur fyrir um allt landið og það er ekki að furða, einnig miðað við fjölgun hermanna, að við lendum í fleiri skærum. Yfirvald er komið á staði sem voru utan laga áður.“

**Uppspretta samúðar**

Aðspurður hvort þessi útbreiðsla kunni ekki að vinna gegn markmiði hernámsins, með því að vekja aukna andstöðu meðal fólksins, sem hingað til hafi fengið að lifa eftir eigin lögum, segist Collins ekki útiloka það. „Venjulegur löghlýðinn afganskur borgari gengur um með AK-47 hríðskotabyssu á öxlinni,“ segir hann. Því sé afar erfitt að reyna að afvopna almenning. Andstaðan við hernámið er mest í suðurhluta landsins, þar sem talíbanar ríða um héruð.

„Í suðrinu er uppspretta samúðar með menningu talíbana, en það þýðir ekki að fólkið vilji hafa opinberar aftökur eða grípa til vopna gegn ríkisstjórninni. En við gerum okkur grein fyrir þessari andstöðu. Þessu fólki er ekkert sérstaklega hlýtt til talíbana, það sést á skoðanakönnunum sem hafa verið gerðar. Sjötíu til sjötíu og fimm prósent fólksins eru hlynnt veru ISAF í landinu. Það er augljóslega minni stuðningur í suðurhlutanum, þannig að þetta er flókið, en við styðjum lýðræðislega kjörna ríkisstjórn, sem hefur umboð Sameinuðu þjóðanna.“

**Vonleysi stríðshrjáðrar þjóðar**

Samkvæmt fyrrgreindum skoðanakönnunum hefur almenningur í landinu einnig minni trú á því að ástandið verði betra í framtíðinni en hann hafði tveimur árum fyrr. Spurður hvort þetta megi ekki rekja til einhverra mistaka í herförinni segir Collins að nú séu fimm ár síðan talíbönum var bolað frá völdum og vissulega hafi fólk búist við hraðari umbótum.

„Afganistan er fjórða fátækasta þjóð í heimi. Ef þú ferð til dæmis til afskekktra staða í suðrinu þá er þar ekki nokkur skapaður hlutur og hefur aldrei verið. Þar eru moldarkofar, engir vegir, ekkert drykkjarvatn eða heilsugæsla. Auðvitað vill fólk að þetta breytist en það mun taka langan tíma og mikið fé að ná fram breytingum.“

> Venjulegur löghlýðinn afganskur borgari gengur um með AK-47 hríðskotariffil á öxlinni.
>
> **TOM COLLINS**
> YFIRMAÐUR UPPLÝSINGAMÁLA HJÁ ISAF



Tom bendir á móti á að alþjóðaliðið hafi einnig náð miklum árangri. Ellefu þúsund kílómetrar af vegum hafi verið endurbættir og malbikaðir. „Og við þessa vegi eru nú heilsugæslustöðvar. En ef þú býrð ekki í grenndinni og þú sérð þær ekki, þá heldurðu að það sé ekkert í gangi og þá verður þú fyrir vonbrigðum. Og við sjáum að fullt af fólki er vonsvikið.“

**Heldur samvinnu en valdbeitingu**

Breska heimsveldið réðst þrisvar inn í Afganistan og þurfti frá að hverfa. Sovétríkin réðust inn í Afganistan árið 1979 og þegar mest lét voru þeir með 120.000 manna herlið. Þeir hrökkluðust frá tíu árum seinna. Hvers vegna ætti ISAF, með tæplega 37.000 manna herlið, að vegna nokkru betur?

„Afganar eru þreyttir á stríði. Þegar við komum hingað árið 2001 vorum við afar meðvitaðir um reynslu Rússa. Þeir misstu eitthvað um 15.000 menn og Afganar voru mjög meðvitaðir um að þetta væri hrein innrás í landið þeirra. Innrás trúlausra kommúnista gerði það að verkum að auðvelt var að virkja skæruliða gegn þeim. Þegar við komum vildum við ekki að þeir upplifðu okkar aðkomu eins og við værum að gera innrás. Við sendum því eins fáa hermenn og við töldum að heimamenn myndu umbera.“

Collins telur sýnt að nálgun Sovétmanna og Vesturveldanna sé gjörólík, sé litið til þess að sjötíu prósent fólksins styðji ISAF. „Við erum með umboð frá Sameinuðu þjóðunum [ólíkt Sovétmönnum] og vinnum með ríkisstjórninni. Við þurfum ekki fleiri hermenn. Við þurfum stærri afganskan her og betri og meiri löggæslu. Það verða á endanum Afganar sem taka ábyrgð á landinu. Við verðum ekki hér að eilífu, því lausnin á vandanum á að vera afgönsk lausn.“

## ALÞJÓÐLEGU ÖRYGGISSVEITIRNAR (ISAF)

Alþjóðlegu öryggissveitirnar í Afganistan, ISAF (International Security Assistance Force), eru samsettar af 37 þjóðum. Öll NATO-ríkin koma að starfinu, ásamt ellefu ríkjum til viðbótar, þeirra á meðal eru Albanía og Aserbaídsjan, Króatía, Svíþjóð og Sviss.

Í Afganistan eru 36.750 hermenn undir merkjum ISAF. Til stendur að þeir verði um 39.000 í lok næsta árs.

Aðgerðir ISAF í Afganistan hafa verið undir stjórn NATO síðan í ágúst 2003 og starfa í umboði Sameinuðu þjóðanna.

Íslendingar leggja ISAF til 17 liðsmenn Íslensku friðargæslunnar.


## Lotus Professional pappírsvörur

Á tilboði í mars 2007
LinStyle servíettur og dúkar, JustOne servíettur og servíettubox

Halldór Sigdórsson
Þjónn, aðstoðarverslunarstjóri hjá RV



2.388 kr.



**JustOne startpakki**
servíettubox og 600 servíettur

794 kr.



**LinStyle servíettur**
40x40cm, 50stk

25 ára 1982–2007 Rekstrarvörur

**Rekstrarvörur**
*- vinna með þér*
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

TUNGLIÐ RV6227A

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 7.331 **+0,21%** **Fjöldi viðskipta:** 378 **Velta:** 5.853 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Alfesca** | 8,35% | **Flaga** | 1,65% |
| **Atorka** | 1,84% | **Össur** | 1,19% |
| **FL Group** | 0,68% | **Icelandair** | 0,74% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 3,60 +0,00% ... Actavis 69,10 +0,29% ... Alfesca 5,06 +8,35% ... Atlantic Petroleum 610,00 +0,00% ... Atorka 6,65 +1,84% ... Bakkavör 63,80 +0,63% ... Eimskipafélagið 33,50 +0,00% ... FL Group 29,80 +0,68% ... Glitnir 26,30 +0,00% ... Kaupþing 1.004 -0,30% ... Landsbankinn 31,80 +0,63% ... Marel 75,50 -0,66% ... Mosaic Fashions 15,40 -0,65% ... Straumur-Burðarás 19,90 +0,51% ... Össur 124,50 -1,19%

**viðskipti**
Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Yfir 65 milljarða sjóður stofnsettur

**Kaupþing fer fyrir hópi fjárfesta í sjóði óskráðra félaga.**

Kaupþing, lífeyrissjóðir, fjárfestingarfélög og einstaklingar hafa sett á fót fjárfestingasjóðinn Kaupthing Capital Partners II og nemur stærð hans 65,5 milljörðum króna (hálfum milljarði punda). Kaupþing leggur fram 26,2 milljarða og eignast fjörutíu prósenta hlut. Vegna mikillar eftirspurnar var ákveðið að stækka sjóðinn en upphaflega ætlaði bankinn að safna 13-26 milljörðum frá fjárfestum.

Markmið sjóðsins er að fjárfesta í óskráðum fyrirtækjum og munu fjárfestingar Kaupþings í slíkum félögum framvegis renna inn í sjóðinn. Óskráðar eignir bankans um síðustu áramót verða ekki færðar inn.

Kaupthing Principal Investments, teymi innan vébanda Kaupþings sem sérhæfir sig í fjárfestingum í óskráðum félögum, stýrir sjóðnum.

Stærð sjóðsins auðveldar Kaupþingi að taka þátt í stærri verkefnum og skapar hugsanlega fleiri verkefni hjá öðrum sviðum bankans auk þess sem stefna bankans í óskráðum fjárfestingum verður skýrari. - eþa



**FRÁ AÐALFUNDI KAUPÞINGS** Í janúar var greint frá áformum um stofnun sjóðs utan um óskráðar fjárfestingar og er hann orðinn að veruleika.




**EITT AÐ ÚTIBÚUM ABN AMRO** Breskir fjölmiðlar segja stjórnir þriðja stærsta banka Bretlands og stærsta banka Hollands eiga í samrunaviðræðum.

# Samruni í farvatninu?

Fjölmiðlar í Bretlandi segja bankastjórn hins breska Barclays banka, þriðja stærsta banka Bretlands, hafa átt í samrunaviðræðum við ABN Amro, einn stærsta banka Hollands. Áætlað markaðsvirði sameinaðs banka er um 10.400 milljarðar íslenskra króna.

Gengi bréfa í ABN Amro tók stökk upp á við og hækkaði um átta prósent við opnun markaða strax á mánudag.

Sunday Times segir stjórn Barclays líta á sig sem riddarann á hvíta hestinum sem komi ABN Amro til hjálpar en hollenski bankinn hefur þurft að segja upp starfsfólki og selja eignir.

BBC hefur eftir greinendum að staða ABN Amro sé svo slæm að bankinn verði líklega seldur í einu lagi eða í einingum. - jab



**HÖFUÐSTÖÐVAR HALLIBURTON** Bandaríska olíufyrirtækið Halliburton ætlar að flytja höfuðstöðvar sínar til Mið-Austurlanda á næstunni.

# Halliburton í austurátt

Bandaríska olíufyrirtækið Halliburton ætlar að flytja höfuðstöðvar sínar frá Houston í Texasríki í Bandaríkjunum til Dubai í Sameinuðu furstadæmunum. Fyrirtækið horfir til þess að efla starfsemi sína í Mið-Austurlöndum með flutningnum.

Fyrirtækið landaði mikilvægum samningum í Írak eftir að stjórnvöldum þar í landi var velt úr sessi árið 2003. Stjórnendur Halliburton eru ekki ókunnugir Írak því fyrirtækið kom vinnslu við olíulindir af stað á ný í Persaflóastríðinu árið 1991.

Dick Cheney, varaforseti Bandaríkjanna, var forstjóri Halliburton árin 1995 til 2000 og er stór hluthafi í fyrirtækinu. - jab




**Ódýrasti sjálfskipti dísel jeppinn á markaðinum.***

**Nýir 2006 Freelander TD4 Summit.**



*skv. könnun á heimasíðum seljenda þann 7.mars.2007

**Vél:** 2,0 i "Common – Rail" Turbo dísel, 112 hestöfl, 260 Nm tog.
**Drif:** Sídrif með spólvörn og stöðugleikakerfi. ("Electronic Traction Control" = ETC).
**Bremsur:** ABS bremsukerfi og ( "Electronic brake distribution" = EBD ).
**Búnaður:** Sjálfskiptur 5 þrepa með "Commant Shift", vökvastýri, "16 álfelgur, leður og alcantara innrétting, litað gler, rafknúnar rúður, rafknúnir upphitaðir og aðfellanlegir útispeglar, loftkæling, hiti í framsætum, bakkskynjari, kastarar, líknabelgir, fjarstýrðar samlæsingar, þakbogar. "Metalic" lakk.
**Hljómgræjur:** Útvarp, CD spilari og 6 diska CD magasín.
**Eyðsla:** Uppgefið af Land Rover:
Utanbæjar 7,1 L/100 km.
Innanbæjar 11,3 L /100 km.
Blandaður akstur 8,6 L/100 km.
**Litir:** Dökkgrænn, dökkgrár, milligrár og silfur.
**Ábyrgð:** Tveggja ára verksmiðjuábyrgð.

**Listaverð: Listaverð með þessum búnaði er um 4.500 þúsund.**
**Afsláttur: 1 milljón.**

**Okkar verð: 3.490 þúsund.**
**Með glertopplúgu: 3.590 þúsund.**

**www.sparibill.is**

SPARI bíll
Skúlagötu 17 · Sími: 577 3344

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Íslendingar eru á rangri leið í tannverndarmálum barna og unglinga.

# Veisluhöld hjá Karíusi og Baktusi

JÓN KALDAL SKRIFAR

Ein helsta frétt liðinnar viku var vitnisburður íslenskra tannlækna um að mörg dæmi séu þess að þeir hafi meðhöndlað allt niður í þriggja ára gömul börn með fjölda tannskemmda. Kom þetta fram í fréttum af almennt bágborinni tannheilsu íslenskra barna og aðgerðaleysi heilbrigðisyfirvalda í þeim efnum.

Í tilfellum þriggja ára barna með skemmdar tennur er rétt að taka fram og undirstrika að þau tilvik eru miklu frekar mál fyrir barnaverndaryfirvöld heldur en heilbrigðiskerfið. Foreldrar sem ekki sinna tannburstun barna sína eru ekki hlutverki sínu vaxnir.

Að því sögðu þá er saga hrakandi tannheilsu íslenskra barna undanfarin ár eitthvað sem ríkisstjórnir þess tímabils bera mikla ábyrgð á: Umfram allt þeir ráðherrar sem setið hafa í heilbrigðisráðuneytinu.

Það er þó ekkert nýtt að Íslendingar séu illa tenntir enda nam tannburstinn hér seint land. „Nútíminn burstar í sér tennurnar í staðinn fyrir að fara með kvöldbæn,“ segir Jón Prímus í Kristnihaldi undir Jökli um þá miklu byltingu.

Í kringum 1990 hafði þó tekist með miklu átaki að stórbæta tannheilsu yngstu kynslóðanna og komast nokkurn veginn á par við hin Norðurlöndin.

Sú sæla stóð þó ekki lengi. Endir var bundinn á hana um miðjan tíunda áratuginn þegar íslenska ríkið sagði sig úr lögum við norræna heilbrigðismódelið í tannverndarmálum með því að hætta að endurgreiða tannlæknakostnað barna að fullu.

Nú er svo komið að á sama tíma og öll hin Norðurlöndin leggja börnum og unglingum til gjaldfrjálsan tannlæknakostnað til ýmist sautján eða nítján ára aldurs, er hlutdeild hins opinbera hér í kringum fimmtíu prósent. Jafnvel minni eftir því hver heldur um reiknistokkinn.

Og árangurinn af þessari kerfisbreytingu fer ekki á milli mála. Íslenskir krakkar eru með tvisvar sinnum fleiri skemmdar tennur en jafnaldrar þeirra í Svíþjóð.

Það sætir furðu að þetta skuli látið viðgangast.

Sá sem hér skrifar er lítill aðdáandi afskipta hins opinbera, en ef einhvers staðar er hægt að réttlæta að ríkið hafi vit fyrir þegnum sínum, þá er það þegar kemur að grundvallarþáttum heilsufars barna.

Skítt með það hvað fólk gerir sjálfu sér, en það er svo sannarlega hægt að minnka líkurnar á því að börn líði fyrir mögulegt hirðuleysi foreldra sinna. Eftirlit með tannheilsu barna á skólaskyldualdri á að vera jafn sjálfsagt og annað heilsufarseftirlit.

Nú eru um tíu ár frá því að samningur Tryggingastofnunar og Tannlæknafélagsins rann út. Eftir að samningaumræður runnu ítrekað út í sandinn virðist hafa komist á þögult samkomulag milli stofnunarinnar og tannlækna um að semja ekki. Við þær aðstæður getur Tryggingastofnun viðhaldið sinni lágu verðskrá, sem allar endurgreiðslur miðast við, og tannlæknar rukkað það sem þeim sýnist.

Það er kominn tími til að stokka upp þetta kerfi og stöðva veisluhöld þeirra bræðra Karíusar og Baktusar.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Tímaskekkja?

Í gildi eru lög, frá 23. maí 2002, sem heimila fjármálaráðherra að ábyrgjast skuldabréf vegna fjármögnunar nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar ehf. Fjármálaráðherra veitir ábyrgðina, „að uppfylltum þeim skilyrðum sem hann metur gild“ eins og orðrétt segir í lögunum. Hér vakna spurningar. 1. Er skynsamlegt að það sé fast í lögum að fjármálaráðherra hafi heimild til þess að ábyrgjast skuldabréf einkafyrirtækja? 2. Hefur engum þingmanni dottið í hug, í ljósi milljarða taps Íslenskrar erfðagreiningar á síðustu árum, að það sé óviðeigandi að ríkisábyrgðarheimild sé lögfest með þessum hætti, og sé því tímaskekkja sem þurfi að afnema úr lögum sem allra fyrst?



### Þreyta að trufla menn?

Þingmenn fóru mikinn í ræðupúltinu þegar ríkisábyrgðin var til umfjöllunar. Hörðustu stuðningsmenn frumvarpsins, sjálfstæðismennirnir Davíð Oddsson og Geir H. Haarde, voru vissir um að þetta væri alveg óskaplega mikilvægt mál. Þrjú atriði voru nefnd helst. 1. Verðum að halda deCODE, móðurfyrirtæki Íslenskrar erfðagreiningar, hér á landi. 2. Gríðarlega stór verkefni framundan. „Eðlilegt er að leitað sé eftir samstarfi við stjórnvöld“ sagði Geir í ræðu sinni þegar hann mælti fyrir frumvarpinu, í umræðu sem hófst klukkan 23.18 miðvikudaginn 10. apríl. „Við teljum þetta mál ekki aðeins réttlætanlegt heldur skynsamlegt,“ sagði Geir í lok ræðu sinnar, seint að kvöldi. Kannski spilaði þreytan inn í.



### Sjálfumgleði þingheims

„Þá má nefna að það er reynsla sumra þingmanna sem hætta á Alþingi eftir langa setu og lík áberandi störf í þjóðfélaginu að erfitt geti verið fyrir þá að fá vinnu á almennum markaði, m.a. vegna þess að þeir séu ekki taldir „heppilegir starfsmenn“. Þetta stendur í athugasemdum með frumvarpi til laga um eftirlaun þingmanna. Frumvarpið varð að lögum árið 2003. Halldór Ásgrímsson boðaði breytingar á lögunum en hætti þingstörfum áður en hann kom breytingunum til framkvæmdar.

Geir H. Haarde hefur ekki boðað breytingar á lögunum. Finnst þingmönnum, í fullri alvöru, fyrrnefnd röksemd boðleg sem forsenda fyrir því að þingmenn fái betri lífeyrisréttindi en aðrar starfstéttir?

# Skóli fyrir alla



INGA RÓSA ÞÓRÐARDÓTTIR

Í DAG | Menntamál

*Enn sem komið er vantar mikið á að hinn almenni grunnskóli geti mætt þörfum allra barna þrátt fyrir fullan vilja starfsfólks. Börn með Asperger-heilkenni eru aðeins lítill hópur fatlaðra barna og þau eru jafn misjöfn og þau eru mörg.*

Hugtakið „skóli fyrir alla“ hefur verið leiðarljós í íslensku skólastarfi undanfarin misseri. Í því felst að öll börn eigi þess kost að sækja nám í grunnskóla í sínu hverfi, hverjar sem aðstæður þeirra eru, og stærsta breytingin frá fyrri árum er kannski sú að fötluð börn gangi í sömu skóla og ófötluð.

Þessari hugmyndafræði hefur verið fylgt fast eftir í ýmsum sveitarfélögum, ekki síst höfuðborginni, og fáar efasemdaraddir hafa heyrst. Það er enda erfitt að vera andsnúinn þeirri hugmynd að öll börn eigi rétt á því að ganga í grunnskóla á sömu forsendum, burtséð frá aðstæðum þeirra á ýmsum sviðum. Auðvitað eiga öll börn að hafa þennan rétt en þá þarf að vera hægt að taka á móti öllum börnum á þeirra forsendum. Ýmsir kennarar hafa haft áhyggjur og efasemdir sín á milli en lítið látið til sín heyra enda sjálfsagt flestir sammála hugmyndafræðinni sem slíkri. Á fundi um „skóla fyrir alla“ í Reykjavík fyrir tveimur árum mátti þó heyra fjölmarga kennara láta í ljósi umtalsverðar áhyggjur af þessu stóra og erfiða verkefni sem þeir fengju hvorki undirbúning né svigrúm til að mæta.

Nýlega var haldin ráðstefna í Háskóla Íslands undir yfirskriftinni „Stuðningur við fjölskyldur barna“. Meðal frummælenda á þessari ráðstefnu var doktor Hannes Hafsteinsson og skömmu síðar var tekið við hann ákaflega fróðlegt og áhugavert viðtal í þættinum Vítt og breitt á Rás 1. Þar lýsti doktor Hannes þrautagöngu fjölskyldu sinnar með fatlað barn. Þegar barnið hóf grunnskólanám vöknuðu fljótlega hugmyndir um að ekki væri allt með felldu og óskað var eftir rannsókn hjá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Biðtími þá var átján mánuðir og doktor Hannes sagðist nýlega hafa heyrt að biðtími nú væri þrjú ár. Það er auðvitað fráleitt, ef rétt er, því börn þola enga bið í svona málum. Í þessu tilviki var biðin metin óásættanleg svo leitað var til einkaaðila þar sem barnið var greint með þunglyndi. Ári seinna flutti fjölskyldan til Kaupmannahafnar þar sem kennarar voru ósammála þessari greiningu og gerðu athugasemdir. Við því var brugðist hratt og örugglega, enginn biðtími, og fljótlega lá fyrir að um þunglyndi var ekki að ræða heldur Asperger-heilkenni. Þegar barnið var tíu ára flutti fjölskyldan til Álaborgar og þar komst barnið í skóla þar sem rekin er sérstök deild fyrir börn með Asperger-heilkenni. Lýsingar doktor Hannesar, sem er afi barnsins, á þeim breytingum sem þarna urðu eru sláandi. Á þremur vikum mátti sjá greinilegar framfarir í líðan þessa barns sem nú brosti, eignaðist félaga og tók framförum í námi. Fyrstu fjögur grunnskólaárin einkenndust m.a. af vanlíðan, einelti, sjálfsvígshugsunum og mikilli lyfjagjöf. Doktor Hannes hafði margar athugasemdir við aðstæður barnsins þessi fjögur ár en stærsta athugasemdin var sú að barnið hefði verið í „skóla fyrir alla“. Þetta var áhugaverð athugasemd frá nánum aðstandanda fatlaðs barns.

Hugmyndafræði „skóla fyrir alla“ er afar réttsýn og augljós. Auðvitað eiga öll börn að eiga jafnan rétt til grunnskólagöngu við sömu aðstæður. En þessum rétti þarf að fylgja ákveðið valfrelsi. Fötluð börn eiga líka rétt á skólagöngu við sitt hæfi og á sínum forsendum. Enn sem komið er vantar mikið á að hinn almenni grunnskóli geti mætt þörfum allra barna þrátt fyrir fullan vilja starfsfólks. Börn með Asperger-heilkenni eru aðeins lítill hópur fatlaðra barna og þau eru jafn misjöfn og þau eru mörg. Sum þeirra þrífast prýðilega í almennum skóla með þeim stuðningi sem þar er hægt að veita. Önnur gera það ekki, eins og áður nefnt dæmi sýnir. Skólayfirvöld í Álaborg hafa boðist til að koma til Íslands og ráðleggja um stofnun sérskóla fyrir börn með Asperger-heilkenni. Það góða boð hefur ekki verið þegið og enginn alþingismaður sá sér fært að mæta á þessa ráðstefnu í HÍ þrátt fyrir sérstakt boð þar um. Áhugasamir geta enn hlustað á þetta viðtal á vef Ríkisútvarpsins, dagskrá Rásar 1, frá 6. mars sl.

# Tilhugalíf stjórnarandstöðu

UMRÆÐAN

Össuri Skarphéðinssyni svarað



HELGA SIGRÚN HARÐARDÓTTIR

Framsóknarflokkurinn hefur verið Össuri Skarphéðinssyni hugleikinn að undanförnu og hefur hann ítrekað reynt að þvo hendur sínar af svikum Samfylkingarinnar við stjórnarskrármálið og af helberri ósvífni að gera framsóknarmenn ótrúverðuga. Síðast í Fréttablaðinu í gær.

**Viltu vera „memm“?**

Össur segir Jóni Sigurðssyni hafa verið boðinn forsætisráðherrastóll í skiptum fyrir sprenginguna á ríkisstjórnarsamstarfi. Samstarfi við Samfylkingu sem á langt í land með að vera stjórntæk vegna ítrekaðra uppþota, stefnuleysis og sundurlyndis. Þá er ónefnd aðild hennar að hinu sérkennilega kaffibandalagi sem vill reka bankana úr landi og boðar skerðingu kaupmáttar, útlendingahatur og minnkandi hagvöxt. Tilraunir til að táldraga formann Framsóknar bera innræti Össurar og kaffibandalagsins ekki fagurt vitni, enda mistókust þær. Nú er reynt að gera stjórnarskrárákvæðið sjálft tortryggilegt, þó ekki hafi fundist neitt athugavert við það á meðan á tilraunum til tilhugalífs við Framsókn stóð.

**Framsókn með báða fætur á jörðinni**

Framsóknarmenn voru þeir einu sem stóðu í báðar lappirnar í stjórnarskrármálinu. Sjálfstæðismenn spígsporuðu í kringum það, tvístraðir. Stjórnarandstaðan steig trylltan dans, og hneig svo niður á dansgólfinu og flúði þegar henni sjálfri var ekki boðið upp. Athyglissýki hennar jaðrar við andfélagslega persónuleikaröskun þar sem siðblinda, lygar og blekkingar eru meðal einkenna. Jón Sigurðsson, formaður Framsóknar, er sá sem enn stendur keikur, þrátt fyrir að stjórnarskrárákvæðið næði ekki inni á þessu þingi. Pökk sé stjórnarandstöðunni. Hann, af heiðarleika sínum, leiddi samningaviðræður og stóð vörð um gerða samninga. Það var hann sem lét ekki múta sér til þess að sprengja ríkisstjórnarsamstarfið á síðustu metrum þingsins. Það eru heilindi Jóns Sigurðssonar, sem Össur er í fýlu yfir, vegna þess að hann fékk ekki að leika aðalhlutverkið í leikritinu.

Jón Sigurðsson er sá formaður, sem ætti að verða næsti forsætisráðherra. Til þess hefur hann menntun, þekkingu og reynslu af flestum sviðum atvinnulífsins sem til þarf til viðbótar við óbilandi heiðarleika og heilindi. Geri aðrir betur.

*Höfundur er skrifstofustjóri þingflokks Framsóknarflokksins.*



Raunveruleikabarn er dúkka sem unglingar fá í fóstur yfir helgi og er forvörn sem ætlað er að stemma stigu við ótímabærum þungunum. Unglingarnir þurfa að vakna á nóttunni og gefa því að drekka.

HEILSA 2

## SILÍKON

Erfiðleikar við að ná kökum úr mótum heyra sögunni til með tilkomu silíkons í kökumótin. Mikið af heimilisáhöldum eru úr silíkoni sem hentar sértaklega vel við alla eldamennsku og bakstur.

HEIMILI 5





## ALLT HITT

**[HEILSA HEIMILI]**

**Rannsóknarhópur** LSH og Íslenskrar erfðagreiningar leitar til þeirra sem hafa nýlega fengið flensu eða fá hana á næstu vikum og mánuðum um þátttöku í rannsókn. Þeir sem hafa áhuga geta farið á heimasíðuna http://rannsokn.is/Fyrirspurn.htm eða í síma 520 2800.



**Barnaspítali** Hringsins fékk árið 2006 að gjöf alls 300 milljónir króna til styrktar rekstri hágæslueiningar fyrir inniliggjandi börn. Gefendur voru Jóhannes Jónsson kaupmaður og börn hans, þau Kristín Jóhannesdóttir og Jón Ásgeir Jóhannesson. www.lsh.is



**Sorpa** hvetur fólk til að skila notuðum rafhlöðum. Á endurvinnslustöðvum er hægt fá gefins sérstaka kassa fyrir rafhlöður sem Efnamóttakan hf. hefur látið útbúa. www.sorpa.is

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 20. mars, 79. dagur ársins 2007.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 7.30 | 13.35 | 19.43 |
| Akureyri | 7.14 | 13.20 | 19.28 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




# Kostir glúteinsóþols

Bryndís Arngrímsdóttir er hress og spræk eftir að hún vann bug á glúteinóþolinu. Nú stundar hún útiveru af krafti í náttúrufegurðinni á Akureyri þar sem hún býr.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA.IS

***Bryndís Arngrímsdóttir breytti lífi sínu þegar hún greindist með glúteinóþol.***

Bryndís Arngrímsdóttir tannfræðingur hafði um langt skeið þjáðst af magaverkjum og næringarskorti án þess að vita hvað amaði að. Þegar rannsókn leiddi í ljós að hún stríddi við glúteinóþol breytti hún um lífsstíl.

„Ég hef sennilega haft glúteinóþol frá fæðingu en það uppgötvaðist ekki fyrr en ég var komin á fertugsaldur. Ég var alltaf svo járnlaus að ég fór í magaspeglun samkvæmt læknisráði. Hún sýndi að þarmarnir höfðu glatað totunum sem þarf til að sjúga upp næringu og voru orðnir flatir. Því var ekki annað í stöðunni en að breyta um mataræði.“

Bryndís segist upphaflega hafa farið í hálfgert átak við fréttirnar. „Ég hætti neyslu hveitis og annarrar vöru, sem inniheldur glútein, og einnig mjólkurvöru, því stundum er samband þar á milli. Ég fann fljótlega mun á mér eftir það, öðlaðist meiri orku og losnaði við magaverkina. Ég fór aftur í magaspeglun eftir að hafa verið á glúteinlausu fæði í hálft ár og þá hafði orðið níutíu prósenta aukning á magatotunum. Árangurinn var því greinilegur.“

Það kom Bryndísi á óvart hversu auðvelt reyndist að breyta um mataræði. „Það er náttúrlega hægt að nota alls kyns mjöl í stað hveitis. Svo var ég dugleg að borða trefjaríka fæðu eins og ávexti og grænmeti. Ég sneiddi líka eins mikið og unnt var hjá unninni matvöru og eldaði þess í stað allt frá grunni.“

Bryndís segir fjölskylduna hafa notið góðs af. „Hún fékk betri fæðu fyrir vikið og enginn saknaði gamla mataræðisins. Þegar öllu er á botninn hvolft má segja að glúteinóþolið hafi gjörbreytt mínu lífi til hins betra.“

*roald@frettabladid.is*


Hrein orka

Hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í orkunotkun er 72% á Íslandi en um 6-7% innan Evrópusambandsins og um 13% á heimsvísu

SAMORKA

Vertu skynsamur, vertu hjartagóður.
7 kafbátar með 6 grömm af fitu eða minna
HjartaHeill

MARS
Kafbátur mánaðarins
Skinkubátur
...með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða
6 tommu bátur
kr. 299
Gildir í mars 2007
Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir ekki í Stjórnumáli
SUBWAY
Sex tommu kafbátur með skinku er einn af 7 undir 6 kafbátunum og inniheldur hann aðeins 5 grömm af fitu.
Nánari uppl. á www.subway.is






**Svifrykið** og skaðsemi þess er mikið í umræðunni, þegar snjóa tekur að leysa. Lungna- og ofnæmissjúklingar þurfa að gæta sín á dögum þegar mikið svifryk er í loftinu.

Lyfjaval
APÓTEK
ÁLFTAMÝRI • MJÓDD
BÍLAAPÓTEK
HÆÐASMÁRA 4
opið 10–23 alla daga

Gefðu dýrmætasta efni í heimi
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Fyrir betri meltingu
Heilsuhornið
Póstsendum um land allt
S: 462 1889 • heilsuhorn@simnet.is • www.simnet/heilsuhorn
Útsölustaðir: Yggdrasill, Fræið - Fjarðarkaup, Maður lifandi Borgartúni og Hæðasmára, Lífsins Lind - Hagkaup, Lyfjaval - Mjódd og Hæðasmára, Nóatún Hafnarfirði, Krónan Mosfellsbæ, Heilsuhúsið Selfossi

Hrein lífræn jógúrt!
Hreina lífræna jógúrtin frá Biobú er framleidd **án sykurs**.
Aðeins er notaður lífrænn hrásykur í öðrum jógúrt tegundum frá Biobú.
Kýrin Kinna er eingöngu fóðruð á grasi
Bio•Bú
Biobu ehf. • Sími: 587 4500 • Netfang: biobu@biobu.is • www.biobu.is

Hefur góð áhrif á magann og örvar meltinguna.
Fjallagrös innihalda trefjar sem auka þarmahreyfingar.
FJALLAGRASA MAGAMIXTÚRA



Elín Hanna Jónsdóttir, hjúkrunarfræðingur hjá ÓB ráðgjöf, sýnir unglingum í 8. bekk Húsaskóla í Grafarvogi myndband um umönnun raunveruleikabarns áður en þau fara með það heim um helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ungmenni sinna ungbarni

***Raunveruleikabarn sem unglingar fá í fóstur yfir helgi er forvörn sem ætlað er að stemma stigu við ótímabærum þungunum.***

Raunveruleikabarnið þarf hreina bleiu, huggun og pela og svo þarf það að ropa eins og önnur ungbörn. Tölvubúnaður, sem það er gætt, gefur þetta til kynna. Ef ungmennið sem er með barnið í fóstri er ekki komið til þess innan tveggja mínútna þá skráir tölvan það þannig að þörfum barnsins hafi ekki verið sinnt. Barnið getur grátið sárt og ef gleymist að halda undir höfuð þess þegar það er tekið upp getur tekið langan tíma að sefa það. „Tilgangurinn er að seinka kynlífi og þar með ótímabærum þungunum,“ segir Elín Hanna Jónsdóttir, hjúkrunarfræðingur og verkefnastjóri hjá ÓB ráðgjöf. Hún kynnir raunveruleikabarnið í þeim skólum sem óska þess að fá hana í lífsleiknitíma hjá 8. bekk. Þar fjallar hún líka um skaðsemi áfengis og fíkniefna. „Við viljum að unglingarnir taki meðvitaða ákvörðun um að bíða með kynlíf fram yfir grunnskóla, fresta neyslu áfengis og sleppa fíkniefnum,“ segir hún. „Þannig auka þeir stórlega möguleika sína til betra lífs.“ Hún kveðst hafa fulla trú á hræðsluáróðri ef honum fylgi fræðsla og hún segir forvarnir ástríðuverkefni hjá sér.



„Þetta gekk ágætlega en barnið vaknaði allt upp í sex sinnum að nóttunni og þegar þurfti að gefa því að drekka og láta það ropa tók það um 20 mínútur,“ sagði ein stúlknanna í Húsaskóla að aflokinni helgi. Hún kvaðst ætla að bíða með að eignast barn þangað til hún væri búin að mennta sig.

„Ég byrja á að hitta foreldrana og fræða þau um verkefnið enda fá þau raunveruleikabarnið heim til sín. Svo hitti ég unglingana á föstudegi og afhendi þeim börnin ásamt búnaði á úlnliðina sem börnin skynja. Barnið er virkt frá klukkan 8 á föstudagskvöldi til 7 á mánudagsmorgni. Þá tek ég við því aftur og frétti hvernig gekk. Svo kem ég yfirleitt í lífsleiknitíma næsta miðvikudag á eftir og ræði um útivistartímann og skaðsemi áfengis og fíkniefna. Sýni til dæmis raunveruleikabörn sem hafa fæðst eftir misnotkun mæðra á áfengis- og fíkniefnum.“

Átakið hófst fyrir þremur árum að sögn Elínar Hönnu og skólunum er alltaf að fjölga sem taka þátt í því. „Reykjanesbær hefur verið með öll árin og Smáraskóli í Kópavogi. Unglingarnir taka á þessu af mikilli ábyrgð, bæði stelpur og strákar, og sinna raunveruleikabarninu afskaplega vel,“ segir hún en veit hún hvort það hefur tilætluð áhrif og eykur ábyrgð þeirra í kynlífi síðar meir?

„Ég kynntist sams konar verkefni í Holden í Noregi. Þar urðu 10% stúlkna 19 ára og yngri barnshafandi. 5% áttu börnin og 5% fóru í fóstureyðingu. Þeir keyrðu þetta verkefni í þrjú ár og óléttturnar fóru niður í 0% hjá stúlkum á þessu skeiði þannig að þetta leiddi greinilega til ábyrgara lífs. Það er verið að kanna árangurinn hér á landi og niðurstaðna er að vænta í vor.“

*gun@frettabladid.is*

ROPE YOGA
undir handleiðslu Örnu Hrannar Aradóttur
Námskeið að hefjast - Hringdu strax í dag síma 895- 7275
Hvetjum barnshafandi konur og konur í fæðingarorlofi til að mæta
Hvað gerir ROPE YOGA fyrir þig?
- Eflir brennslu og flæði
- Þróar grunnstyrk kviðarvöðva
- Eykur orku
- Eykur blóðflæði í kvið
- Eykur súrefnisupptöku
- Eykur upptöku næringarefna
- Eflir úrgangslosun
- Eykur liðleika
- Bætir meltingu
- Styrkir alla vöðva líkamans
- Eykur hreyfanleika
- mjaðmagrindar
- Eykur sveigjanleika
- hryggjarsúlunnar
- Styrkir grindarbotnsvöðva
- Eykur aðgang að kviðvöðvum

ROPE YOGA - arnaard@khi.is - 895 7275

# Tekist á við streitu og vanlíðan

***Hugleiðsla fyrir þessa öld er hugleiðsluaðferð sem Pierre Stimpflings kennir. Hann verður með hugleiðsludag hérlendis næstu helgi.***

Pierre Stimpflings býður upp á hugleiðsludag næsta laugardag í Rope Yogastöðinni í Hafnarfirði. Hann hefur komið til Íslands undanfarin ár og haldið námskeið.

Aðferðin sem hann kennir er nefnd „hugleiðsla fyrir þessa öld“ (Meditation for This Age) þar sem tekið er á því sem veldur streitu og vanlíðan í nútímasamfélagi. Þessi tegund hugleiðslu á að hjálpa til við að losa um þær tilfinningar sem hindra fólk í að eiga opin og kærleiksrík samskipti við ástvini og aðra. Markmið hugleiðslunnar er jafnframt að ná betri tengingu við innri visku og innsæi og öðlast þannig skýrleika og öryggi til að takast á við erfið málefni.



Pierre Stimpfling er leiðbeinandi í hugleiðslu.

Pierre lærði hugleiðslu og sérstaka aðferð til að leysa úr ágreiningsmálum í Bandaríkjunum og hefur þrettán ára reynslu sem leiðbeinandi. Kynningarkvöld verður miðvikudaginn 21. mars kl. 19.30 að Reykjavíkurvegi 64, 2. hæð, Hafnarfirði og föstudagskvöldið 23. mars kl. 20 í Rope Yogastöðinni Ósk.is Bæjarhrauni 22, 3. hæð. Hafnarfirði. Hugleiðsludagurinn sjálfur er kl. 13.00–19.00 laugardaginn 24. mars á sama stað. Nánari upplýsingar veitir Ólöf í síma 845-8858.

*- keþ*

# Læknar á lyfjum

***Helmingur lækna í Bretlandi skrifar upp á lyfseðla fyrir sjálfa sig. Tvö prósent seðla eru vegna Viagra.***

Samkvæmt nýafstaðinni könnun í Bretlandi skrifa 43 prósent lækna upp á lyfseðla fyrir sjálfa sig, þrátt fyrir að það sé ólöglegt. Frá þessu er greint á vef breska ríkisútvarpsins.

57 prósent lyfseðlanna voru vegna sýklalyfja, 36 prósent vegna verkjalyfja, 8 prósent vegna kólesterólslyfja, 5 prósent vegna svefnlyfja, 5 prósent vegna þunglyndislyfja, og 2 prósent vegna ristruflanalyfja.

Tveir læknar játuðu að hafa skrifað upp á lyfseðla vegna sterkra verkjalyfja sem strangar reglur gilda um, þar á meðal morfín.

Þúsund læknar voru spurðir í könnuninni. *- tg*



Þrátt fyrir að vera ólöglegt þá skrifa 43 prósent lækna upp á lyfseðla fyrir sjálfa sig. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Indverskar vændiskonur fá smokka

***Herferð til að draga úr kynsjúkdómum. 11.000 vændiskonur fá 60.000 smokka.***

Í Tamil Nadu-héraðinu á Suður-Indlandi breiðast kynsjúkdómar hratt út. Til að stemma sigu við því hafa yfirvöld, í samvinnu við góðgerðastofnanir, ákveðið að gefa 11.000 vændiskonum úr lægstu stétt indversks samfélags 60.000 smokka.

Smokkarnir eru bæði hinir hefðbundnu fyrir karlmenn og einnig nýleg gerð fyrir kvenmenn. Verð á smokkum gerir það að verkum að vændiskonurnar hafa sjaldnast efni á að kaupa sér verjur og margir karlmenn neita að nota þær. Dreifing kvensmokkanna gefa vændiskonunum meiri stjórn og vörn og með því er vonast til að draga verulega úr útbreiðslu kynsjúkdóma.

Tamil Nadu er fyrsta héraðið sem átakið fer af stað í en fleiri héruð munu fylgja í kjölfarið. *- tg*



Kynsjúkdómar, og sérstaklega HIV, breiðast út með geigvænlegum hraða á Indlandi. Smokkar geta skilið milli lífs og dauða.



Tæknin getur rofið einangrun eldri borgara. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Lært á tölvu

***Mikilvægt fyrir félagsleg tengsl eldri borgara að kunna á tölvur.***

Erfitt getur verið fyrir eldra fólk að læra á tölvur vegna líkamlegra hindrana. Gigt, döpur sjón og döpur heyrn eru aðalorsakir þess að illa gengur að læra. Kanadísk rannsókn bendir til þess að það sé hins vegar mikilvægt fyrir það að ná tökum á tölvutækninni.

Gamalt fólk einangrast gjarnan í ellinni og þar getur tölvan komið til bjargar. Tölvupóstar hjálpa til við að viðhalda tengslaneti og netið getur virkað sem tenging við umheiminn. *- tg*



Marta leiðir fólk í leiklist, dans og jóga undir Jökli.

# Orkurík gleðihelgi

***Dans, hugleiðsla, jóga, sund, slökun, jákvæð hugþjálfun, leiklist, bænir. Allt þetta verður iðkað á námskeiði á Lýsuhóli á Snæfellsnesi 20. til 22. apríl.***

Láttu ljós þitt skína nefnist námskeiðið sem haldið verður að Lýsuhóli. Umsjón með því hafa Marta Eiríksdóttir í Púlsinum og Örn Jónsson, nuddari og master í NLP hugþjálfun. Auk þess eldar Halldóra Emilsdóttir grænmetisfæði ofan í mannskapinn og Óskar Páll Daníelsson nuddari verður á staðnum. Öll hjálpa þau fólki að byggja sig upp bæði andlega og líkamlega og efla lífsgleði og kraft. „Við slökkvum á umheiminum um stund og hlöðum batteríin,“ segir Marta glaðlega og lofar orkuríkri helgi undir Jökli. Skráning á námskeiðið er í síma 848 5366 og www.pulsinn.is og henni lýkur 1. apríl.






**Stórmarkaður í stofunni heima**
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ

## Húðhreinsun

FALLEG HÚÐ Á FÁUM MÍNÚTUM

Það þarf ekki alltaf að fara á dýrar húðsnyrtistofur til þess að fegra húðina. Í eldhússkápnum geta leynst ótal fegrunarmeðöl ef vel er að gáð.
Fennika og rósmarín eru jurtir sem hreinsa húðina en netla hefur bæði hreinsandi áhrif og eykur blóðflæði til húðarinnar. Þessar jurtir eru því tilvaldar til þess að nota í andlitsgufubað heima í eldhúsi. Við gufuna mýkist húðin, svitaholurnar opnast og húðin tekur betur við áhrifum jurtanna. Hæfilegt er að láta um 3 matskeiðar af þurrkuðum jurtum út í 1,5 lítra af sjóðandi vatni eða þrjá lófa af ferskum jurtum.
Svo er bara að setja handklæði yfir höfuð og skál og njóta gufunnar í nokkrar mínútur.





**FJÓLA RUT RÚNARSDÓTTIR:** „Hugurinn er á þeytingi allan daginn og það er lítið hlustað eftir þörfum líkamans.“

# Að gefa líkamanum tíma

***Í hringiðu nútímans ætti það að tilheyra að mæta reglulega til heilsunuddara.***

Kínverska nuddstofan Dong Fang var opnuð á Hótel Loftleiðum í október á síðasta ári og hefur fengið góðar viðtökur.

Fjóla Rut Rúnarsdóttir, sem þar ræður ríkjum, segir helsta markmið nuddstofunnar vera að hjálpa fólki að bæta eigið heilsufar.

„Ég vildi helst að fólk tæki nuddið inn sem lífsstíl. Í áreiti og hraða nútímans veitir fólki nefnilega ekkert af því að slaka á. Hugurinn er á þeytingi allan daginn og það er lítið hlustað eftir þörfum líkamans. Á meðan safnar hann upp spennu sem hægt er að losa um með því að fara í nudd og er það um leið góð aðferð til að samræma sálarlíf, huga og líkama og öðlast innri frið,“ segir Fjóla. Hún bendir um leið á að yfirleitt sé fólk haldið líkamlegum eymslum eða sársauka sem það verður ekki vart við fyrr en það leggst á nuddbekkinn. „Eftir nuddtímann gengur fólk út með endurnýjaða meðvitund um andlegt og líkamlegt ástand sitt. Það væri í raun æskilegast að fleiri tækju meiri ábyrgð á eigin líðan hvað þetta varðar. Ég fer ekki ofan af því að nudd sé ekki síður mikilvægt heilsunni en tannumhirða, húð, hár eða annað sem maður setur peningana í. Þetta hefur líka góð og jákvæð áhrif á útlitið því ef manni líður vel í eigin skinni þá ber maður það utan á sér.“

Hjá Dong Fang er meðal annars boðið upp á tvöfalda nuddtíma í þeim skilningi að þar geta pör, vinir, mæðgur, vinkonur, feðgar eða önnur dúó, legið hlið við hlið og fengið nudd á sama tíma. „Þetta er ekki algengur valkostur í flórunni en það eru margir sem kunna vel að meta þetta. Fólki finnst gott að eiga þessa stund saman, segir Fjóla og bætir því við að í herðanuddi og fótabaði, eða hefðbundnu kínversku nuddi, geti enn fleiri komið saman. „Við getum tekið allt að níu manns samtímis í kínverskt nudd og það hefur mælst alveg sérstaklega vel fyrir, enda hægt að slá margar flugur í einu höggi. Það má fullnægja félagsandanum, það er hægt að gæða sér á hressingu, fá herðanudd og fótanudd og fara í heitt og gott fótabað. Þetta tekur ekki langan tíma en áhrifin eru mjög jákvæð.“



Að fara saman í nudd getur verið nærandi fyrir öll náin sambönd.

Fjóla tekur fram að mest sé að gera á nuddstofunni á föstudögum og laugardögum og því mikilvægt að hafa fyrirvara ef fólk vill bóka tíma á þeim dögum. Verð á 50 mínútna nuddtíma er 6.400 kr. og 70 mínútur kosta 8.400 kr. Herða- og fótanudd (sem tekur um 45 mínútur) kostar 5.200, en ef fjórir eða fleiri koma saman gefst 10 prósenta afsláttur.

*- mhg*




**Næstu fyrirlestrar og námskeið**

Heilsuvörumarkaður
Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17
maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6
www.madurlifandi.is

**20. mars Mötum líffærin.... hvaða matvara nærir hvaða líffæri?**
*Þórunn Birna Guðmundsdóttir Lic. A.c. M.T.O.M*

**27. mars Örnámskeið í skapandi skrifum!**
*Þorvaldur Þorsteinsson rithöfundur*

**29. mars Heilsukostur - Kökur og eftirréttir**
*Auður I. Konráðsdóttir meistarakokkur*






**Persona.is**

EYJÓLFUR ÖRN JÓNSSON
SÁLFRÆÐINGUR SKRIFAR

# Lygar

Þrátt fyrir að lygar komi fólki mjög oft í vanda eru þær afar algengar og jafnvel er hægt að ganga svo langt að segja að allir ljúgi og það jafnvel ítrekað. Rannsóknir á samskiptum fólks hafa sýnt fram á að almennt lýgur fólk að meðaltali 3 sinnum fyrir hverjar 10 mínútur af venjulegum samskiptum.

Lygar eru þó afar ólíkar og geta snúið að öllu mögulegu, sumar lygar snúa að því að vernda aðra eða sjálf okkur en aðrar snúa að því að láta okkur líta betur út. Í raun tengist það hvernig og hve mikið fólk lýgur sjálfsáliti viðkomandi en sýnt hefur verið fram á að þegar fólki finnst sjálfsáliti sínu vera ógnað verður það líklegra til að ljúga.

Þegar einstaklingar eru að kynnast er hætt við að þeim finnist að sér vegið og þá verða þeir líklegri til að hagræða sannleikanum til þess að reyna að láta sig líta betur út. Engu skiptir hvort þessi tilfinning sé raunveruleg heldur nægir að einstaklingnum sjálfum finnist hann eða hún ekki samboðin þeim sem hann er að kynnast að einhverju leyti. Þegar einstaklingar eru að kynnast vilja þeir gjarnan líta sem best út og reyna því jafnvel að líta betur út en þeim finnst þeir vera, því kemur það gjarnan fyrir að fólk sleppi að ræða neikvæða hluti og ýki jákvæðu eiginleika sína. Það er því afar algengt að fólk hagræði sannleikanum við fyrstu kynni og jafnvel nánast algilt. Það er hins vegar munur á því hve mikið og um hvaða eiginleika það lýgur.

Það að ljúga er fólki eðlislægt að einhverju leyti og almennt byrjar fólk fyrst að ljúga meðvitað um 5-6 ára aldur. Þetta gerist almennt vegna þess að þá byrja börn að skilja afleiðingar gjörða sinna og finna fyrir skömm þegar þau gera eitthvað af sér, sérstaklega þegar þau valda foreldrum sínum vonbrigðum. Um 7–8 ára aldurinn er algengasta ástæða þess að börn ljúga forðun frá refsingum og að komast hjá leiðinlegum verkum. Þegar þessi hegðun ágerist getur það leitt til talsverðra vandamála. Almennt er talað um tvenns konar lygar þegar einstaklingar er farinn að ljúga án afláts; sjúklegar og áráttukenndar lygar. Erfitt er að segja til um hve algengt þetta er en ef litið er á vandamálin sem þessar hegðanir tengjast gjarnan sést að það er töluvert algengt. Þannig er talið að um 3% karla og 1% kvenna þjáist af andfélagslegri persónuleikaröskun sem tengist mjög gjarnan siðblindu.

Sjúklegur lygari lýgur án afláts til þess að fá sínu fram en án mikillar vitundar. Þessi tegund lyga tengist sjálfsbjargarhegðun sem þróast í bernsku og tengist oft geðrænum vandamálum eins og andfélagslegri persónuleikaröskun. Sjúklegir lygarar eru gjarnan marksæknir og ljúga til þess að fá sínu fram. Þeim er nokkuð sama um tilfinningar annarra og virðast oft útsmognir og ráðríkir.

Áráttukenndur lygari lýgur af vana. Fyrir þessum einstaklingi eru lygar orðnar ósjálfrátt viðbragð við spurningum. Þessir lygarar ljúga um allt, stórt og smátt, og eiga mjög erfitt með að segja sannleikann. Almennt er talið að þessi hegðun þróist í bernsku og þá sérstaklega ef barn er sett í aðstæður þar sem lygar eru sjálfsagðar eða jafnvel nauðsynlegar. Þessir lygarar eru almennt ekki marksæknir og virka því hvorki útsmognir né ráðríkir. Þeir ljúga af því að þeir eru vanir að gera það og eiga afar erfitt með að breyta hegðun sinni og hætta að ljúga.

Það má því segja að manneskja sem lýgi öllu geti verið siðblind en siðblind manneskja þarf þó ekki að ljúga öllu og þar liggur munurinn. Siðblind manneskja lýgur til að fá vilja sínum framgengt og gerir það án mikillar vitundar. Áráttukenndur lygari lýgur án afláts án þess að það þjóni beint einhverjum tilgangi fyrir hann og gerir það vegna þess að hann hefur lært að bregðast þannig við og iðulega án nokkurrar vitundar.

Gangi ykkur vel.

**Límband** kemur sér vel við hinar ýmsu aðstæður á heimilinu. Til dæmis er gott að líma bút á vegg sem á að negla nagla í. Þannig er ólíklegra að brotni upp úr veggnum.

# Silíkonbylting í bakstrinum

***Leikur einn að losa kökuna úr forminu.***

Fyrirtækið Silicone Zone framleiðir bökunarvörur úr silíkoni en vörurnar eru sveigjanlegar og þola allt að 360° hita. Silíkonvörurnar eru með glansáferð sem gerir það til dæmis að verkum að deig festist ekki við bökunarformin. Sumir segja að þarna sé á ferðinni bylting í bökunarvörum því vörurnar séu svo góðar. Silicone Zone-vörurnar fást í Ormsson í Smáralind.



1. Ofnhanskar úr silíkoni sem þola allt að 357°C. Hanskarnir eru sveigjanlegir og þægilegir í notkun. Verð: 2.870 kr.

2. Eggjaskilja úr silíkoni sem skilur rauðuna frá hvítunni. Verð: 820 kr.

3. Sleikja með hjörtum á tréskafti. Silíkonhausinn er einnig hægt að nota við steikingu því hann þolir hátt í 500° hita. Verð: 820 kr.

4. Bursti sem er þannig hannaður að hann smyr mjög jafnt yfir deigið eða matinn. Verð: 1.180 kr.

5. Kringlótt bökunarform með gati í miðjunni. Formið má ýmist setja í ofn, örbylgjuofn eða frysti og býður því upp á fjölda möguleika. Verð: 2.790 kr.

6. Skál með botni og loki úr silíkoni. Botninn er stamur þannig að skálin fer ekki á hreyfingu meðan hrært er í skálinni og lokið er þunnt og þjált sem gerir lofttæmingu auðvelda. Lokinu er þrýst aðeins niður og þá festist það við skálina án þess að hleypa lofti í gegn. Verð: 2.890 kr.





Í verslun okkar í Ármúla 18 finnur þú fjölbreytt úrval vandaðra gólfefna. Að auki veitum við faglega rágjöf við val þeirra og lagningu.

GÓLFEFNI TEPPALAND

ÁRMÚLA 18,108 REYKJAVÍK, SÍMI 515 9800
OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ 8-18

allt matur
Alla föstudaga




Við þökkum góðar móttökur við tilboði okkar sem við framlengjum nú til 20. mars. Nýttu þér tækifærið, því við framlengjum ekki aftur.

20% Afsláttur af öllum innréttingum til 20. mars.

Glæsilegar danskar innréttingar í öll herbergi heimilisins

Eldhúsinnréttingar · Baðinnréttingar · Þvottahússinnréttingar · Fataskápar með venjulegum- og rennihurðum

Innréttingatilboð sem þú mátt ekki missa af!

20% afsláttur af öllum Nettoline innréttingum til 20. mars.

Þitt er valið!
Þú velur um að kaupa innréttinguna í ósamsettum einingum, eða lætur okkur um samsetninguna. Að sjálfsögðu önnumst við líka uppsetningu og endanlegan frágang fyrir þá sem þess óska - fullkomin þjónusta, eigið verkstæði.

Við hönnum og teiknum fyrir þig!
Komdu með málin af eldhúsinu, baðinu, þvottahúsinu, anddyrinu eða svefnherbergjunum - og við hönnum, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð í glæsilega danska innréttingu í hæsta gæðaflokki.

20% afsláttur af raftækjum!
Á tilboðsdögum veitum við a.m.k. 20% afslátt af ELBA og Snaigé raftækjum, þegar þau eru keypt með eldhúsinnréttingu.




Velkomin í Friform, þar sem þú færð meira fyrir peningana

Virka daga kl. 9-18
Laugardaga kl. 10-16



Friform
Askalind 3 · 201 Kópavogur · Sími: 562 1500

# bílaland B&L

bílaland B&L notaðir bílar

**Grjóthálsi 1, Reykjavík S: 575 1230.** Opið virka daga frá kl. 10 - 18 og á laugardögum frá kl. 12 - 16.

## Tilboðsbílar


Ford Galaxie Nýskr. 12/2004, 2000cc 5 dyra, fimm gíra, ljósgrár, ekinn 30.000 þ. Verð 2.090.000. Tilboðsverð 1.860.000, VU-375.


Hyundai Elantra Nýskr. 09/2003, 1600cc 4 dyra, fimm gíra, dökkrauður, ekinn 44.000 þ. Verð 1.150.000. Tilboðsverð 960.0000, PT 925.


Hyundai Santa Fe Nýskr. 05/2001, 2700cc 5 dyra, sjálfskiptur, svartur / grár, ekinn 93.000 þ. Verð 1.670.000. Tilboðsverð 1.350.000, VY 735.


Land Rover Discovery Series II Nýskr: 09/1999, 4000cc 5 dyra, sjálfskiptur, grár, ekinn 105.000 þ. Verð 1.590.000. Tilboðsverð 1.320.000, UT 089.


Renault Megane Nýskr. 06/2001, 1600cc 5 dyra, fimm gíra, hvítur, ekinn 125.000 þ. Verð 780.000. Tilboðsverð 620.000, UD 403.


Volkswagen Passat Nýskr: 11/1998, 1600cc 4 dyra, fimm gíra, grár, ekinn 141.000 þ. Verð 670.000. Tilboðsverð 490.000, PO 747.

## Verð frá 500.000 til 1.500.000.-


Hyundai Getz Nýskr. 01/2004, 1300cc 3 dyra, fimm gíra, ljósgrár, ekinn 89.000 þ. Verð 840.000, SN 969.


Mitsubishi Pajero Nýskr. 10/1997, 2500cc 3 dyra, 5 gíra, blár / grár, ekinn 75.000 þ. Verð 850.000, YN 366.


Nissan Almera Nýskr. 06/2003, 1800cc 4 dyra, sjálfskiptur, rauður, ekinn 69.000 þ. Verð 1.150.000, NO 148.


Renault Laguna Nýskr. 03/1999, 2000cc 4 dyra, sjálfskiptur, grár, ekinn 85.000 þ. Verð 690.000, UE 864.


Renault Megane Nýskr. 07/2002, 1600cc 5 dyra, 5 gíra, rauður, ekinn 65.000 þ. Verð 890.000, YH 494.


Renault Scenic Nýskr. 05/1999, 1600cc 5 dyra, sjálfskiptur, grár, ekinn 128.500 þ. Verð 550.000, ZT 886.

## Verð frá 1.500.000 til 3.000.000.-


Hyundai Sante Fe Nýskr. 07/2003, 2700cc 5 dyra, sjálfskiptur, grár - tvílitur, ekinn 47.000 þ. Verð 2.190.000, RB 514.


Hyundai Santa Fe Nýskr. 06/2005, 2400cc 5 dyra, fimm gíra, blár / grár, ekinn 39.000 þ. Verð 2.490.000, AK 381.


Hyundai Terracan Nýskr. 08/2001, 2500cc 5 dyra, fimm gíra, dökkblár, ekinn 152.000 þ. Verð 1.640.000, OP 117.


Hyundai Tucson Nýskr. 04/2005, 2700cc 5 dyra, sjálfskiptur, svartur, ekinn 35.000 þ. Verð 2.550.000, PK 921.


Land Rover Freelander Nýskr. 12/2004, 1800cc 5 dyra, 5 gíra, ljósgrænn, ekinn 35.000 þ. Verð 1.990.000, FI 586.


Nissan X Trail Nýskr. 07/2003, 2000cc 5 dyra, , svartur, ekinn 43.000 þ. Verð 1.980.000, ML 138.

## Verð frá 3.000.000.-


BMW 530XI Nýskr: 11/2005, 3000cc 5 dyra, sjálfskiptur, brúnn, ekinn 20.000 þ. Verð 6.590.000, PF 286.


BMW X5 Nýskr: 01/2004, 3000cc 5 dyra, sjálfskiptur, grár, ekinn 59.000 þ. Verð 5.150.000, NK 760.


Ford F250 4WD Crew CAB Nýskr: 11/2004, 5900cc 4 dyra, sjálfskiptur, svartur / grár, ekinn 34.000 þ. Verð 3.990.000, PN 965.


Land Rover Range Rover Nýskr. 07/2005, 4400cc 5 dyra, sjálfskiptur, dökkgrár, ekinn 26.000 þ. Verð 8.580.000, BA 866.


Toyota Land Cruiser Nýskr. 03/2006, 3000cc 5 dyra, sjálfskiptur, ljósbrúnn, ekinn 26.000 þ. Verð 5.690.000, YD 675.


Volvo XC90 Nýskr. 02/2005, 2500cc 5 dyra, sjálfskiptur, ljósgrár, ekinn 26.000 þ. Verð 5.090.000, VR 833.

**Kíktu á heimasíðu okkar www.bilaland.is**

**Margir möguleikar á fjármögnun, t.d. allt að 100% lán í 84 mánuði**

**Umboðsmenn Bílalands B&L á landsbyggðinni:**

**Akureyri S: 461 2533 - Reykjanesbær S: 421 4444 - Akranes S: 461 2622 - Egilsstaðir S: 471 2524 - Vestmannaeyjar S: 481 3074**

**Hvolsvöllur S: 487 8688 - Bolungarvík S:456 7440 - Hornafjörður S: 478 1577 - Húsavík S:464 1888 - Sauðárkrókur S: 453 5141 - Hvammstangi S: 451 2230**


FABRIKAN

Láttu drauminn rætast - rafrænt

- Rafrænt greiðslumat
- Ráðgjöf og aðstoð
- Lánsumsóknir rafrænt á Netinu
- Svar innan fjögurra daga

www.ils.is
Borgartúni 21, 105 Reykjavík
Sími: 569 6900, fax: 569 6800

Íbúðalánasjóður fyrir alla

Íbúðalánasjóður


# verk að vinna

**ÞRIÐJUDAGUR 20. MARS 2007**

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR






HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 7235

Ertu að spá í atvinnutæki?

VIÐ FJÁRMÖGNUM ÞAÐ SEM UPP Á VANTAR!

Nýttu þér upplýsingar og reiknivélar á **www.glitnirfjarmognun.is** eða hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma 440 4400.

GLITNIR
FJÁRMÖGNUN



Gott aðgengi er að Rafstöðvarvegi 1a, þar sem Hönnunar- og listamiðstöðin er, og náttúrufegurðin með eindæmum falleg.



Nái hugmyndir Kristins fram að ganga verður í listamiðstöðinni sýningarrými undir allar listgreinarnar. Þess utan er stefnt að því að vera með veitingarekstur í húsinu.

# Sprengjugeymslu breytt í hönnunar- og listamiðstöð

**Fyrir tíu árum síðan var Kristinn Brynjólfsson innanhúsarkitekt í leit að vinnustofu þar sem hann gæti hannað húsgögn. Leitin bar hann loks að gömlu kartöflugeymslunni í Ártúnsbrekkunni og í framhaldi af því fékk hann þá hugmynd að breyta henni í hönnunar- og listamiðstöð.**

„Ég féll strax kylliflatur fyrir þessu einstaka húsnæði sem var upphaflega sprengjugeymsla bandaríska hersins í Hvalfirði í síðari heimsstyrjöldinni, áður en það varð að kartöflugeymslu í Ártúnsbrekkunni,“ segir Kristinn. „Það samanstendur af sjö byggingum, sem er hver um sig 230 fermetra stór. Við ákváðum að bæta tveimur nýbyggingum við, þannig að á heildina séð er þetta á bilinu 2.600-700 fermetrar að stærð.“

Nái hugmyndir Kristins fram að ganga fá allar listgreinar inni í miðstöðinni. „Ég sé þetta fyrir mér sem suðupott allra listgreina. Húsið yrði sýningarrými undir myndlist, hönnun, tónlist, ljóð- og leiklist. Þegar er komin nokkur reynsla á það þar sem vetrarhátíð var haldin í húsinu við góðar undirtektir. Þá verður vorsýning Nemendaleikhússins sett upp í apríl. Húsið verður svo lagt undir útskriftarsýningu nemenda Listaháskólans. Þetta er aðeins byrjunin.“

Þess utan er áætlað að reka veitingastarfsemi í húsinu að sögn Kristins. „Tvær einingar færu undir hana. Kaffihús með aðstöðu fyrir ráðstefnur, fundarhald og margt fleira yrði í annarri. Glæsilegt veitingahús, sem tæki 157 manns í sæti, í hinni. Léttir réttir yrðu framreiddir á daginn en boðið yrði upp á fínan mat á kvöldin.“

Kristinn segist ekki hafa óttast að staðsetningin stæði starfseminni fyrir þrifum. „Starfsemin er svo margþætt að hún vegur upp á móti staðsetningunni. Svo má heldur ekki gleyma að um 80.000 bílar aka þarna framhjá á hverjum sólarhring, þannig að þetta er ekki úr alfaraleið. Aðgengi er auk þess gott og svæðið fallegt. Ég sé fyrir mér að ferðamenn eigi eftir að flykkjast þarna í framtíðinni til að njóta bæði samtímalistar og útiveru.“

Kristni finnst ótrúlegt hversu langan tíma hefur tekið að fá fólk til að sjá möguleika hússins. „Það hefur raunverulega reynst þrautinni þyngra. Nú er það loks búið að kveikja á perunni og hjólin fyrst núna farin að snúast af einhverri alvöru.“ *roald@frettabladid.is*



Kristni Brynjólfssyni datt í hug að breyta gamalli kartöflugeymslu í Ártúnsbrekku í lista- og hönnunarmiðstöð þegar hann var í leit að vinnustofu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




Öflug
í grunnvinnunni

*„Við hjá Arnarverki þurfum öflug tæki sem eru í fremstu röð í jarðvegsvinnu. Lýsing hefur ávallt verið fyrsti kosturinn þegar við höfum þurft á fjármögnun að halda. Hjá Lýsingu er unnið hratt og vel úr okkar málum af einstöku starfsfólki sem hefur skilning á þörfum okkar.“*

**Ágústa Einarsdóttir fjármálastjóri, Arnarverk ehf**

Lýsing hefur byggt upp orðspor sem traust fyrirtæki með afburða starfsfólk og persónulega þjónustu. Síðastliðin 20 ár hefur Lýsing stutt við bakið á fjölda fyrirtækja víðsvegar um landið og býður upp á fjölbreytta möguleika í fjármögnun sem er sérsniðin að þörfum hvers og eins.

**Lýsing - fjármögnun í takt við þínar þarfir**

LÝSING

LYSING.IS // 540 1500


Mikið úrval
af nýjum vörum
PARKET- OG FLÍSADAGAR
Egill
Árnason hf
Ármúli 8, 108 Reykjavík, 595 0500 - Baldursnes 6, 603 Akureyri, 595 0590 - www.egillarnason.is

# Skjólgler yfir svalirnar

Engum Íslendingi dettur í hug að norpa í kulda og trekki úti á svölum yfir vetrarmánuðina. Það færist æ meir í vöxt að fólk láti byggja yfir svalirnar sínar, en þar er fyrirtækið Gler og brautir á heimavelli.

„Við sérhæfum okkur í svalalokunum. Með því að loka svölunum getur maður notað rýmið allt árið, í staðinn fyrir örfáa daga yfir sumarið," segir Gunnar Svanberg, sölu- og markaðsstjóri. „Kerfið hjá okkur er þannig að við getum sett það upp miðað við íslenskt veðurfar og samkvæmt lögum. Þar sem um „skjól" er að ræða þarf ekki að borga nein fasteignagjöld, gatnagerðargjöld eða annað álíka. Kerfið hefur þann eiginleika að þú getur opnað það til fulls, og ef það fer að rigna er hægt að loka því aftur á einfaldan hátt. Þegar það er sjö stiga gaddur en sólin skín, þá er 25 stiga hiti á svölunum. Svo þegar þarf að grilla er ekkert mál að opna einn fleka."



Yfirbyggðar svalir lengja sumarið og haustið.

Áður en hægt er að loka svölum þarf arkitekt að teikna breytingarnar, nágrannarnir þurfa að samþykkja og leyfi þarf frá byggingarfulltrúa. Að því loknu er ekkert því til fyrirstöðu að lengja bæði haustið og vorið úti á svölum hjá sér.

*- nrg*



„Gler & brautir sérhæfa sig í svalalokunum," segir Gunnar Svanberg.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON






Hermann horfir björtum augum til framtíðar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Byggja allt úr einingum

**Borg ehf. er frekar ungt fyrirtæki sem sérhæfir sig í steyptum einingahúsum. Hermann Guðmundsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, segir að forsteypt einingahús séu það sem koma skal.**

Borg ehf. er tveggja ára gamalt fyrirtæki. „Þrátt fyrir að vera ungt fyrirtæki á markaðnum erum við nú þegar búin að skipa okkur stóran sess á honum," segir Hermann Guðmundsson framkvæmdastjóri.

Starfsemi fyrirtækisins er í raun tvískipt. „Annars vegar erum við í forsteyptum einingahúsum sem eru framleidd eftir teikningum frá viðskiptavinum. Þar erum við í mjög fjölbreyttum verkefnum, allt frá bílskúrum og hesthúsum upp í einbýlishús, fjölbýlishús og iðnaðarhúsnæði. Úr einingum er nánast hægt að byggja hvað sem er. Hinn anginn af starfseminni er svo steypustöð en við byrjuðum með þá starfsemi síðasta haust. Við erum því með splunkunýja og tæknilega steypustöð, sex steypubíla og tvær dælur."

Nóg hefur verið að gera hjá fyrirtækinu síðan það var stofnað. „Við höfum framleitt mikið fyrir allt höfuðborgarsvæðið og það er varla til sú gata í nýbyggðu hverfi þar sem ekki er hús frá Borg. Við höfum einnig framleitt fyrir fleiri staði og núna er til dæmis að klárast verkefni á Selfossi þar sem við framleiddum einingar í þrjár blokkir."



Einingarnar eru steyptar við kjöraðstæður.




Tveir steypubílar eru á steypustöð Borgar ehf.

Hermann segir ferlið venjulega þannig að viðskiptavinir komi fyrst til þeirra með arkitektateikningar og fari síðan til verkfræðings og fái burðarþolsteikningar. „Auðvitað hefur komið fyrir að fólk komi beint inn af götunni án teikninga og vilji bara byggja hús en því miður erum við ekki með neitt svoleiðis á lager. Við höfum hins vegar bent á samstarfsaðila sem er verkfræðistofan Fjölhönnun en hún hefur sérhæft sig í alls konar verkfræðihönnun einingahúsa. Oftast þarf fólk þó að leita eftir hugmyndum að húsum hjá arkitektum fyrst og við höfum líka getað bent því á góða arkitekta. Þegar fólk er komið með tilbúnar teikningar getum við framleitt allt."

Stórar steyptar húseiningar eru eðlilega mjög þungar og því ekki hægt að flytja þær hvernig sem er. „Ein eining getur verið allt að tólf til fjórtán tonn þannig að þær er fluttar á sérstökum einingavögnum. Vagninn tekur svona tvo til fjóra veggi, eftir því hvað þeir eru þungir og miklir um sig. Þetta eru stór og mikil tæki sem flytja og húsin þarf svo að reisa með öflugum krönum," segir Hermann.

Steypt einingahús eru að sögn Hermanns alveg jafn sterk hús og staðbyggð hús, ef ekki sterkari. „Í svona framleiðslu eru gerðar miklar kröfur og burðarþolshönnun og öll verkfræðihönnun á bak við einingahús er talsvert flóknari heldur en í staðbyggðu húsi. Ef eitthvað er myndi ég segja að einingahús væru betri kostur hvað varðar styrk og upp á það að þola náttúruhamfarir. Það er alltaf fimmtán til tuttugu stiga hiti hérna í verksmiðjunni svo einingarnar eru steyptar við kjöraðstæður en ekki úti við misjöfn veðurskilyrði. Við erum því með talsvert harðari steypu heldur en er í staðsteyptum húsum."

Hermann segir að þrjátíu prósent steyptra húsa sem byggð eru á Íslandi núna séu einingahús. „Hlutfall svona einingahúsa er hins vegar frá sextíu og upp í níutíu og fimm prósent alls staðar í kringum okkur. Við sjáum því ekki fram á annað en að hlutfallið muni aukast hér og horfum bara björtum augum fram á veginn," segir hann.

*emilia@frettabladid.is*

# MEST

## býður upp á þjónustu fagaðila sem leiðbeina þér






hreinlætistæki

málning





verkfæri

gólfefni





timbur




hellur

múrvörur



gluggar




Verð er birt með fyrirvara um prentvillur.

## Verslun fyrir bygginga- og framkvæmdaaðila

Opnunartími: Mán. – fös. kl. 8-18.

Komdu við í verslun MEST í Norðlingaholti.



MEST / Malarhöfða 10, Reykjavík
Norðlingabraut 12, Norðlingaholti, Reykjavík
Bæjarhrauni 8, Hafnarfirði / Hringhellu 2, Hafnarfirði
Hrísmýri 8, Selfossi / Leiruvogi 2, Reyðarfirði
Sími 4 400 400 / Fax 4 400 401 / mest@mest.is / www.mest.is

mest
– allt til bygginga

# Stál í stál á svalirnar

**Stálsvalir geta prýtt hvaða hús sem er. Benedikt Sveinsson stálvirkjameistari á fyrirtækið Stál í Stál sem sérhæfir sig meðal annars í smíðum á stálsvölum. Benedikt hefur smíðað hátt á annað hundrað stálsvala á síðustu fjórum árum með góðum árangri.**

„Það er hægt að smíða svalir utan á hvaða hús sem er, bæði gömul og ný.“ segir Benedikt Sveinsson stálvirkjameistari.

„Stálsvalir hafa ótal margt fram yfir hefðbundnar steyptar svalir,“ bætir Benedikt við. „Steyptar svalir eru yfirleitt það fyrsta sem grotnar niður á húsum. En í stálsvölum er engin kuldabrú sem getur legið fyrir skemmdum og þær eru algjörlega viðhaldsfríar.“

Benedikt bendir á að stálsvalir bjóði jafnframt upp á endalausa hönnunarmöguleika. „Menn geta til dæmis valið um glerhandrið, timburhandrið, klædd álhandrið eða steinhandrið. Möguleikarnir á gólfefni svalanna eru einnig ótalmargir. Hægt er að nota harðvið á gólfið, pallaefni eða flísar og það er meira að segja hægt að helluleggja það eða steypa flotaða skel,“ segir Benedikt og bætir við að jafnvel sé hægt láta líta út fyrir að svalirnar séu steyptar utan á húsið.

„Til þess að geta slegið upp svölum þarf samþykki frá byggingar- og skipulagssviði viðkomandi sveitarfélags, teikningu frá arkitekt sem búið er að samþykkja af burðarþolsfræðingi og oft þarf einnig samþykki frá nágranna. Að sjálfsögðu þarf svo smiðurinn sem sér um uppsetningu svalanna að hafa meistararéttindi,“ segir Benedikt.

„Þegar öll leyfi og teikningar liggja fyrir tekur það mig ekki nema nokkrar vikur að setja svalirnar upp en það fer auðvitað eftir stærð svalanna,“ segir Benedikt að lokum.

*- árú*



Benedikt Sveinsson stálvirkjameistari mundar málbandið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Stálsvalir setja nýtískulegan svip á þetta uppgerða hús.



Smart og fyrirferðarlítið.



Hægt er að nota alls konar form. Hér mynda svalirnar boga.







# Stuttur byggingartími

– er meðal kosta forsteyptra eininga

Loftorka Borgarnesi ehf er alhliða verktakafyrirtæki á sviði mannvirkjagerðar og sérhæfir sig í framleiðslu á forsteyptum hlutum úr steinsteypu í mannvirki og steinrör í holræsi.

LOFT ORKA BORGARNESI EHF

Loftorka Borgarnesi ehf
Engjaási 1, Borgarnesi
Naustatanga 1, Akureyri
Esjumel 9, Reykjavík
Hlíðasmára 9, Kópavogi

Sími 433 9000
www.Loftorka.is
loftorka@loftorka.is


GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236
BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR
• Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
• Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir



Sólskálar - Garðhús
Yfir 20 ára reynsla

Íslensk framleiðsla
Íslensk hönnun
Sérsmíði
www.solskalar.is
solskalar@solskalar.is
GLUGGAR & GARÐHÚS ehf



Hawa Gler-rennibrautir

Hawa Junior 80 eru glæsilegar rennibrautir fyrir 8-10-12 mm hert gler eða timburhurðir. Eigum einnig rennibrautir frá GEZE fyrir skápa og tréhurðir.

Útvegum hert gler eftir máli..

JÁRN & GLER
Járn & Gler ehf. - Skútuvogur 1h. Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík
S: 58 58 900. www.jarngler.is



Árni Friðbjarnarson pípari segir þann misskilning ríkja að píparar kunni hvorki á klukku né dagatal. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Beinir vatni á rétta staði

**Á Íslandi ganga píparar í öll störf meðan sérhæfingin er meiri erlendis.**

Mikil framför hefur orðið á síðastliðnum árum í pípulagnabransanum. Áður fyrr gátu menn nær eingöngu valið á milli svartra eða galvaníseraðra stálröra, sem voru bæði þung og klunnaleg í meðförum. „Í dag er lagnaefnið orðið miklu skemmtilegra og meðfærilegra, við höfum úr svo miklu að velja; kopar, ál-pex, plast, ídráttarlagnir og margt fleira,“ segir Árni J. Friðbjarnarson pípulagningameistari.

En hvað felst í því að vera pípari? „Það er mjög stutt svarið við því, en það er að virkja vatnið og beina því á réttu staðina. Hér á Íslandi ganga píparar í öll störf, en erlendis sérhæfa menn sig; einn er bara í því að leggja, annar einangrar, sá þriðji sér um viðhaldið og loks sá fjórði sem er bara í blöndunartækjum.“

Árni segir það rétt, að undanfarin tuttugu ár hafi ekki verið til neitt sem heitir atvinnulaus pípari. Sjálfur þurfi hann að neita að meðaltali þremur til fjórum verkefnum á dag. „Það versta er í viðhaldsvinnunni. Við píparar höfum það orð á okkur að kunna hvorki á klukkur né dagatöl. En ástæða þess er að þegar við erum í viðhaldsvinnu og eigum að gera eitthvað smotterí, þá leiðir það oftast af sér eitthvað ennþá stærra og maður þarf að vinna í því í tvo daga. Þá verður kúnninn reiður, við pípararnir erum orðnir svikarar, og svikarar sem kunna ekki á klukkur í þokkabót!“

En hvort er vænlegra að leggja pípur inn í veggi eða utan á? „Ég er hlynntari því að leggja inn í veggina í sérbýlishúsum, en snyrtilegast er að leggja utanáliggjandi í verksmiðjum og atvinnuhúsnæði, því þar eru alltaf svo miklar breytingar í gangi. Varðandi það sjónarmið að viðhald sé einfaldara á utanáliggjandi, þá eru efnin sem við notum í dag svo góð að þau klikka ekki mikið ef maður leggur rétt. Lagnir geta enst í fimmtíu ár og á þeim tíma er hvort eð er kominn tími á viðhald á húsinu.“

Árni hefur mjög gaman af starfinu sínu. Þegar hann er búinn að leggja í heilt hús tekur við að setja upp stýrikerfi, sem er heilmikið og flókið starf. Ef kerfið virkar eftir að vatni hefur verið hleypt á, þá hefur góðu dagsverki verið skilað. „Svo ef maður lendir í erfiðum verkefnum, þá leysast þau oft þegar maður leggst á koddann á kvöldin.“

*- nrg*


TILBOÐ Á TRÉSMÍÐAVÉLUM MiniMax

S 45 Bandsög
Verð áður: 231.900
Verð nú: 194.593

Rennibekkur T 124
Verð áður: 225.345
Verð nú: 159.360
Með copy unit: 225.345

C26sambyggð trésmíðavél
Basic útgáfa
Verð áður: 404.625
Verð nú: 343.620
Deluxe útgáfa
Verð áður: 466.875
Verð nú: 397.155

Sög fræsari og hefill
Hallanlegt sagarblað
3 x 2hp mótorar
Eins fasa/þriggja fasa
Öll verð eru með vsk
10% afsláttur af öllum öðrum Minimax vélum.
Eigum mikið úrval af nýjum og notuðum vélum á lager
IÐNVÉLAR -Hvaleyrarbraut 20 - S: 414 2700- www.idnvelar.is



# Okkur vantar trommuleikara



## Léttmálmsbandið æfir nú af krafti fyrir árshátíð Fjarðaáls en leitar jafnframt að traustum trommuleikara í öruggt framtíðarstarf.

„Við þurfum ekki 100 trommuleikara í fyrirtækið en það væri fínt að fá að minnsta kosti einn. Það væri heldur ekki verra að viðkomandi hefði próf í rafvirkjun eða vélvirkjun.“
**Sigurður Ólafsson, bassaleikari og fræðslustjóri Fjarðaáls.**

„Í bandinu gilda sömu lögmál og í álframleiðslunni. Við höfum mismunandi hlutverk en vinnum saman í sjálfstýrðu teymi. Verkferlin þurfa að vera á hreinu.“
**Guðmundur Höskuldsson, gítarleikari og leiðtogi í málmvinnslu.**

„Þetta er ekki spurning um heimsyfirráð eða dauða hjá okkur, heldur að njóta lífsins í góðum félagsskap.“
**Hanna V. Jóhannesdóttir, söngkona og hjúkrunarkona í mannauðsteymi Fjarðaáls.**

## Kynnist Fjarðaáli 24. mars

Á kynningarfundi Austurlands tækifæranna á Hotel Nordica 24. mars verður Alcoa Fjarðaál með kynningarbás fyrir þá sem hafa áhuga á að starfa hjá fyrirtækinu.

ÍSLENSKA/SIA.IS/ALC 36761 03/07

## Síðustu 100 störfin í boði

### Framleiðslustarfsmenn

Okkur vantar fleiri eldhressa starfsmenn í álframleiðslu og málmvinnslu. Til framleiðslustarfsmanna eru ekki gerðar ákveðnar kröfur um menntun eða kunnáttu. Allir fá viðamikla þjálfun og fræðslu í fyrirtækinu. Verkefni hvers starfsmanns verða fjölbreytt og mikið er lagt upp úr starfsþróun og símenntun.

### Rafiðnaðarmenn og véliðnaðarmenn

Við leitum að faglærðum rafiðnaðarmönnum og véliðnaðarmönnum til að sinna viðhaldi tækja og búnaðar í hátæknivæddu álveri Fjarðaáls. Hjá fyrirtækinu verða um 120 tæknimenntaðir starfsmenn. Faglegur metnaður og stöðug þróun verða leiðarljós okkar inn í framtíðina.

**Öll störf henta bæði konum og körlum.**
**Umsóknarfrestur er til og með 2. apríl.**
**Viðkomandi munu hefja störf á næstu sex mánuðum.**

capacent RÁÐNINGAR

Hægt er að sækja um störf hjá Alcoa Fjarðaáli á **capacent.is** (áður IMG-Mannafl). Nánari upplýsingar fást á **www.alcoa.is** og hjá **Sigurlaugu Þorsteinsdóttur (sigurlaug.thorsteinsdottir@capacent.is)** og **Helgu Snædal (helga.snaedal@capacent.is)** hjá Capacent í síma 540 1000.



**www.alcoa.is**

**Alcoa Fjarðaál**

ALCOA

# Viðhaldsfrítt og einangrandi efni


Halldór segir notkun plastefnis í glugga og hurðir fara vaxandi hér á landi.
FRÉTTABLAÐIÐ GVA

Á Skemmuvegi 46 í Kópavogi er fyrirtækið Kjarnagluggar til húsa. Það framleiðir glugga, hurðir og skilrúm úr PVC-U plastefni.

„Við smíðum eftir óskum hvers og eins. Fólk kemur hér inn með teikningar, við gerum tilboð og svo er hafist handa," segir Halldór Hreinsson, eigandi Kjarnaglugga. Hann segir glugga og hurðir frá Kjarnagluggum notaða í allar tegundir bygginga, íbúðir, iðnaðarhúsnæði, útihús og hvað sem er. Ekki síst segir hann framleiðsluna henta vel þar sem miklar kröfur séu gerðar til hreinlætis, svo sem í matvælaiðnaði. „Það er svo auðvelt að þrífa plastefnið," bendir hann á og bætir við að marghólfaður prófíll geri það að verkum að gluggarnir og hurðirnar veiti góða hljóðeinangrun. Hvítt er algengasti liturinn og ódýrasti en hægt er að fá fleiri liti, að sögn Halldórs. Ryðfríar lamir og tvöföld þétting á lausum fögum fylgir öllum gluggum og hurðirnar eru að sjálfsögðu með húnum og læsingum.

Fyrirtækið Kjarnagluggar hefur verið starfrækt frá 1988. Halldór stofnaði það ásamt föður sínum og starfsmenn eru að jafnaði sex talsins. Efnið í gluggana kemur frá REHAU í Þýskalandi sem er framarlega í framleiðslu plastefna til byggingariðnaðar í Evrópu. Halldór segir notkun viðhaldsfrís plasts ríkjandi í gluggum víða erlendis og fari vaxandi hér á landi líka. „Fólk sem er að skipta út gömlum timburgluggum velur gjarnan plastið," segir hann. „Enda stenst efnið alla staðla sem gerðir eru á Íslandi og uppfyllir ströngustu gæðakröfur." *-gun*


Bernt Sigurðsson bræðir saman glugga.


Árni Guðvarðarson setur læsingu í hurð.

60% MARKAÐSHLUTDEILD Á ÍSLANDI ÁRIÐ 2004
MANITOU skotbómulyftarar - Þarfur þjónn, sem uppfyllir ströngustu gæði og væntingar þeirra kröfuhörðustu.
HANN ER GRIMMUR!
MANITOU MLT 634 TURBO INTERCOOLER
SKOTBÓMULYFTARI
**Fjórhjóladrifinn**
**Fjórhjólastýrður**
**Lyftigeta:** 3.400 KG
**Lyftihæð:** 6.050 MM
**Gafflar:** 1.200 MM
**Vél:** Perkins Turbo intercooler, 123 HÖ
**LOAD SENSING!!** Samtímis glussahreyfingar án aukins snúningshraða vélar.

- VIÐURKENND VARAHLUTAÞJÓNUSTA í 44 ár
- Útvegum notaða skotbómulyftara
- Úrval notaðra lyftara á lager
MANITOU
PON
PON PÉTUR O. NIKULÁSSON ehf.
Melabraut 23 • 220 Hafnarfjörður
Símar 552 2650 & 552 0110 • FAX: 552 1588 • e-maiL: pon@pon.is


Teikning af nýju vöruhúsi ÁTVR.

# Nýtt vöruhús ÁTVR

Hönnun og bygging nýs vöruhúss Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins (ÁTVR), var boðin út í alútboði í janúar 2007. Tekið var tilboði Eyktar ehf., þann 22. febrúar 2007, og eru framkvæmdir hafnar.

Í höfuðstöðvum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins að Stuðlahálsi 2, Reykjavík, eru vöruhús 1 og 2 sem kölluð eru Dreifingarmiðstöð Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. Þar er móttaka fyrir tóbak og áfenga drykki svo og dreifing til vínbúða. Vegna hagræðingar hefur verið stefnt að stækkun dreifingarmiðstöðvarinnar með tilkomu byggingar á vöruhúsi 3 og tengibyggingar milli þess og vöruhúss 2.

Verkkaupi er Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins (ÁTVR). Umsjón með verkinu hefur Framkvæmdasýsla ríkisins. Alverktaki er Eykt ehf. og aðalhönnuður á þeirra vegum Batteríið ehf. arkitektar. Fjármögnunaráætlun gerir ráð fyrir að ÁTVR fjármagni verkið af eigin fé en tilboð verktakans Eyktar var 145.031.749 kr. sem var 90,6 prósent af kostnaðaráætlun. Í útboðsgögnum kemur fram að ljúka eigi framkvæmdum ekki síðar en 15. nóvember 2007.

Frétt af vef Framkvæmdasýslu ríkisins, www.fsr.is.



● **FRÓÐLEIKSMOLI**

Á síðustu áratugum 18. aldar og í upphafi þeirrar 19. voru naglar handsmíðaðir úr járnteinum, annaðhvort af járnsmiðum eða sérlegum naglasmiðum. Eftir að búið var að hita járnteininn var hann hamraður á allar fjórar hliðar til að mynda mjóan odd. Að því loknu lagði smiðurinn heitan naglann á sérútbúinn steðja og mótaði hausinn með nokkrum hamarshöggum.


Gluggasmiðjan
Fyrirtæki í framþróun
Bílskúrshurðir
Iðnaðarhurðir
Ál-trégluggar
Rennihurðir
Hringhurðir
Trégluggar
Álgluggar
Loftristar
Tréhurðir
Útihurðir
Álhurðir
Viðarhöfða 3 • Sími 577 5050
www.gluggasmidjan.is

# Fyrirtæki í viðhaldi og endurnýjun fasteigna

Mikill sparnaður næst með því að vera með reglulegt viðhald á húsum. Verksýn ehf. sérhæfir sig í ráðgjöf vegna viðhalds og endurnýjunar á fasteignum. Þjónustan er tvískipt, annars vegar er boðið upp á svokallaðan viðhaldsvörð sem er þjónusta við stór húsfélög, nokkurs konar eftirlitskerfi þar sem fylgst er með eignum frá einu ári til annars og tryggt að rétt sé staðið að viðhaldi. Íbúar fá til dæmis spurningalista þar sem upplýsingum er safnað, meðal annars um leka, hvort hiti sé þægilegur eða trekkur í íbúðinni. Ástand eignar er metið og í framhaldi gerð viðhaldsáætlun og fjárhagsáætlun.

Í viðhaldsverði er einnig boðið upp á orkueftirlit, en fyrirtækið fullyrðir að sá sparnaður sem næst við reglulegt orkueftirlit geti hæglega einn og sér greitt upp kostnað við þjónustuna viðhaldsvörð.

Hins vegar býður fyrirtækið upp á viðhaldsframkvæmdir. „Sú þjónusta er meira þannig að fólk kemur til okkar og segir: húsið mitt er svona og svona, og líklegast þurfum við að gera eitthvað í því,“ segir Reynir Kristjánsson hjá Verksýn. „Þar komum við inn sem óháðir ráðgjafar, eins og hver önnur verkfræðistofa, á fyrstu stigum þegar fólk ætlar að leggja í framkvæmdir. Þetta gerum við bæði fyrir lítil einbýlishús og allt upp í 150 íbúða blokkir. Fyrst gerum við ástandsskýrslu og svo kostnaðaráætlun. Við komum með tvær eða jafnvel fleiri tillögur um útfærslur á framkvæmdum. Þetta fer svo fyrir húsfund, sem þarf að ákveða hvort verkið sé sett í lokað eða opið útboð. Í lokuðu útboði veljum við verktaka sem fá leyfi til að bjóða í verkið, og það eru þá aðilar sem hafa unnið lengi á þessu sviði,“ segir Reynir og bætir við að Verksýn sérhæfi sig eingöngu í ytra byrði húsa og innri sameignum, en fari ekkert inn í íbúðir.

*- nrg*



**Blokkin eftir andlitslyftingu frá Verksýn.**



**Þessi blokk við Hringbraut var orðin heldur hrörleg.**





Fiat Ducato
Kraftur og rými!
Frumsýnum
Bíll á mynd:
Frábært verð: 3.340 þús. (m.vsk)
15m³ – 2,3 lítra vél – 120 hestöfl.
• Mikið rými. 8–17 m³.
• Kraftur. 2,2–3,0 lítrar, 100–157 hestöfl.
• Akstursleiginleikar. Framhjóladrifinn með spólvörn.
• Þægindi. Einstök hönnun á mælaborði og stýrishúsi ásamt auka olíumiðstöð með tímastilli.
• Fjölbreytni. Fáanlegur sem pallbíll, rúta og sendibíll.
Þjónusta alla leið!
Varahlutaþjónusta og eigið verkstæði á staðnum.
PI PAR • SÍA • 70531
Fiat Ducato
Fiat Scudo
Fiat Dobló
Fiat Multipla
Fiat Punto
Fiat Panda
FIAT
Saga er umboðsaðili fyrir Alfa Romeo, Ducati, Ferrari, Fiat og Maserati
ALFA ROMEO
DUCATI
Ferrari
FIAT
MASERATI
Opið:
virka daga frá 8–18
laugardaga frá 12–16
SAGA
Malarhöfða 2a • 110 Reykjavík
Sími 570 9900 • www.fiat.is

# Menningarhúsið er ögrandi verkefni

Menningarhúsið á Akureyri er mikilfengleg framkvæmd sem Ístak sér um uppsteypu á, ásamt glerjun, klæðningu og frágangi á þaki. Haraldur Jósepsson er byggingarstjóri á staðnum.

„Þetta verður stórt og flott hús þegar það verður búið,“ segir Haraldur stoltur og lítur yfir framkvæmdina. Verið er að steypa upp 5,9 m háa veggi fyrstu hæðar og plata yfir kjallarann er langt komin. Kjallarinn sá er búinn að vera talsvert erfiður áfangi að sögn Haraldar. „Hluti hans er undir sjávarmáli og því hefur þurft að dæla nótt og dag,“ segir hann og lýsir framkvæmdinni nánar.

„Við byrjuðum í ágúst að grafa og grófum allt niður í mínus 90 m undir sjávarmál. Þótt búið væri að reka niður stálþil sjávarmegin við grunninn áður en við komum að verkinu hefur sjórinn flætt inn á okkur. En nú erum við langt komnir með að fylla að kjallaranum svo bráðum getum við hætt að dæla.

Menningarhúsið verður fjögurra hæða og er ætlað fyrir fjölþætta starfsemi, svo sem tónlistarskóla, ráðstefnur og hvers konar viðburði. Kjallarinn mun hýsa loftræstibúnað og geymslur. Á hæðunum verða skólastofur og salir, meðal annars einn 500 manna salur og annar 200 manna. Húsið er hringlaga og Haraldur segir það á margan hátt ögrandi verkefni sem þó sé gaman að fást við. Tvær efri hæðirnar eru stærri að þvermáli en kjallarinn og fyrsta hæðin, og utan á þær verður sett stuðlaberg. Haraldur segir Ístex sjá um frágang þeirra klæðningar. „Það eru 300 tonn af niðursöguðu stuðlabergi sem á að hengja hér utan á. Það kemur úr einhverri námu á Suðurlandi,“ segir hann.

Haraldur er reyndur maður í byggingarbransanum. Búinn að vera í honum í 20-30 ár. Nú er hann með fimm undirverktaka, einn þýskan sem sér um uppsteypu og fjóra frá Akureyri sem eru hver með sinn verkþátt, múrverk, pípulagnir, járnavinnu og rafvirkjun. Steypan kemur frá BM Vallá. Nú er hann spurður um aðbúnað. Fara byggingarmennirnir heim í mat eða er sameiginlegt mötuneyti?

„Hér fyrir norðan fara flestir heim í mat og taka yfirleitt klukkutíma. En við erum með mötuneyti líka því við sköffum mat fyrir þýsku verktakana.“

Uppsteypu á að vera lokið 1. október, öllum fjórum hæðunum, og Haraldur vonast til að húsið verði fokhelt fyrir næsta vetur. „Við eigum að skila þessu verki 1. apríl 2008,“ segir hann að lokum.

*gun@frettabladid.is*




**Haraldur Jósepsson, byggingarstjóri hjá Ístaki, við menningarhúsið sem er að rísa á Akureyri.** FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA.IS


UMBROT

Tökum að okkur að setja upp prentverk, stór sem smá.
Auglýsingar, bækur, blöð, dreifibréf, fréttabréf, nafnspjöld, tímarit og hvað eina sem þarf að prenta.

AUGLÝSINGAR

Útbúum auglýsingar í alla prentmiðla.
Einnig skjá-, strætisvagna- og skiltaauglýsingar.
Láttu þínar upplýsingar sjást.

MYNDVINNSLA

Litgreinum, skerpum og vinnum myndir í réttar stærðir með réttri upplausn á réttu litasviði í allar gerðir miðla.
Sýndu myndirnar þínar í réttum litum með fallegri áferð.

Frum

frum

Grensásvegi 12A • 108 Reykjavík

sími: 568 1000// frum@frum.is// www.frum.is





**Fundurinn verður haldinn á Hótel KEA á Akureyri.**

# Skipulagsdagur 2007

Skipulagsstofnun boðar til samráðsfundar um skipulags- og umhverfismál dagana 12.-13. apríl á Akureyri. Eftir vel heppnaðan fund í október 2005 þar sem rædd voru meðal annars samskipti og verkaskipting sveitarfélaga og Skipulagsstofnunar hefur verið ákveðið að halda slíka fundi árlega.

Fundurinn í ár verður haldinn á Akureyri og er áætlað að dagskrá byrji kl. 13.00 fimmtudaginn 12. apríl. Þann dag verður fundurinn haldinn á hótel KEA og mun Skipulagsstofnun þar fara yfir ýmis mál sem hún telur mikilvægt að koma á framfæri varðandi framkvæmd skipulags- og byggingarlaga, laga um mat á umhverfisáhrifum og ekki síst ný lög um umhverfismat áætlana.

Á næsta ári verða liðin tíu ár frá gildistöku núgildandi skipulags- og byggingarlaga og fimmtán ár frá því að samþykkt voru lög um mat á umhverfisáhrifum. Það þykir tilefni til þess að horfa til baka og skoða hvað hefur verið að gerast í skipulags- og umhverfismálum á þessum tíma og hvort lögin hafi virkað.

Af vef Sambands íslenskra sveitarfélaga, www.samband.is.


Kerfisloft
Svalagler
Steypumót
Gámaeiningar
Felliveggir
Gler og glerlausnir
Stálgrindarhús
Ertu í framkvæmdahug?
Hleðslubrýr
formaco
Fossaleyni 8 · 112 Reykjavík · Sími 577 2050 · Fax 577 2055 · www.formaco.is · formaco@formaco.is
AkstURS- og iðnaðarhurðir
Gluggar og hurðir
Girðingar
Stigar
Kranar og vinnulyftur





# Draumurinn er að rætast

ÍAV hefur hafið byggingu á tónlistar- og ráðstefnuhúsi við Austurhöfnina í Reykjavík. Húsið mun m.a. rúma stóran tónleikasal, æfingarsal Sinfóníuhljómsveitar Íslands, kammertónlistarsal og ráðstefnusal. Með tilkomu hússins rætist langþráður draumur um fyrsta flokks aðstöðu til tónlistarflutnings, auk þess sem Ísland kemur sér enn betur á kortið sem spennandi kostur fyrir stærri ráðstefnur og fundi.

Húsið mun mynda kjarnann í gríðarlegri uppbyggingu á svæðinu, sem verður um 100.000 fermetrar þegar allt er talið.

Byggingin verður í eigu Totus sem sjá mun um rekstur hússins.

ÍAV eru stoltir að takast á við þetta stóra og krefjandi verkefni.

ÍAV

www.iav.is

Íslenskir aðalverktakar hf. Höfðabakka 9, 110 Reykjavík, sími 530 4200, fax 530 4205, www.iav.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

# BÍLAR & FARARTÆKI

bifreiðasalan
Tangarhöfða 2 • 112 Reykjavík • Sími 577 4400 • Fax 577 4401



Nissan Patrol GR árg 06/05 ekinn 32 þús. km. sanseraður gullbrúnn, sjö mann og sjálfskiptur, eins og nýr, áhvílandi 1.100.000.- það má skoða að taka einn seljanlegan bíl upp í! Verð 4.190.000.-

**Bifreiðasalan**
**Tangarhöfða 2, 112 Reykjavík**
**Sími: 577 4400**
**www.bifreidasalan.is**






Hyundai Getz Nýskr. 02/2006, 1400cc 5 dyra, 5 gíra, ljósbrúnn, ekinn 13.000 þ. Verð 1.390.000, OD 736.

**Bílaland, B & L**
**Grjótháls 1, 110 Rvk.**
**Sími: 575 1230**
**www.bilaland.is**

PLANIÐ bílasala
við Höfðagerði eystri



GMC Cobra LTD 38" 30þkm með öllu verð 4.990.000kr

**Bílasalan Planið**
**Vatnagörðum, Reykjavík**
**Sími: 517 0000**
**www.planid.is**

## Bílar til sölu



Tvær Opel Astra, báðar 2000 árg. Önnur 1200 og hin 1600 vél, beinskiptar. Önnur 2 dyra, hin 5 dyra. Verð 350þús staðgr f/1200-2dyra bílinn. Verð 500 þús. stgr. f/1600-5dyra bílinn S. 865 0696



Til sölu Volvo XC70 nýsk. 07.2005 km.34000 fjöldi aukahluta ásamt dráttarkrók verð kr 4.880.000,- Uppl í síma 6987959



Kia Sportage árg '96. Ssk. H/L drif m/ driflokum. Ek 155 þús., aðeins 2 eigendur frá upphafi. Bíll í toppstandi. V. 350 þ. Uppl. Í s. 864 7457.



Forláta Lada Sport '97, 1.7i. Í góðu ástandi. Ek. 60 þ., nýjar bremsur og kúpling. Verð 110 þ. Uppl. í s. 847 2370.



### Aðeins 19 þ. pr mánuð

VW Polo, Árg. 05/05, E-42Þ, 5 gíra, 5 dyra, Sk. '08, Cd. Ásett 1190, 100% Lán 1149 þ.., 897 2425.



### 16 þ. á mánuði fyrir toppeintak

Daewoo Kalos Se, árg. 09/03, E-69Þ, 5 gíra, 1400 vél, Sk. '08. Fæst á láni 658 þ. S. 661 8197.



### Góður bíll á súperkjörum

Renault Laguna, 11/01, 1600, 5 gíra, Sk. '07, E-91Þ. Ásett 1130 þ. 100% Lán 1010 þ. S. 661 8185.



Polaris Switchback árg. '06 til sölu. Ek. 950 km. Topp sleði með töskum og fl. Gott stgr. verð. Uppl. í s. 893 0082.

Vill ekki einhver kaupa MMC 4x4station árg. '97. Ekinn 85 þús. Góður vinnub. eða í hestana eða hvað sem er. Uppl. í síma 557 4404 eða 861 6442.

Renault Expres. Árg '91. Ekinn aðeins 102 þús. Sko '08. Nýtt púst og kúpling. Fæst á 85 þús. Uppl í s. 844 1823.

## 0-250 þús.

Skoda Felicia combi árg 99 ekinn 149,000 km nýtt í bremsum o.f.l verð 150,000 uppl í síma 860-2679 Tryggvi

Hyundai Accent, árgerð 2000, ekinn 140 þúsund. Silfurgrár og vel við haldið. 250 þús. Uppl. s. 8466280.

Toyota Corolla Special Series skoðuð 08. Ekinn 178þús Verð 140þús. Sími 8638801

Galant árg. '94. Ssk. Skoðaður '07. Ekinn. 170 þ. Verð 120 þ. S. 699 2707.

## 250-499 þús.



Til sölu VW Polo 1,4 '99. Sparneytinn og mikið endurnýjaður bíll í toppstandi. Ekinn 134 þ. km. Uppl. 554 1953.



Til sölu Suzuki Sidekick sport. Árg. '97. Ek. 161 þ. Ssk. S- og v-dekk. Ásett verð 490 þ. Fæst á 290 þ. Uppl. í s. 844 1823.

## Bílar óskast

Óska eftir að kaupa Toyota Hiace, MMC L 300 eða svipað stóran bíl. Má vera óskoðaður og óskráður. Uppl. í s. 899 6016.

## Jeppar

Toyota Landcruiser 90 árg. '96. 32" breyttur, ekinn 240. þús. Uppl í s. 896 5029.

## Pallbílar




### Splúnkunýr og Sparneytinn!

Dodge Caliber er af nýrri kynslóð bandaríska bíla sem sameinar gæði, lúxusbúnað og sparneytni. 7,4 lítrar pr.100km. Glæsilegur fólksbíll/jepplingur sem einnig fæst með fjórhjóladrifi. Gríptu nýjan Dodge Caliber á verksmiðjuútsölu í dag á kr. 1.995.000. Lækkun dollar og heildsöluverð islandus.com orsakar verðhrun og þú gerir reyfarakaup! Nýjir og nýlegir bílar frá USA og Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Sömu bílar bara miklu lægra verð. 30 ára traust innflutningsfyrirtæki. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. Fáðu betra tilboð í síma 552 2000 eða á www.islandus.com




### Pallbílar á Útsölu!

Aldrei verið betra kauptækifæri. Nær nýjir 2006 Ford F150 frá kr. 1.750.000! Stærri pallbílar Ford 350 og Dodge RAM 3500 árgerð 2006 með fjórhjóladrifi og díselvél og engum hraðatakmarkara frá kr. 3.190.000. Hringdu núna og festu gott eintak á útsölu. Þú finnur hvergi lægra verð. Lækkun dollar og heildsöluverð islandus.com orsakar verðhrun og þú gerir reyfarakaup! Nýjir og nýlegir bílar frá USA og Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Sömu bílar bara miklu lægra verð. 30 ára traust innflutningsfyrirtæki. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. Fáðu betra tilboð í síma 552 2000 eða á www.islandus.com




### Hvergi lægra verð!

Gríptu nýjan eða nýlegan jeppa á útsölu meira en milljón undir markaðsverði! Bílinn heim í flugi með Icelandair. Nokkur dæmi á 2006-2007 bílum: Jeep Grand Cherokee frá 2,590, Ford Explorer með nýja útlitinu frá 2.690, Dodge Durango frá 2.690, Porsche Cayenne frá 5.990, Toyota Tacoma frá 1.990, Ford F150 frá 1.790, Toyota Fjcruiser torfærujeppi frá 3.390. Nýr 2007 Benz ML320 Dísel! Lækkun dollar og heildsöluverð islandus.com orsakar verðhrun og þú gerir reyfarakaup! Nýjir og nýlegir bílar frá USA og Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Sömu bílar bara miklu lægra verð. 30 ára traust innflutningsfyrirtæki. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. Fáðu betra tilboð í síma 552 2000 eða á www.islandus.com




### TOYOTA - LEXUS 7,5 l/100 innanbæjar!

Sparaðu yfir 2 milljónir króna við kaup á Toyota Highlander lúxusjeppa sem byggir á Lexus RX400 grunni. 268 hestöfl. 7,5 lítrar á 100km innanbæjar! Meiri lúxus og minni eyðsla en Toyota Landcruiser. Hybrid er „mun haghvæmari en dísel" segir forstjóri Toyota. Lækkun dollar og heildsöluverð islandus.com orsakar verðhrun og þú gerir reyfarakaup! Toyota Highlander lúxusjeppi 208 hestöfl nær nýr 2006 frá Kr. 3.790.000, splúnkunýr 2007 frá Kr. 4.390.000. Splúnkunýr Lexus RX400 frá kr. 5.750.000. Nýjir og nýlegir bílar frá USA og Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Sömu bílar bara miklu lægra verð. 30 ára traust innflutningsfyrirtæki. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. Fáðu betra tilboð í síma 552 2000 eða á www.islandus.com

## Húsbílar






Glæsilegur húsbíll til sölu. GMC 1994 Thor Pinnacle Turbo diesel. ek. 41 þús. km. Uppl. í s. 555 1800 og argerdi@islandia.is

## Mótorhjól

Til sölu Dainese leðurgalli. Uppl. á: http://public.fotki.com/torsteinsson/

## Vélsleðar

Skidoo formula 600, árg. '96, í toppstandi. Listaverð 180 þ., tilboð 150 þ. Skidoo Summet, árg. '05, ek. 2500 km. einnig í toppstandi. Uppl. í s. 698 1100.

ski-doo mxz 700 árg 2000 32mm belti verð 320.000 uppl.í síma 660-9596

### Dellukarl þarfnast hjálpar!

Óska eftir vélsleðamótor gefins eða fyrir lítið. Eins ef þú þarft að losna við gamla sleðaflakið úr skúrnum, þá er ég tilbúin að sækja það hvert á land sem er. Uppl. í s. 869 5731, Valli.

## Kerrur

Óska eftir kerru helst gefins eða fyrir lítinn pening. Uppl i s 848 0944

## Fellihýsi







## VINNUVÉLAR TIL SÖLU




## BÍLAR TIL SÖLU



serrano

**Serrano Hringbraut - Afgreiðsla**
**Óskum eftir að ráða starfsfólk í hlutastarf um helgar, við afgreiðslu, á Serrano við Hringbraut. Við leitum að jákvæðu, duglegu og lífsglöðu fólki, 18 ára eða eldri, til að vinna á skemmtilegum vinnustað. Hægt er að sækja um á www.serrano.is/atvinna - Nánari upplýsingar veitir Lena í síma 899-8947**

**Leikskólinn Skógarborg við Efstaland**
**Óskar eftir leikskólakennara/leiðbeinanda í 100% starf. Upplýsingar gefur leikskólastjóri í s. 553 1805 & 698 1392.**

**Ræstingar**
**Ræstingaþjónustan sf óskar eftir að ráða í kvöldræstingar um alla borg, einnig laus afleysingastörf.**
**Nánari upplýsingar fást á skrifstofutíma í síma 821 5054.**

**Vilt þú tryggja þér sumarvinnu?**
Skalli Hraunbæ óskar eftir starfsfólki í kvöld- helgar og dagvinnu nú þegar og í sumar. Upplýsingar í s. 567 2880.

**Hjólbarðaverkstæðið Barðinn**
Röska menn vantar á hjólbarðaverkst. Uppl. í s. 568 3080 eða á staðnum. Barðinn, Skútuvogi 2.

Við leitum að kraftmiklu fólki, mikið í boði. Uppl. í s. 662 5599.

Starfsmaður óskast í heildverslun við áfyllingu í verslunum. Uppl. í s. 897 4121.

10 manneskjur óskast strax. Laun 75.000-125.000 sem aukastarf við að kynna glænýtt, byltingarkennt GIANTS verslunarkort til að spara og hafa tekjur af verslun. Yfir 100 verslanir bjóða varanlega verðlækkun á öllu, alltaf þegar fólk verslar. Nánari upplýsingar í síma 511 1024.

**Sumarvinna - Garðyrkja**
Viltu vinna úti í sumar við hin ýmsu garðyrkjustörf og fá hraustlegt og gott útlit í kaupbæti ofan á launin. Ef svo er þá skaltu senda okkur helstu upplýsingar um þig ásamt fyrri starfsreynslu og menntun draumagardar@vortex.is (ekki í síma)

**Háseti**
Vanur háseti óskast á línuskipið Kristrúnu RE -177 frá Reykjavík. Uppl. Í s. 852 3089 & 893 5458 .

## Atvinna óskast

INTJOB STARFSMANNALEIGA ÚTVEGAR FYRIRTÆKJUM ERLENDA IÐNVERKAMENN OG VERKAFÓLK
Útvegum m.a.:
- Smiði - Tækjastjórnendur
- Múrara - Verkamenn
- Pípara - Hjúkrunarfólk
- Rafvirkja - Önnur störf
- Vélvirkja samkvæmt óskum
- Meiraprófsbílstjóra atvinnurekanda
INTJOB hefur verið starfrækt í þrjú ár með góðum árangri
Hafðu samband í síma 517 4530
INTJOB STARFSMANNALEIGA
Hagasmára 1, 201 Kópavogur, www.intjob.is

Útvegum starfsfólk frá Evrópu í ferðaþjónustu, verslun, heimilishjálp, fiskvinnslu o.fl. skv. óskum atvinnurekanda. Áralöng reynsla. Uppl. í s. 4878576, ninukot@ninukot.is, www.ninukot.is. Nínukot.

Óskar eftir vinnu við ræstingar á kvöldin, er enskumælandi Uppl. í sima 5540047

vanur meiraprófsbílstjóri óskar eftir vinnu um helgar allt kemur til greina. upplýsingar í síma 8663116

29 maður með meirapróf(vörubílpróf,rútupróf,lyftarapróf)vantar vinnu. Get byrjað strax.Upply. i sima 8989464 Thomas(tala ensku)

## TILKYNNINGAR

## Ýmislegt

**Engar skuldir - Hærri tekjur**
Skoðaðu www.Kennsla.com ef þú vilt losna við skuldir og fá miklu hærri tekjur.

Hringiðan Internetþjónusta
INTERNET tengingar
ADSL eða ljósleiðari
Verð frá 3.990.- kr.
Hringdu núna 525 2400
www.vortex.is

## ATVINNA

Akraneskaupstaður

*Auglýsing um lausar stöður í grunnskólum Akraneskaupstaðar*

### Brekkubæjarskóli, Akranesi

***Eftirtaldar kennararastöður eru lausar til umsóknar***
***Umsjónarkennsla á yngsta og miðstigi***
***Umsjónarkennsla á unglingastigi, kennslugreinar: stærðfræði, enska og samfélagsfræði.***
***Sérkennsla***
***Tónmenntakennsla***

Deildarstjórastaða, framhaldsmenntun á sviði stjórnunar eða kennslufræði æskileg. Reynsla af stjórnun nauðsynleg.

Nánari upplýsingar veitir:
Skólastjóri Arnbjörg Stefánsdóttir, netfang: arnbjorg@brak.is Sími skólans: 433 1300

Brekkubæjarskóli er heildstæður grunnskóli með u.þ.b. 430 nemendur í 1. -10. bekk.

Skólastefna Brekkubæjarskóla er skýr framtíðarsýn í anda lífsleikni, manngildis og hugmynda um að til þess að ná árangri í skólastarfi þurfi að hlúa að vellíðan og starfsánægju bæði nemenda og starfsmanna. Það eru forsendur fyrir góðum árangri í námi og starfi.

Verið velkomin til að kynna ykkur aðstæður í skólanum, slóðin á heimasíðu skólans er www.brak.is

Umsóknarfrestur er til 20. apríl n.k.. Umsóknir berist til Brekkubæjarskóla, Vesturgötu 120, 300 Akranesi.

### Grundaskóli, Akranesi

***Eftirtaldar kennararastöður eru lausar til umsóknar***
***Umsjónarkennarastöður***
***Verkefnastjórastaða í umferðarfræðslu***
***Sérkennarastaða***

Nánari upplýsingar veitir:
Hrönn Ríkharðsdóttir, aðstoðarskólastjóri, netfang: hrik@grundaskoli.is. Sími skólans er 433 1400

Grundaskóli er heildstæður grunnskóli með um 520 nemendur og 70 starfsmenn. Í Grundaskóla er metnaðarfullt skólastarf, gott starfsumhverfi og góð samvinna starfsfólks, nemenda, foreldra og annarra samstarfsaðila skólans.

Í Grundaskóla eru gerðar kröfur til nemenda og starfsfólks um dugnað, reglusemi, góða umgengni, góða ástundun og gagnkvæma virðingu. Slóðin á heimasíðu skólans er www.grundaskoli.is

Umsóknarfrestur er til 20. apríl n.k. Umsóknir berist til Grundaskóla, Espigrund 1, 300 Akranesi.

Hvað er að frétta?
Beint í farsímann eða í vefpósti_


www.visir.is

V I R K T Í B Ú A L Ý Ð R Æ Ð I

# ATKVÆÐAGREIÐSLA 31. MARS 2007

www.hafnarfjordur.is/x31mars

## Kynningarfundir vegna atkvæðagreiðslu um deiliskipulag vegna fyrirhugaðrar stækkunar álvers Alcan í Straumsvík

Fundirnir eru öllum opnir svo lengi sem húsrúm leyfir og eru Hafnfirðingar hvattir til að mæta og kynna sér málin. Fundunum verður varpað á Vefveitunni á **www.hafnarfjordur.is** og geta bæjarbúar nálgast upptökur af fundunum á sömu slóð. Fundirnir verða sem hér segir:

| DAGSETNING | FUNDAREFNI | FUNDARSTAÐUR |
|---|---|---|
| Þriðjudaginn 20. mars | Umhverfis- og mengunarmál<br>• Trausti Baldursson, formaður starfshóps skipulags- og byggingarráðs<br>• Dr. Sveinn Agnarsson, hagfræðingur á Hagfræðistofnun Háskóla Íslands<br>• Stefán Einarsson, Umhverfisstofnun<br>• Ingi B. Rútsson, formaður Hags Hafnarfjarðar<br>• Stefán Georgsson, verkfræðingur<br>• Guðrún Þóra Magnúsdóttir, leiðtogi umhverfismála hjá Alcan<br>Fundarstjóri: Hólmar Svansson, Capacent | Hafnarborg kl. 20:00 |
| Miðvikudaginn 21. mars | Skipulag og framtíð byggðar<br>• Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri Hafnarfjarðar<br>• Dr. Bjarki Jóhannesson, sviðsstjóri skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarbæjar<br>• Pétur Óskarsson, formaður Sólar í Straumi<br>• Ingi B. Rútsson, formaður Hags Hafnarfjarðar<br>• Elías Georgsson, verkfræðingur<br>• Gunnar Guðlaugssoni, framkvæmdastjóri hjá Alcan<br>Fundarstjóri: Fjóla María Ágústsdóttir, Capacent | Bæjarbíó kl. 20:00 |
| Fimmtudaginn 22. mars | Samfélags- og efnahagsmál<br>• Dr. Gunnar Ólafur Haraldsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands<br>• Sveinn Bragason, fjármálastjóri Hafnarfjarðarbæjar<br>• Ingi B. Rútsson, formaður Hags Hafnarfjarðar<br>• Sigurður Pétur Sigmundsson, hagfræðingur<br>• Dr. Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins<br>• Kristín Pétursdóttir, viðskiptafræðingur<br>Fundarstjóri: Hólmar Svansson, Capacent | Bæjarbíó kl. 20:00 |
| Fimmtudaginn 29. mars | Opinn fundur með þátttöku málsaðila<br>Á fundinum munu fulltrúar ólíkra sjónarmiða, sem varða fyrirhugaða stækkun álversins, koma þeim á framfæri.<br>ATH! Fundinum verður sjónvarpað beint á Stöð 2 | Hafnarborg kl. 19:00 |

*Minnum á utankjörfundaratkvæðagreiðsluna!*

Sjá nánar á www.hafnarfjordur.is/x31mars

FABRIKAN

# allt heilsa

Alla þriðjudaga og fimmtudaga

# Aðalfundarboð

Aðalfundur Skógræktarfélags Kópavogs verður haldinn miðvikudaginn 21. mars 2007 kl. 20.00 í Félagsheimili Kópavogs, 1. hæð.

Fundarefni:

1. Venjuleg AÐALFUNDARSTÖRF
   - myndir frá starfinu á liðnum árum
2. Skógurinn og skólastarfið
   Ólafur Oddson verkefnisstjóri LÍSV kynnir niðurstöður á mati
3. Önnur mál
   Kaffiveitingar

*Mætum öll vel og stundvíslega*

**Stjórn Skógræktarfélags Kópavogs**

# GARÐABÆR

www.gardabaer.is

## AUGLÝSINGAR UM SKIPULAGSMÁL Í GARÐABÆ

Bæjarstjórn Garðabæjar auglýsir hér með kynningu á eftirfarandi tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2004-2016, samkvæmt 1. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.

### Urriðaholt - Kauptún

Í tillögunni felst að byggingarmagn í Kauptúni eykst úr 40.000-50.000 $m^2$ í 61.200 $m^2$ og byggingarmagn í „blandaðri byggð" í Urriðaholti minnkar úr 65.000 $m^2$ í 53.800 $m^2$. Nýtingarhlutfall í Kauptúni í heild verður 0,23 í stað 0,19. (miðað við 27.5 ha heildarstærð Kauptúns skv. Deiliskipulagi). Aðalskipulagsbreytingin er hér með auglýst samhliða tillögu að breytingu deiliskipulags.

Bæjarstjórn Garðabæjar auglýsir hér með kynningu á eftirfarandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Kauptúns, verslunar- og þjónustusvæðis í Urriðaholti Garðabæ sem samþykkt var í október 2005. Tillagan er kynnt skv. 1.mgr. 26.gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.

### Kauptún 3 til 7

Tillaga að breytingu deiliskipulags Kauptúns vegna áforma um verslunarmiðstöð á lóðunum Kauptún 3, 5 og 7.
Tillagan gerir ráð fyrir því að lóðirnar verði sameinaðar í eina lóð, Kauptún 3 og að þar verði reist ein bygging í stað tveggja til þriggja. Samhliða verða lóðarmörk og byggingarreitur færð til austurs þannig að hægt verði að fella hluta byggingarinnar inn í hlíðina. Um leið færast suðurmörk byggingarreits norðar, frá vatninu og bílastæði bætast við í suðurenda lóðarinnar. Lóðin stækkar með breytingunni úr 46.933 $m^2$ í 58.528 $m^2$ og eykst mögulegt byggingarmagn lóðarinnar um 10.200 $m^2$, úr 11.700 $m^2$ í 21.900 $m^2$. Að sama skapi hækkar nýtingarhlutfall deiliskipulagssvæðisins úr 0,15-0,19 í 0,23. Bílastæðum fjölgar sem nemur stækkun byggingarmagns.
Tillagan gerir ráð fyrir því að þak byggingarinnar liggi að holtinu og verði í sömu hæð og holtið þar sem það mætir byggingunni. Þakið verði með náttúrlegu yfirbragði; grasi, mosa o.s.f.v. þannig að byggingin falli sem best inn í umhverfið og með því verði dregið verulega úr sjónrænum áhrifum byggingarinnar í byggðinni í holtinu.
Deiliskipulagstillagan er hér með auglýst samhliða tillögu að breytingu aðalskipulags.

Tillögurnar liggja frammi á bæjarskrifstofum Garðabæjar, Garðatorgi 7, frá 20. mars 2007 til og með 1. maí 2007. Þær eru ennfremur aðgengilegar á heimasíðu Garðabæjar www.gardabaer.is. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar. Frestur til þess að skila inn athugasemdum rennur út þriðjudaginn 1. maí 2007. Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofur Garðabæjar og skulu þær vera skriflegar og undirritaðar. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillögurnar fyrir tilskilinn frest teljast samþykkir þeim.

***Arinbjörn Vilhjálmsson***
***Skipulagsstjóri Garðabæjar***

**Tækni- og umhverfissvið**

GÍSLI RÚNAR JÓNSSON ER 54 ÁRA Í DAG



*„Ég hef alltaf miðað þetta við tvo vini mína og kollega sem eru töluvert eldri en ég. Ladda sem er sex árum eldri og Arnar Jónsson sem er tæpum tíu árum eldri. Þegar þessir menn hafa haldið upp á afmælisáfanga í lífum sínum hef ég fyllst skelfingu fyrir þeirra hönd.“*

LEIKARINN TEKUR ÞVÍ MEÐ STÓÍSKRI RÓ AÐ ELDAST.

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 20. MARS 1957

## *Pólitískur kvikmyndaleikstjóri fæðist*

Þennan dag árið 1957 fæddist leikstjórinn Spike Lee í Atlanta í Georgíuríki í Bandaríkjunum. Shelton Jackson Lee, eins og leikstjórinn heitir réttu nafni, fluttist ungur að árum til Brooklyn með fjölskyldu sinni og hefur búið í New York síðan. Faðir Spike er djasstónlistarmaður og móðir hans kennari en það var hún sem festi nafnið Spike við hann þegar hann var krakki.

Snemma varð ljóst að Spike Lee hneigðist til kvikmyndagerðar. Hann tók áfanga í kvikmyndafræði í háskóla og mastersritgerð hans var heimildarmynd. Fyrsta leikna kvikmynd Lee var She's Gotta Have It sem gerð var fyrir litla fjármuni, um ellefu milljónir króna, árið 1986. Myndin sló í gegn og kom Spike á kortið í kvikmyndaheiminum.

Honum bauðst í kjölfarið að leikstýra auglýsingum fyrir þekkt vörumerki á borð við Nike og Converse auk þess sem hann gerði tónlistarmyndbönd fyrir hljómsveitir eins og Beastie Boys. Kvikmyndir Spike Lee þykja flestar nokkuð pólitískar, enda hefur hann fjallað talsvert um samskipti kynþátta í Bandaríkjunum. Þekktustu myndir hans eru Malcolm X, Mo' Better Blues, Jungle Fever og Do the Right Thing sem tilnefnd var til óskarsverðlauna árið 1989.



**FIMMTUGUR Í DAG** Kvikmyndaleikstjórinn Spike Lee fæddist á þessum degi fyrir 50 árum.

## MERKISATBURÐIR

**1919** Fossafélagið Titan sækir um sérleyfi til að virkja alla Þjórsá. Umsóknin var síðar dregin til baka.

**1939** Þýsk sendinefnd kemur til landsins og biður um að fá að koma upp flugbækistöð hér á landi. Beiðninni var hafnað.

**1940** Skáldið Gunnar Gunnarsson sækir Adolf Hitler heim í Berlín. Þeir ræða um málefni líðandi stundar í rúma hálfa klukkustund.

**1982** Sprenging verður í hreyfli Flugleiðavélar stuttu eftir að hún hóf sig á loft frá Ísafirði. Nauðlenda þurfti á Keflavíkurflugvelli en engin meiðsl urðu á fólki.

**1991** Ásgeir Hannes Eiríksson heldur stystu ræðu í sögu Alþingis: „Virðulegi forseti. Álverið rísi!“

---



*Ástkær eiginkona, dóttir, tengdadóttir og systir,*

**Sigríður Stefánsdóttir**

Skólagerði 20, Kópavogi,

lést á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi, 13. mars sl. Útför hennar fer fram í Digraneskirkju, Kópavogi, fimmtudaginn 22. mars nk. klukkan 15.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Ísleifur Arnarson**
**Jóhanna Stefánsdóttir**
**Stefán Stefánsson**
**Hallbera Ísleifsdóttir**
**Stefán Stefánsson**
**Davíð Stefánsson**
**Þóra Ragnheiður Stefánsdóttir**

---



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Salvör Jakobsdóttir**

Efstasundi 67, Reykjavík,

sem lést 11. mars, verður jarðsungin frá Langholtskirkju í dag, þriðjudaginn 20. mars, kl. 13.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Nína Guðmundsdóttir** — **Grétar Örn Júlíusson**
**Jakob Viðar Guðmundsson** — **Kristín Helgadóttir**
**Kolbrún Guðmundsdóttir**
**Halla Guðmundsdóttir** — **Kjartan Kjartansson**
**Ingibjörg Guðmundsdóttir** — **Gunnar Örn Angantýsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Eiginmaður minn, faðir okkar, bróðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Gunnar Baldvinsson**

frá Hofsósi, Blesugróf 40, Reykjavík,

andaðist á Dvalarheimilinu Hjallatúni, Vík í Mýrdal þann 17. mars sl. Jarðarförin auglýst síðar.

**Margrét Þorgrímsdóttir**
**Trausti Baldvins Gunnarsson** — **Jóhanna Clausen**
**Guðrún Jóna Gunnarsdóttir** — **Steinn Márus Guðmundsson**
**Gunnar Heiðar Gunnarsson** — **Sólveig Ingunn Skúladóttir**
**Friðrikka Baldvinsdóttir** — **Heimir Jóhannsson**
**barnabörn og langafabörn.**

---



*Ástkær eiginmaður minn, sonur, faðir okkar, fósturfaðir, tengdafaðir, afi og tengdasonur,*

**Jón Magnús Steingrímsson**

pípulagningameistari, Skagaseli 2, Reykjavík,

lést á heimili sínu þriðjudaginn 13. mars.

**Guðrún Hugborg Marinósdóttir**
**Margrét Hjartardóttir**
**börn, afabörn, tengdaforeldrar**
**og aðrir aðstandendur.**

---



**PÁLMI GUÐMUNDSSON** Hyggst blása nýju lífi í Stöð 2 Bíó og brydda upp á þematengdum kvikmyndum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

PÁLMI GUÐMUNDSSON: SIRKUS Í SÓKN Á NÝJU ÁRI

# Nánari tenging við Stöð 2

Sjónvarpsstöðin Sirkus verður send út í lokaðri dagskrá frá og með 26. mars eftir að hafa verið öllum opin síðan henni var hleypt af stokkunum fyrir tæpum tveimur árum síðan. „Hugmyndin er sú að láta Stöð 2 og Sirkus styðja hvor við aðra og með því að læsa dagskrá Sirkuss verður jafnframt hægt að auka svigrúmið til að bæta þjónustuna við markhóp stöðvarinnar,“ útskýrir Pálmi Guðmundsson, sjónvarpsstjóri Stöðvar 2. „Hin hugmyndin er síðan sú að vinsælustu þættir Stöðvar 2 hverju sinni verði sýndir kvöldið eftir á Sirkus þannig að hún verður jafnframt hálfgerð Stöð 2 plús-plús,“ bætir Pálmi við en þetta mun vera í fyrsta skipti sem þetta er reynt í íslensku sjónvarpslífi. „Miðað við þá velgengni sem plús-stöðvarnar hafa notið fannst okkur þetta rökrétt framhald,“ segir Pálmi en Stöð 2 var fyrst allra til að setja slíka stöð í loftið og hafa bæði RÚV og Skjár einn fylgt í kjölfarið.

Pálmi segir að niðurstöður áhorfendakönnunar Capacent sem sýndu hátt lóðrétt fall á áhorfi Sirkuss hefðu í raun lítið með þessar breytingar að gera og að þetta hefði staðið mun lengur til. „Áhorfið á stöðina hefur aukist jafnt og þétt en náði nýjum hæðum þegar Auðunn Blöndal fór af stað með þættina sína Tekinn,“ útskýrir Pálmi. „Nú er hann ekki lengur á dagskrá og þess vegna sýndi þessi könnun þetta fall,“ bætir hann við.

Þá stendur einnig til að taka í notkun nýtt afsláttarkerfi hinn 20. mars fyrir áskriftarstöðvar 365 miðla ehf. Nýja afsláttarkerfið er skýrara og einfaldara enda byggt upp þannig að veittur er meiri afsláttur frá grunnverði eftir því sem fleiri stöðvar eru keyptar. Með þessu breyta kerfi verður þjónusta við áskrifendur Stöðvar 2 aukin enn frekar að sögn Pálma.

Pálmi upplýsir einnig að dagskrá Stöðvar 2 Bíós hafi verið tekin til gagngerrar endurskoðunar. Þannig verði nýrri plús-stöð komið á fótinn svo áskrifendur hafi aðgang að nýjum kvikmyndum á klukkutíma fresti. „Við viljum að dagskrá stöðvarinnar verði í takt við það sem er að gerast úti í samfélaginu, meðal annars í kvikmyndahúsunum, og brydda upp á því að hafa meira af þematengdu efni,“ útskýrir Pálmi.

freyrgigja@frettabladid.is


**Það sem hafa ber í huga varðandi andlát og útför**



Sverrir Einarsson — Hermann Jónasson — Geir Harðarson — Bryndís Valbjarnardóttir

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Suðurhlíð 35 Fossvogi • www.utforin.is

Vaktsími: **581 3300 & 896 8242 • Sólarhringsvakt**

**Komum heim til aðstandenda ef óskað er**

Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur
Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkynningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000.**



**VINNUGLEÐI Í VETRARTÍÐ** Vetrartíðin sem ríkt hefur í höfuðborginni undanfarna daga hefur lagst misjafnlega í fólk. Þessir ungu drengir í Árbænum voru þó himinlifandi yfir snjónum og vörðu lunganum úr laugardeginum í að reisa þennan líka fyrirmyndarsnjókarl. Drengirnir, sem heita Ferhad, Theodór, Elvar og Murad, náðu útkomunni rétt í mitti, og væntanlega leitun að öðrum eins snjókarli í borginni.

MYND/ERNA K. SIGURJÓNSDÓTTIR




WWW.ICELANDAIR.IS
LÉTT BYLGJAN 967 - RÉTTU LÖGIN...ALLTAF!
ICELANDAIR HOTELS
midi.is
BÍLALEIGA AKUREYRAR Höldur
National Car Rental
Coca-Cola light






## STUÐ MILLI STRÍÐA: Ekkert er nýtt undir sólinni

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** SÉR SÖGUNA FARA Í HRING



Nýlega varð ég þess heiðurs aðnjótandi að sjá kvikmyndina Hættuleg kynni þar sem John Malkovich og Glenn Close plottuðu sín á milli með ástarlíf yfirstéttarinnar. Spillingin sem þreifst og ranghugmyndirnar sem aðalpersónurnar dunduðu sér við að smíða voru fyrst og fremst sprottnar af algjöru tilbreytingarleysi. Þær höfðu ekkert annað fyrir stafni en að eyðileggja og rífa niður það sem þeim leiddist þá og þann daginn.

Í fyrstu varð ég agndofa yfir firringunni sem ríkti í hugum þessa fólks. Hvernig gat það fengið sig til þess að leika sér með sálarlíf og hjörtu náungans og skilja hann eftir með opin sár? Fólkið sem hafði allt en gat ekki unað þess að einhver annar hefði það betra og var því áfram um að fremja skemmdarverk. En síðan rann upp fyrir mér ljós. Yfirstéttin, fólkið með peningana og völdin, hefur í raun ekkert breyst heldur þróast í átt að fullkomnun sem er að ná hámarki núna.

Þegar fólkið sat og drakk púrtvínið sitt í glæsilegri veislu tróð fremsti „geldingur“ heims upp fyrir fólkið, söng nokkur lög og var klappað lof í lófa fyrir. Þetta hefur ætíð verið eitt af aðalsmerkjum yfirstéttarinnar, að fá snillingana til að leika listir sínar og njóta alls þess besta sem drýpur af menningargyðjunni. Mozart lék fyrir drottningar og kónga og naut góðs af um skamma stund. Seinna varð hann náttúrlega að alkóhólista og kynlífsfíkli sem dró hann til dauða en hann var hirðfífl yfirstéttarinnar þegar henni þóknaðist að láta undrabarnið leika nokkur lög. Þetta hefur ekkert breyst, Elton John og Duran Duran leika á als oddi fyrir auðkýfinga úti um allan heim þegar þeir vilja halda gott partí eða afmæli.

Að halda að yfirstéttin hafi látið af gamla lífsstílnum þegar Bastillan féll á sínum tíma er barnalegur söguskilningur. Hún þrífst vel og lifir í einhverjum heimi sem seinna meir munu verða gerð góð skil í nútímalegri útgáfu af Hættulegum kynnum.

# myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Láttu Netbankann koma þér á óvart!

# HELMINGI LÆGRI YFIRDRÁTTARVEXTIR



Hjá Netbankanum færðu helmingi lægri yfirdráttarvexti fyrstu 6 mánuðina og betri vexti eftir það. Þú færð einnig ýmsa fría þjónustuþætti þegar þú kemur í viðskipti við Netbankann.

## Fáðu tilboð í bankaviðskipti!

Tilboðið er án skuldbindinga og þér að kostnaðarlausu.

## Þú gætir dottið í lukkupottinn

Allir nýir viðskiptavinir Netbankans eiga kost á því að vinna glæsilegan ferðavinning. Þeir sem stofna Vildarkort VISA og Icelandair geta unnið 100 þúsund Vildarpunkta og þeir sem stofna MasterCard-kreditkort geta unnið 50 þúsund króna ferðaávísun. Dregið verður þann 16. maí 2007.

Sæktu um á nb.is eða hringdu í þjónustufulltrúa í síma 550 1800

Netbankinn
*kemur á óvart*

**www.nb.is**

Himinn og haf / SÍA

# Veisla til heiðurs Jóhanni

Ljóðaveisla til heiðurs Jóhanni Hjálmarssyni, skáldi og bæjarlistamanni Mosfellsbæjar, verður í Listasal Mosfellsbæjar kl. 20 í kvöld. Þar mun Þröstur Helgason bókmenntafræðingur kynna feril skáldsins og helstu verk og Kristbjörg Kjeld leikkona flytur nokkur ljóð Jóhanns við undirleik Karls Möller og félaga. Tónlistin er eftir Karl en auk þeirra fer leskór skipaður nemendum Lágafellsskóla með ljóð eftir skáldið. Hefst dagskráin kl. 20 og stendur í rúma eina og hálfa klukkustund.

Listasalurinn er í Bókasafni Mosfellsbæjar, Þverholti 2.

Jóhann Hjálmarsson er fæddur 1939 í Reykjavík. Jóhann hefur komið víða við á starfsferli sínum, gefið út hátt á annan tug ljóðabóka, og kom sú fyrsta út árið 1956, Aungull í tímann. Nýjasta bók hans er Vetrar-megn sem kom út árið 2003. Sú bók er síðasta bókin í ljóðaþríleik, þar sem áður komu út Marlíðendur (1998) og Hljóðleikar (2000), en sú bók var tilnefnd til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs 2003.

Ljóð Jóhanns hafa verið þýdd á mörg tungumál og birst í safnritum víða um heim. Hann hefur einnig þýtt ljóð fjölmargra erlendra höfunda og auk þess gefið út bók um íslenska nútímaljóðlist (1971). Með verkum sínum hefur Jóhann markað sér sess sem eitt af helstu ljóðskáldum sinnar samtíðar.


**JÓHANN HJÁLMARSSON** Skáld og gagnrýnandi.

# Sónata eftir Mixa frumflutt

Valgerður Andrésdóttir heldur einleikstónleika í Salnum í Kópavogi í kvöld. Þar gefur að heyra verk Toru Takemitsu frá Japan og Sofiu Gubaidulinu frá Rússlandi, auk píanósónötu eftir Franz Mixa, hins merka frömuðar í tónlistarmálum þjóðarinnar. Þá leikur Valgerður píanósónötu KV 576 eftir Mozart og Dante-sónötuna eftir Franz Liszt.

Valgerður Andrésdóttir lauk einleikaraprófi 1985. Hún stundaði nám í Berlín þaðan sem hún lauk prófi 1992. Hún var búsett í Kaupmannahöfn í nokkur ár þar sem hún starfaði við kennslu og píanóleik. Hefur hún spilað einleikstónleika, kammertónleika og spilað með söngvurum. Hún hefur einnig unnið með CAPUT og Sinfóníuhljómsveitinni og kennir nú við Tónlistarskólann í Hafnarfirði.

Franz Mixa fæddist í Vínarborg árið 1902. Hann stundaði nám við Tónlistarháskólann í Vín og varð snemma fjölhæfur tónlistarmaður og samdi fyrir 1929 nokkur verk og er píanósónatan frá þessum tíma. Að öllum líkindum er hér um að ræða fyrsta opinbera flutning sónötunnar hér á landi.

Árið 1930 kom Mixa til Íslands í tengslum við Alþingishátíðina. Hann átti þátt í að stofna Hljómsveit Reykjavíkur og Tónlistarskólann í Reykjavík. Árið 1938 hvarf hann svo aftur til Austurríkis og tók við ábyrgðarstöðum þar í landi. Eftir hann liggja nokkrar sinfóníur, óratoríur, ópera um Fjalla-Eyvind, ógrynni af sönglögum, píanóverk og kammerverk. Franz Mixa lést í Þýskalandi árið 1994.

Toru Takemitsu er eitt frægasta tónskáld Japana. Hann fæddist í Tókýó 1930. Takemitsu „debuteraði“ árið 1950 með píanóverkinu „Lento in due Movimenti“. sem hann samdi í minningu vinar síns. Sofia Gubaidulina er eitt helsta tónskáld Rússa. Hún er fædd 1931 og æskuárum sínum í Kazan, höfuðborg Tataralýðveldisins, hefur hún lýst þannig að tónlist hafi verið mikilvægasti þátturinn í lífi hennar. Gubaidulina skrifaði Chaconne undir lok náms hennar í Konservatoríinu í Moskvu 1963.

**- pbb**


**TÓNLIST** Valgerður Andrésdóttir píanóleikari. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Sögur af Sæmundi

Möguleikhúsið frumsýndi þrítugasta verkið á miðvikudagskvöld á sautján ára starfsferli. Það er eini leikhópurinn í Reykjavík sem starfar í eigin húsnæði; ÍD, LR, Þjóðleikhúsið eiga ekki húsin sem þau starfa í. Íslenska óperan eða Styrktarfélagið á Gamla bíó. Þetta er sérstaða sem menn geta ekki litið hjá. Heldur ekki að þessi þrjú sem hafa lengst af verið kjarninn í starfi Möguleikhússins eru nánast einu leiksviðslistamennirnir á landinu sem flesta daga ársins eru í slagtogi við yngstu áhorfendurna. Lengi vel var framkoma opinberu styrkjanefndanna við fyrirtækið heldur skammarleg, enda eru stjórnmálamenn betri í að blaðra um hag barna en gera eitthvað þeim til hagsbóta.

Leiksýningin um Sæmund er spunnin úr kunnustu þjóðsögunum um hann, sótt eru leiðarhnoð til Njarðar P. Njarðvík sem gerði lítið barnakver fyrir fáeinum árum um Sæma. Vandinn með Sæmund fróða er hversu sviplítil persóna hann er: kunnátta hans og bragðvísi er snjöll, enda pokurinn sem hann tekst á við heldur fávís eins og oft er í þjóðsögum síðari alda undir lútherskum hætti. Pétri Eggerz tekst ekki í umsnúningi sagnanna á svið að umbreyta þeim þannig að persóna Sæmundar verði okkur lifandi. Bjarna Ingvarssyni tekst betur að koma lífi í kölskann og mestur akkur reynist í Öldu Arnardóttur sem bregður sér í ýmis hlutverk.

Sýningin er áferðarfalleg í tjöldum og búningum Messíönu Tómasdóttur. Lausnin í flutningi sögunnar um mörg svið er gamalkunn, þrídrangar standa á sviðinu og má snúa þeim á ýmsa vegu. Gallinn er sá að tilfærslur á þeim eru tímafrekar, draga framgang sögunnar á langinn og eru í raun óþarfar. Áhorfendur eru tilbúnir að kaupa flutninga á einum stað á annan umsvifalaust ef rétt er brugðið á leik. Eins er með myndhvörf einnar persónu í aðra. Það má gera á örskoti. Leikstjóri og leikmyndahöfundur hafa aftur á brugðið á það ráð að treysta minna á hugkvæmni leikara við hamskipti sem frammistaða þeirra sýnir að þeim er vel treystandi til. Þannig er athyglisvert að sjá hvaða frelsi í hreyfingum grímur gefa þeim Öldu og Bjarna, þau hreyfa sig frjálsar, laus við hikið sem svo oft einkennir þau.



**LEIKLIST**

**Sæmundur fróði eftir Pétur Eggerz byggt á sögu Njarðar P. Njarðvík og þjóðsögum**

Möguleikhúsið við Hlemm

**Leikstjóri:** Þórhallur Sigurðsson/ **Leikmynd:** Messíana Tómasdóttir/ **Tónlist:** Guðni Fransson/ **Leikarar:** Pétur Eggerz, Bjarni Ingvarsson og Alda Arnardóttir.

★★

Andlítil túlkun á þekktu efni.

Sýningin er einkum ætluð börnum frá fimm til tíu gæti ég trúað. Hún tekur um klukkustund í flutningi og verður í förum milli skóla sækist þeir eftir henni. Það er ekki beint ferskur blær yfir henni en minn maður átta ára sagði þetta ágætt og er yfirleitt spar á hrósið.

**Páll Baldvin Baldvinsson**

GIANNI SCHICCHI
SUOR ANGELICA
Giacomo Puccini
ÓPERUSTÚDÍÓ ÍSLENSKU ÓPERUNNAR: Systir Angelica og Gianni Schicchi eftir Puccini
Frumsýning mið. 21. mars kl. 20 - NOKKUR SÆTI LAUS
2. sýn. sun. 25 mars kl. 20- 3. sýn. þri. 27. mars kl. 20
4. sýn. fim. 29. mars kl. 20 - LOKASÝNING
Þátttakendur eru nemendur í tónlistarskólum í söng og hljóðfæraleik
GLITNIR
CAVALLERIA RUSTICANA - FRUMSÝNING Á ANNAN Í PÁSKUM
Mánud. 9. apríl (annar í páskum) kl. 17.00 - FRUMSÝNING - UPPSELT
2. sýn. mið. 11. apríl kl. 20 - 3. sýn. lau. 14. apríl kl. 20 - 4. sýn. sun. 15. apríl kl. 17
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÍSLENSKA ÓPERAN
ÞJÓÐARÓPERA ÍSLENDINGA Í 25 ÁR




ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ




Stóra sviðið kl. 20:00

SITJI GUÐS ENGLAR eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Sun. 25/3 kl. 14:00 örfá sæti laus, aukasýning kl. 17.00 örfá sæti laus, sun. 1/4 kl. 14:00 örfá sæti laus. aukasýning kl. 17:00, sun. 15/4 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 22/4 kl. 14:00 örfá sæti laus. Sýningum lýkur í apríl!

LEG - söngleikur eftir Hugleik Dagsson. Tónlist hljómsveitin Flís.
8. sýn. lau. 24/3 uppselt, mið. 28/3 örfá sæti laus, fim. 29/3 örfá sæti laus, fös. 30/3 örfá sæti laus, lau. 31/3 örfá sæti laus, fös. 13/4 örfá sæti laus, lau. 14/4, fös. 20/4, lau. 21/4.
Ath. nemendaafsláttinn og hópafsláttinn. Námufélagar fá 35% afslátt ef greitt er með Námukorti.

ÍMYNDUNARVEIKIN eða Þögn Molières eftir Molière/Macchia.
Franskur gestaleikur með íslenskum texta.
Fim. 22/3 örfá sæti laus, fös. 23/3 nokkur sæti laus.

Smíðaverkstæðið kl. 20:00

Hálsfesti Helenu eftir Carole Fréchette.
Frumsýning lau. 31/3 uppselt, sun. 1/4 örfá sæti laus, fös. 13/4.

Kúlan

PÉTUR OG ÚLFURINN - Brúðusýning Bernds Ogrodniks eftir verki Prokofievs.
Aukasýningar lau. 24/3 kl. 13:30 og kl. 15:00, sun. 25/3 kl. 13:30 og kl. 15:00. Allra síðustu sýningar!

Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is.
Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.
Leikhúskjallarinn opinn fyrir og eftir sýningar föstudaga og laugardaga.
Upplýsingar í miðasölusíma.
Leikhúsbloggið er á www.leikhusid.blog.is Fylgist með!

„DAUÐUR, SKÍTUGUR, TÓMUR“
DAGUR VONAR

SÍÐAN SKEIN SÓL
20 ára afmælistónleikar Mið 18/4 kl. 20 Miðav. 3.900

VILTU FINNA MILLJÓN?
Fös 23/3 kl. 20 | Lau 31/3 kl. 20
Sun 15/4 kl. 20 | Fös 20/4 kl. 20

HÖRÐUR TORFA
Kertaljósatónleikar Mán 2/4 kl. 20 Miðav. 3.100

EILÍF HAMINGJA
Í samstarfi við Hið lifandi leikhús
Sun 25/3 kl. 20

LADDI 6-TUGUR
Lau 24/3 kl. 20 UPPS. | Lau 24/3 kl. 22:30 UPPS.
Lau 31/3 kl14 UPPS. | Þri 3/4 kl. 20 UPPS.
Mið 4/4 kl.20 UPPS. | Mið 4/4 kl. 22:30 UPPS.
Fim 5/4 kl. 17 | Fim 5/4 kl.20 UPPS.
Sun 15/4 kl. 14 UPPS. | Mán 16/4 kl.21 UPPS.
Fim 19/4 kl. 14 | Fim 19/4 kl. 17
Fim 19/4 kl. 21 UPPS. | Fös 27/4 kl. 20 UPPS.
Fös 27/4 kl. 22:30 UPPS. | Fim 10/5 kl. 20 UPPS.

FEBRÚARSÝNING Íd
Sun 25/3 kl. 20 Síðasta sýning

SÖNGLEIKURINN ÁST
Í samstarfi við Vesturport
Fim 22/3 kl.20 UPPS. | Fös 23/3 kl. 20 UPPS.
Fim 29/3 kl. 20 UPPS. | Fös 30/3 kl. 20 UPPS.
Lau 31/3 kl. 20 UPPS. | Sun 1/4 kl. 20
Lau 14/4 kl. 20 UPPS. | Sun 15/4 kl. 20
Fös 20/4 kl. 20 | Lau 21/4 kl. 20
Sun 22/4 kl. 20 | Mið 25/4 kl. 20
Lau 28/4 kl. 20 | Sun 29/4 kl. 20

DAGUR VONAR
Lau 24/3 kl. 20 UPPS. | Sun 25/3 kl. 20 UPPS.
Mið 18/4 kl. 20 | Fim 19/4 kl. 20
Fim 26/4 kl. 20 | Fös 27/4 kl. 20

SÖNGLEIKURINN GRETTIR
Mið 28/3 kl. 20 FORSÝNING MIÐAVERÐ 1.500
Fim 29/3 kl. 20 FORSÝNING UPPSELT
Fös 30/3 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT
Sun 1/4 kl. 20 2.sýning Gul kort
Lau 14/4 kl. 20 3.sýning Rauð kort
Lau 21/4 kl. 20 4.sýning Græn kort

RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Sun 25/3 kl. 14 Síðasta sýning

KILLER JOE
Í samstarfi við leikhúsið Skámána
Fim 22/3 kl. 20 | Fös 23/3 kl. 20
Lau 24/3 kl. 20 | Fim 29/3 kl. 20

KARÍUS OG BAKTUS
Sun 25/3 kl. 13, 14, 15 UPPS.
Sun 1/4 kl. 13, 14, 15 UPPS.
Sun 15/4 kl. 13,14,15 UPPS.
Sun 22/4 kl. 13,14, 15 UPPS.
Sun 29/4 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Sun 6/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Gestaleikur frá Leikfélagi Akureyrar

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Þri 20/3 kl. 20 UPPS.
Mið 28/3 kl. 20 AUKAS. Síðasta sýning

MEZZOFORTE
Þri 27/3 kl. 18 | Þri 27/3 kl. 21 UPPS.
Miðaverð 2.500

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

Draumalandið
eftir Andra Snæ Magnason
22. mars fimmtud. 2. sýn kl. 20:00
23. mars föstud. 3. sýn kl. 20:00
24. mars laugard. 4. sýn kl. 20:00
29.mars fimmtud. 5.sýn kl. 20:00
30. mars föstud. 6.sýn kl. 20:00
31.mars laugard. 7.sýn kl. 20:00
HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Strandgata 50, Hafnarfirði. Miðasala í síma 555 2222 og á www.midi.is




FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

# ÍTALÍA

# Besta ólífuolían

að mati landsliðs matreiðslumeistara

*- beint frá Ítalíu*




Landslið Íslands í matreiðslu gerir miklar kröfur um gæði hráefna.

*" Ítalía ólífuolían stenst allar okkar kröfur um framúrskarandi gæði."*

*Landslið matreiðslumeistara*



**HAGKAUP**

*Skemmtilegast að versla*

fjörið ...
# Fólk
folk@frettabladid.is


**XERXES** Er svartur á hörund í kvikmyndinni 300 en Persar voru á þessum tíma taldir vera af kynstofni Aría.

# 300 er viðbjóðsleg sögufölsun

**Kvikmyndin 300 hefur slegið í gegn beggja vegna Atlantshafsins og hlotið prýðisgóða dóma. Ekki eru þó allir á eitt sáttir og eru Íranar brjálaðir yfir því söguklámi sem þeir segja að þarna birtist og telja myndina vera hluta af því áróðursstríði sem ríkir milli Bandaríkjanna og Írans.**

Kvikmyndin 300 gerist 480 fyrir Krist og segir frá þriggja daga löngum bardaga milli hersveita Xerxes I Persakonungs og hinna þrjú hundruð Spartverja undir stjórn Leónídas í Laugarskörðum. Myndin er byggð á myndasögubókum Franks Miller og þykir fanga andrúmsloft þeirra einstaklega vel.


**LEÓNÍDAS** Konungur Spartverja sem gekk milli bols og höfuðs á þúsundum Persa.

Heldur þykir þó á Persa hallað í myndinni, þeir sýndir sem ýmist ódauðlegar verur, skrímsli eða heiglar sem varla eiga sér viðreisnarvon gegn hinum öflugu og vel þjálfuðu Spartverjum. Íranska samfélagið í Bandaríkjunum hefur logað og skrifar hinn virti blaðamaður Omid Memarian að hann hafi verulegar áhyggjur af því hvernig sagan er túlkuð í þágu málstaðar Bandaríkjanna. Xerxes er sýndur sem harðstjóri en Memarian bendir á að afi konungsins, Syrian fyrsti, hafi verið sá sem frelsaði gyðinga úr klóm Babylónmanna og hafi skrifað eitt fyrsta uppkastið að mannréttindum 539 fyrir Krist.

Ali Amoushani arkitekt hefur verið búsettur á Íslandi um nokkurt skeið og sá myndina á sunnudagskvöldið. Hann segist hafa fyllst viðbjóði yfir því sem hann sá á hvíta tjaldinu. „Hún risti ótrúleg grunnt og er í raun hræðileg í alla staði,“ segir Amoushani, sem hafði haft veður af sterkum viðbrögðum landa sinna. Hann tekur þó skýrt fram að þrátt fyrir að hann sé enginn þjóðernissinni, enda búið utan Írans stóran hluta ævinnar, þá sé 300 hreinasta sögufölsun.

„Xerxes er sýndur sem svartur og hálfgerður kynskiptingur en hann var svipaður á hörund og Alexander mikli,“ útskýrir Amoushani. „Eftir því sem mínar sögubækur kenna voru Persar aríar en í þessari mynd mætti eins ætla að við værum frá Afríku,“ bætir Amoushani við. Hann segist þó sannfærður um að fólk muni sjá í gegnum þetta og að myndin muni ekki skilja mikið eftir sig. „Þetta er ein af fjölmörgum tilraunum Hollywood til að láta Persa líta út fyrir að vera villimenn,“ segir Amoushani, sem tekur undir þær skýringar að í myndinni sé að finna anga af þeirri hræðslu og togstreitu sem ríki milli Bandaríkjanna og Íran um þessar mundir. „Ekki spurning, þetta er að einhverju leyti pólitísk mynd,“ segir Amoushani.


**ALI AMOUSHANI** Er ekki sáttur við þá sögufölsun sem birtist í kvikmyndinni 300.

Kvikmyndafyrirtækið Warner Bros. sem dreifir myndinni hefur séð sér þann kost nauðugan að senda frá sér yfirlýsingu þar sem kemur fram að 300 sé fyrst og fremst skáldskapur. „Myndin er lauslega byggð á sögulegum staðreyndum. Warner Bros. framleiddi myndina eingöngu til að skemmta áhorfendum og það var alls ekki ætlun fyrirtækisins að vanvirða þjóðarbrot eða setja fram einhverja stjórnmálaskoðun.“

freyrgigja@frettabladid.is


**MICHAEL JACKSON** Talið er að Jackson ætli að selja réttinn að um 200 Bítlalögum.

# Vill selja Bítlalögin

Talið er að hinnn sjálfskipaði fyrrum konungur poppsins, Michael Jackson, ætli að selja Bítlinum fyrrverandi Sir Paul McCartney útgáfuréttinn að Bítlalögunum fyrir um 26 milljarða króna.

Jackson er staddur í London um þessar mundir ásamt börnunum sínum tveimur. Hann hefur átt í miklum fjárhagserfiðleikum eftir að hann var ákærður fyrir kynferðislega misnotkun. Jackson eignaðist réttinn á yfir 200 Bítlalögum árið 1985 þegar hann bauð betur en McCartney og Yoko Ono. McCartney hefur lengi viljað eignast lögin aftur og hugsanlega verður sá draumur að veruleika von bráðar.






# Blóði drifinn stríðsdans

ÁRIÐ 480 fyrir Krists burð sigldi Persaher undir stjórn Xerxes yfir Bosporussund og ætlaði að leggja Grikkland undir heimsveldi sitt. Evrópa hefði verið auðunnin ef hinum goðumlíka konungi hefði tekist ætlunarverk sitt og saga heimsálfunnar væri eflaust önnur.

300 er byggð á myndasögu hins ofurvinsæla myndasöguhöfundar Franks Miller um þennan sögulega atburð í fornöld. Leónídas Spartverjakonungur vildi ólmur stöðva innrás Persa í fæðingu og fá leyfi hjá bæði þingi og véfrétt að sameina ógnarsterkan Spörtuher sem senda átti Xerxes aftur til síns heima. En þegar rammspilltir spámenn og föðurlandssvikarinn Theron taka höndum saman og hrinda áætlun konungs ákveður Leónídas að setja saman þrjú hundruð manna lífvarðasveit sem fær það hlutverk að tefja fyrir Persum í Laugarskarði þar til Grikkir sameinast í eitt. Og í stuttu máli tekst þeim það með lífi sínu og óbilandi trú á eigin ágæti.

Draumaverksmiðjan Hollywood tekur mannkynssöguna í sínar hendur í 300. Spartverjar eru sýndir sem síðustu útverðir siðmenningar og einhverjum sagnfræðingi bregður eflaust í brún þegar Leónídas og hans menn tala um þjóð sína sem frjálsa enda Sparta alræmd fyrir daður sitt við fasisma. Jafnvel er gengið svo langt að kristgerva Spartverjakonunginn, hans er freistað af hinu illa í eyðimörkinni þegar Xerxes býður honum að tilbiðja sig og að launum muni Leónídas hlotnast gull og grænir skógar. Persar eru á hinn bóginn dæmdir sem spilltir heiglar og skrímsli, afskræmdir í alla staði þótt heimsveldið hafi alla jafna predikað trúfrelsi og frjálslyndi þegna sinna. Þetta kemur kannski ekki á óvart enda njóta austrænar þjóðir ekki sannmælis þar vestra um þessar mundir. 300 er fyrst og fremst listrænt afrek því leikurinn situr ekki mikið eftir. Reyndar má minnast á frammistöðu Gerards Butler í hlutverki Leónídas, sem tekst með hreinum ágætum að koma herstjóranum til skila. Tökumenn og tæknibrellumeistarar eru sigurvegarar dagsins. Bardagaatriðin eru augnakonfekt, minna einna helst á vel útfærðan nútímaballett þar sem íturvaxnir Spartverjar sveifla sverðum, drepa og aflima á fallega blóðugan hátt undir taktfastri og austrænni tónlist Tylers Bates. Klippingarnar eru fullkomnar og umhverfi myndarinnar einstakt.



**KVIKMYNDIR**

**300**

Leikstjóri: Zack Snyder

Aðalhlutverk: Gerard Butler, Rodrigo Santoro, Dominic West og Lena Headey

★★★★

300 er listræn sögufölsun þar sem íturvaxnir Spartverjar sveifla sverðum og spjótum í snilldarlega vel útfærðum bardagaatriðum.

Þegar öllu er á botninn hvolft er 300 listrænn dans á þunnri línu söguninnar, gleði fyrir bæði auga og eyra en ekki til þess fallinn fyrir menntaskólanema að notast við þegar læra skal gríska sögu.

**Freyr Gígja Gunnarsson**



**UMA THURMAN** Bandaríska leikkonan er hætt með kærasta sínum Andre Balazs.

# Uma hætt með Balazs

Leikkonan Uma Thurman er hætt með kærasta sínum Andre Balazs. Hættu þau saman aðeins nokkrum dögum eftir að orðrómur var uppi um að þau ætluðu að ganga upp að altarinu í sumar.

Uma, sem er 36 ára, og hinn fimmtugi Andre, höfðu verið í sambandi síðastliðin þrjú ár. Ethan Hawk, fyrrverandi eiginmaður Thurman, virtist á sínum tíma vera ánægður með sambband þeirra og ætlaði hann meira að segja að vera viðstaddur brúðkaupið. „Þau passa vel saman. Stundum finnst mér eins og hann geri Umu mun hamingjusamari en ég gat nokkurn tímann gert,“ sagði hann fyrir nokkru síðan.



**METALLICA** Spilar á Wembley í sumar.

# Metallica á Wembley

Rokkararnir í Metallica spila á hinum nýendurbyggða Wembley-leikvangi í London í sumar. Tónleikarnir, sem verða haldnir 8. júlí, verða hluti af tónleikaferð sveitarinnar Sick of the Studio ´07.

Metallica, sem hélt vel heppnaða tónleika í Egilshöll sumarið 2004, er um þessar mundir að taka upp sína nýjustu breiðskífu, sem er væntanleg í lok þessa árs eða byrjun þess næsta. „Allar þær hljómsveitir sem segjast ekki vilja spila þarna fyrir framan svona marga aðdáendur eru einfaldlega að ljúga,“ sagði Lars Ulrich, trommari Metallica, um tónleikana á Wembley.



**RICKY GERVAIS** Handritshöfundur og aðalleikari gamanþáttaraðarinnar Extras.

# Lokaþáttur af Extras

Breski grínistinn Ricky Gervais og félagi hans, leikarinn og handritshöfundurinn Stephen Merchant, hafa ákveðið að semja sérstakan lokaþátt af gamanþáttaröðinni vinsælu Extras. Verður þátturinn saminn í staðinn fyrir að ráðast í gerð þriðju þáttaraðarinnar.

Gervais og Merchant léku sama leik er þeir gerðu lokaþátt af The Office og hlaut hann á sínum tíma mjög góðar viðtökur. Að sögn talsmanns Gervais er gerð lokaþáttarins á algjörum byrjunarreit. Enn á eftir að ráða leikara og ekki hefur verið ákveðið hvenær upptökur hefjast.

# Startart ýtt úr vör

Startart opnaði dyrnar fyrir gestum og gangandi í fyrsta sinn síðastliðinn laugardag. Listsalurinn er rekinn af sjö listakonum sem allar eru starfandi myndlistarmenn og munu þær skipta með sér vöktum á bak við afgreiðsluborðið.

Fjöldi fólks leit við í Startart á laugardaginn enda listsalurinn til húsa í björtu og fallegu rými við Laugaveginn.



**GALLERÍ GLEÐI** Þær Þórunn og Gígja voru glaðlegar að sjá í nýja listsalnum.



**STARTART FAGNAÐ** Margrét Þorsteinsdóttir og Benedikt Bachmann samglöddust Önnu Eyjólfsdóttur, sem er ein listamannanna sem standa að Startart.



**AFRAKSTUR ERFIÐISINS** Ása Ólafsdóttir og Þórey Eyþórsdóttir voru ánægðar með árangurinn, en Ása er einn sjömenninganna sem settu listsalinn á laggirnar.




**FJÖLBREYTT FLÓRA** Startart er nýjasta viðbótin í síbreytilega menningarflóruna við Laugaveginn. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL R.





**Minnum á að við erum þegar farin að taka á móti umsóknum í allar deildir skólans. Því fyrr sem þú sækir um, því meiri möguleika áttu á námsvist. Umsóknareyðublöð eru á heimasíðu skólans, www.bifrost.is**

## Lagadeild

Í lagadeild er boðið upp á viðskiptalögfræði sem samsett er úr greinum lögfræði, fjármála og viðskipta. Námið er afar hagnýtt og getur verið góður undirbúningur fyrir atvinnulífið eða frekara nám. Nemendur útskrifast með BS gráðu í viðskiptalögfræði.

## Viðskiptadeild

Alhliða viðskiptanám sem ætlað er að búa nemendur undir ábyrgðar-, forystu- og stjórnunarstörf í innlendu og alþjóðlegu samkeppnisumhverfi. Í BS námi í viðskiptafræði eru kennd öll helstu svið stjórnunar, rekstrar og viðskipta.

## Félagsvísindadeild

Deildin býður upp á grunnnám til BA í HHS (heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði). Grunnnám í HHS er traustur undirbúningur fyrir hvers kyns framhaldsnám á sviði hug- og félagsvísinda, til meistara- eða doktorsgráðu og fyrir störf á alþjóðlegum vinnumarkaði.

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Frekari upplýsingar:
**www.bifrost.is** 311 Borgarnes | Sími 433 3000

Stjórnenda- og leiðtogaskóli í hartnær 100 ár







## FRÉTTIR AF FÓLKI



Leikkonan **Angelina Jolie** flaug til Hanoi, höfuðborgar Víetnam, í gær til að sækja um landvistarleyfi fyrir ættleiddan son sinn Pax Thien í Bandaríkjunum. Pax, sem hefur búið á munaðarleysingjahæli í landinu, mun því væntanlega flytja á sitt nýja heimili á næstunni. Þar mun hann hitta fyrir nýjan föður sinn, **Brad Pitt**, og systkinin Maddox, Zahara og Shiloh.



Ofurfyrirsætan **Naomi Campbell** hóf í gær að skúra opinbera byggingu í New York í refsingarskyni fyrir að hafa hent farsíma í aðstoðarkonu sína. Campell var dæmd sek um athæfið og í stað þess að sitja inni ákvað hún að gerast skúringakona í fimm daga. Fjöldi ljósmyndara smellti myndum af henni er hún mætti til starfa í gær. Skúringarnar fara þó fram fyrir luktum dyrum.



Stuðningsbréfum hefur rignt yfir aðdáendasíðu poppprinsessunnar **Britney Spears** eftir að fjölskylda hennar óskaði eftir auknum stuðningi. Britney er um þessar mundir í vímuefnameðferð í Kaliforníu og má því ekki skoða heimasíðuna en vinir hennar og vandamenn hafa komið stuðningnum áleiðis til hennar á annan hátt.



**Harry prins** verður sem kunnugt er sendur til Íraks í lok þessa árs. Af því tilefni hafa vinir hans og velunnarar ákveðið að halda honum glæsilega veislu á skemmtistaðnum **Mahiki** í miðborg Lundúna. Veislan verður öll hin glæsilegasta en það er besti vinur prinsins, Guy Pelly, sem hefur veg og vanda af skipulagningunni.







Frönsk- Kvikmyndahátíð 3.Mars Til 1. Apríl — Háskólabíó

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 300. | kl. 6:30 - 9 - 10:40 | B.i.16 | | |
| BLOOD & CHOCOLATE | kl. 8 - 10:15 | B.i.12 | PARIS, JE T'AIME | kl 17:40 |
| LETTERS FROM... | kl. 5:30 | B.i.16 | HORS DE PRIX | kl 17:40 – 20:00 – 22:20 |
| BLOOD DIAMOND | kl. 8 | B.i.16 | TELL NO ONE | kl 20:00 - 22:20 |

SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 300. | kl. 5:30 - 8 -9:15-10:30 | B.i.16 | SMOKIN ACES | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | B.i.16 |
| 300. VIP | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | | BREAKING AND ENTERING | kl. 5:50 | B.i.12 |
| BLOOD & CHOCOLATE | kl. 8 - 10:30 | B.i.12 | BRIDGE TO TEREBITHIA | kl. 4 - 6 | Leyfð |
| MUSIC & LYRICS | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | Leyfð | VEFURINN ... M/- Ísl tal | kl. 3:50 | Leyfð |

SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| 300. | kl. 5:30 -8 -10:10 -10:30 | B.i.16 | DIGITAL |
| NORBIT | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | Leyfð | |
| MUSIC & LYRICS | kl. 8 | Leyfð | DIGITAL |
| BRIDGE TO TEREBITHIA | kl. 5:50 | Leyfð | |

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| 300 | kl. 8 - 10:30 | B.i. 16 |
| NUMBER 23 | kl. 8 | B.i. 16 |
| LAST KING... | kl. 10 | B.i. 16 |

SAMBÍÓIN / AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| 300 | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | B.i. 16 |
| MUSIC & LYRICS | kl. 6 - 8 | Leyfð |
| BLOOD & CHOCOLATE | kl. 10 | B.i. 12 |

www.SAMbio.is ☎ 575 8900 www.SAMbio.is


## FRÉTTIR AF FÓLKI



Söngvarinn **Ryan Adams** verður í gestahlutverki á annarri breiðskífu leikkonunnar **Minnie Driv-er** sem er væntanleg síðar á þessu ári. Platan heitir Sea Stories og mun fylgja eftir plötunni Everything I´ve Got in My Pocket frá árinu 2004 sem fékk heldur slaka dóma gagnrýnenda. The Cardinals, hljómsveit Adams, spilar einnig á plötunni ásamt söngkonunni **Liz Phair** og **Rami Jaffee**, sem hefur unnið með Foo Fighters. Adams er með mörg járn í eldinum því næsta plata hans, Easy Tiger, kemur út 4. júní.



**Jennifer Lopez** segist ekki ætla að tala illa um fyrrverandi ástmenn sína fyrr en hún verður 80 ára gömul. J-Lo er 37 ára og hefur verið gift í þrígang. Hún segir að það myndi valda of miklum vandræðum ef hún færi að baktala fyrrum eiginmenn sína núna. „Kannski þegar ég verð áttræð, þá kem ég með öll smáatriðin,“ segir J-Lo en meðal fyrrum ástmanna hennar eru leikarinn **Ben Affleck** og rapparinn **Puff Daddy**.



**Lindsay Lohan** hefur engan áhuga á því að hitta pabba sinn sem losnaði nýverið úr fangelsi. Þetta kom berlega í ljós um daginn þegar Lindsay var plötusnúður í partíi í New York. Lohan lét dyraverðina í partíinu hafa myndir af pabba sínum og sagði þeim að hleypa honum ekki inn ef hann léti sjá sig.




## > Búinn að spila í 22 mínútur í vetur en kemst samt í íslenska landsliðið

Það vakti nokkra athygli að Arnar Þór Viðarsson, leikmaður hollenska félagsins Twente, skyldi vera valinn í íslenska landsliðið í gær. Arnar Þór hefur aðeins leikið í 22 mínútur með Twente í hollensku deildinni í vetur og þar af 11 mínútur á þessu ári. Hann hefur aðeins komið af bekknum í tvö skipti. Aldrei hefur Arnar komist í byrjunarlið félagsins. Vissulega lék hann ágætlega í síðasta landsleik gegn Svíum en sá leikur var spilaður í október síðastliðnum.



**sport**

sport@frettabladid.is

**HÖSKULDUR EIRÍKSSON KNATTSPYRNUMAÐUR:** VERÐUR EKKI RÍKUR Á ÞVÍ AÐ GERAST ATVINNUMAÐUR

# *Lækkar í launum við að gerast atvinnumaður*



Knattspyrnukappinn Höskuldur Eiríksson leikur ekki með Víkingi í Landsbankadeildinni í sumar því hann hefur verið lánaður til norska félagsins Viking. Höskuldur hefur einnig framlengt samning sinn við Víkinga til ársins 2009 en norska félagið hefur engu að síður forkaupsrétt á kappanum standi hann sig í norska boltanum. Höskuldur var í samningaviðræðum um kaup og kjör þegar Fréttablaðið heyrði í honum í gær. Hann á ekki von á því að þær viðræður sigli í strand sökum hárra launakrafna.

„Ég er ekki að fara út til að græða peninga og ég geri mér grein fyrir því að ég er að lækka í launum miðað við þær tekjur sem ég hef í dag í minni vinnu og hjá Víkingi," sagði Höskuldur, sem er lögfræðimenntaður og starfar sem slíkur hjá Logos lögmannsþjónustu.

„Ég er að fara út til að sjá hvað ég kemst sem knattspyrnumaður ef ég get einbeitt mér að því. Svo spilar líka inn í að ég get eytt mun meiri tíma með fjölskyldunni sem atvinnumaður en ég á tvö ung börn. Ég er í tímafrekri vinnu og fótbolta þannig að ég er ekki eins mikið heima hjá mér og ég vildi vera."

Höskuldar bíður verðugt verkefni í Noregi því félagið keypti á dögunum sterkan skoskan leikmann sem spilar sömu stöðu og hann. Sá heitir Maurice Ross og lék áður með Glasgow Rangers og hefur einnig spilað landsleiki fyrir Skotland.

„Daginn áður en ég fór út til reynslu hjá félaginu ákváðu þeir að kaupa þennan Ross. Ég vissi því ekki alveg hvaða möguleika ég átti. Þeir vilja nú samt fá mig og það er eflaust einhver ástæða fyrir því. Þetta verður skemmtileg barátta við hann og það verður mikil áskorun að vinna sér sæti í liðinu. Ég hef trú á mér og ég er ekki að fara þarna út til þess að sitja á bekknum," sagði Höskuldur, sem bíður spenntur eftir því að komast út.

„Þetta er spennandi og gaman að fá tækifæri í eitt ár til að sjá hvort þetta líferni sé eitthvað sem hentar mér og minni fjölskyldu. Kosturinn við að þetta sé aðeins eins árs samningur er sá að ef þetta er ekkert fyrir mig þá get ég bara komið heim í stað þess að sitja fastur í nokkur ár," sagði Höskuldur.

## ÚRSLIT

*Enska bikarkeppnin:*

| | |
|---|---|
| MAN. UTD-MIDDLESBROUGH | 1-0 |
| 1-0 Cristiano Ronaldo, víti (76.). | |
| TOTTENHAM-CHELSEA | 1-2 |
| 0-1 Andriy Shevchenko (55.), 0-2 Shaun Wright-Phillips (58.), 1-2 Robbie Keane, víti (79.). | |



**FÖGNUÐUR** Ronaldo fagnaði marki sínu hreint ógurlega í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Enska bikarkeppnin:

## Man. Utd og Chelsea áfram

**FÓTBOLTI** Manchester United og Chelsea tryggðu sér sæti í undanúrslitum ensku bikarkeppninnar í gær. United lagði Middlesbrough, 1-0, en Chelsea lagði Tottenham, 1-2.

Manchester United mætir Watford í undanúrslitum en Chelsea þarf að berjast við Blackburn. Draumaúrslitaleikur margra er því enn í myndinni.

Undanúrslitaleikirnir fara fram hinn 14. apríl næstkomandi. - hbg

Enska landsliðið:

## McClaren hóar í Nugent

**FÓTBOLTI Það er ekki um auðugan garð að gresja hjá Englendingum þegar kemur að framherjum en nú hefur landsliðsþjálfarinn, Steve McClaren, hóað í 1. deildarleikmanninn David Nugent sem leikur með Preston North End.**

**Nugent var upphaflega valinn í U-21 árs landslið Englands en var færður upp um einn flokk þegar Darren Bent, leikmaður Charlton, varð að draga sig út úr landsliðshópnum vegna meiðsla.**

**Gareth Barry, leikmaður Aston Villa, hefur einnig verið kallaður í enska hópinn.** - hbg

# KSÍ býst ekki við Heiðari aftur í undankeppni EM

**Eyjólfur Sverrisson landsliðsþjálfari tilkynnti í gær landsliðshópinn sem mætir Spánverjum á Mallorca hinn 28. mars næstkomandi. Heiðar Helgason er enn fjarverandi og býst sambandið ekki við honum aftur í þessari undankeppni.**

**FÓTBOLTI** Heiðar Helguson gefur ekki kost á sér í landsliðshóp Íslands sem mætir Spánverjum á Mallorca á miðvikudag í næstu viku. Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, segir að ekki sé búist við því að Heiðar spili aftur fyrir landsliðið í þessari undankeppni.

Eyjólfur Sverrisson ræddi lengi í vikunni við Heiðar, sem fullvissaði hann um að ástæður sínar væru persónulegs eðlis. Ekki vegna óánægju með KSÍ, landsliðsþjálfara eða leikmenn.

Heiðar var síðast valinn í landsliðshópinn sem mætti Norður-Írum og Dönum í september síðastliðnum. Þá lék hann ekkert með liðinu og sat báða leikina á varamannabekknum.

„Að sjálfsögðu er mikill missir að honum enda einn af fáum í hópnum sem eru að spila á grasi þessa stundina," sagði Eyjólfur.

Tveir nýliðar eru í vali Eyjólfs, þeir Atli Jóhannsson úr KR og Gunnar Þór Gunnarsson sem leikur með Hammarby í Svíþjóð.

Indriði Sigurðsson var ekki valinn í landsliðið að þessu sinni og þar sem Arnar Þór Viðarsson hefur lítið sem ekkert fengið að spila með sínu félagsliði í vetur má gera ráð fyrir því að Gunnar Þór verði í byrjunarliði Íslands í stöðu vinstri bakvarðar.

„Ég er fyrst og fremst ánægður með að vera valinn og tel það heiður að tilheyra þessum hópi," sagði Gunnar Þór við Fréttablaðið í gær. „Ég átti svo sem von á því að fá tækifærið með landsliðinu einhvern tímann en kannski ekki svo snemma," bætti hann við. Eyjólfur sagðist binda vonir við að Gunnar yrði hans kjörleikmaður í þessa stöðu, sem íslenska landsliðið hefur átt í vandræðum með undanfarin ár.

Valið kemur þó nokkuð á óvart. „Hann stóð sig vel í æfingamótinu á La Manga með KR og ég sá hann einnig í tveimur leikjum í deildarbikarkeppninni. Hann vex með hverjum leik."

Landsliðsþjálfarinn sagði að margir sinna leikmanna væru að taka þátt í undirbúningstímabili með sínum liðum og því ekki í sínu besta formi.

„Engu að síður ætlum við að standa okkur vel og verða landi og þjóð til sóma. Ég veit að þetta verður gríðarlega erfiður leikur. Ég reikna með því að Spánverjar verða mikið með boltann og við verðum því að loka okkar varnarsvæðum vel," sagði Eyjólfur.

Hann fer fyrr til Spánar til að fylgjast með leik Spánar og Danmerkur í Madríd á laugardaginn kemur. eirikur@frettabladid.is



**BEÐIÐ FYRIR SIGRI** Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, og Eyjólfur Sverrisson landsliðsþjálfari virðast biðja til almættisins fyrir sigri á Spánverjum. Bjarni Jóhannsson aðstoðarþjálfari fylgist með. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**HEMMI OG JOLLI** Hermann er reyndasti maður landsliðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Íslenski landsliðshópurinn:

## 71. leikur Hermanns

**FÓTBOLTI** Hermann Hreiðarsson mun á miðvikudaginn í næstu viku leika sinn 71. landsleik ef hann kemur við sögu gegn Spánverjum. Hann hefur átt við meiðsli að stríða að undanförnu en Eyjólfur Sverrisson landsliðsþjálfari segir að hann sé nú orðinn heill heilsu. - esá

### LANDSLIÐSHÓPURINN

| | |
|---|---|
| **Markverðir** | |
| Árni Gautur Arason | Vålerenga |
| Daði Lárusson | FH |
| **Varnarmenn** | |
| Hermann Hreiðarsson | Charlton |
| Ólafur Örn Bjarnason | Brann |
| Ívar Ingimarsson | Reading |
| Kristján Örn Sigurðsson | Brann |
| Grétar Rafn Steinsson | AZ Alkmaar |
| Gunnar Þór Gunnarsson | Hammarby |
| **Miðvallarleikmenn** | |
| Brynjar Björn Gunnarsson | Reading |
| Arnar Þór Viðarsson | FC Twente |
| Jóhannes Karl Guðjónsson | Burnley |
| Stefán Gíslason | Lyn |
| Emil Hallfreðsson | Tottenham |
| Atli Jóhannsson | KR |
| **Sóknarmenn** | |
| Eiður Smári Guðjohnsen | Barcelona |
| Veigar Páll Gunnarsson | Stabæk |
| Gunnar H. Þorvaldsson | Hannover 96 |
| Hannes Þ. Sigurðsson | Bröndby |

Fáir æfingaleikir íslenska landsliðsins til umræðu á blaðamannafundi KSÍ í gær:

# Stóð til boða að leika gegn Svartfjallalandi

**FÓTBOLTI** Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, sagði að erfitt hefði reynst að fá æfingaleiki fyrir íslenska landsliðið undanfarið. Það stæði þó til bóta og stefnt væri að því að leika 8-10 landsleiki á ári.

KSÍ reyndi að fá leiki bæði í nóvember og febrúar síðastliðnum. Til stóð að leika gegn Lúxemborg í nóvember en knattspyrnusamband landsins dró sig úr leiknum með skömmum fyrirvara.

Þá stóð til boða að leika gegn Svartfjallalandi næstkomandi laugardag en Eyjólfur Sverrisson landsliðsþjálfari ákvað að það myndi ekki henta liðinu.

„Okkar leikmenn eru margir á undirbúningstímabili með sínum liðum og eru flestir að spila á gervigrasi. Ef við færum að spila á grasi með stuttu millibili færi það mjög illa í menn. Við gætum ekkert æft á milli leikjanna. Við viljum frekar nýta þennan tíma til að leikmenn verði 100% klárir í leikinn gegn Spáni þar sem við þurfum á öllu okkar að halda."

Eyjólfur sagði að skortur á æfingaleikjum gerði sér erfitt fyrir en að hann væri samt ekki ósáttur við vinnubrögð KSÍ. „Ég er sáttur við þau svör sem ég hef fengið og skil þau vel. Svona er umhverfið. Það þarf að skipuleggja þessi mál langt fram í tímann og það erum við að gera nú," sagði hann. Nú þegar hefur hafist vinna til að finna leik fyrir liðið í febrúar á næsta ári. - esá



**FÁIR LEIKIR** Eiður Smári fór síðast fyrir íslenska landsliðinu í október síðastliðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM





**EINAR HÓLMGEIRSSON** Einstaklega óheppinn með meiðsli á þessum vetri.
FRÉTTABLAÐIÐ/BONGARTS

Óheppnin eltir Einar Hólmgeirsson á röndum:

# Með brjósklos og fer í aðgerð á morgun

**HANDBOLTI** Það á ekki af landsliðsmanninum Einari Hólmgeirssyni að ganga. Hann meiddist skömmu fyrir HM og gat því engan þátt tekið í mótinu. Hann var frá í ellefu vikur en á laugardaginn sneri hann loks aftur á völlinn.

Honum gekk mjög vel framan af leik og var búinn að skora ein fimm mörk þegar áfallið dundi yfir um miðjan síðari hálfleik.

„Ég stökk upp í skot og lenti eitthvað asnalega. Ég fékk um leið nístandi sársauka í bakið og svo kom í ljós í dag [í gær] að ég er með brjósklos. Ég þarf að fara undir hnífinn á miðvikudag,“ sagði Einar sársvekktur við Fréttablaðið í gær.

„Þetta er gríðarlega svekkjandi. Ég var búinn að æfa eins og skepna og hef sjaldan eða aldrei verið í betra formi. Svo gerist þetta í fyrsta leik eftir ellefu vikna meiðsli. Það er varla að maður trúi þessu. Ég verð frá að lágmarki 6-8 vikur og ef ég er heppinn næ ég endanum á tímabilinu með Grosswallstadt sem og umspilinu gegn Serbum sem er kannski mikilvægara,“ sagði Einar sem gerði fyrir nokkru síðan samning við þýska liðið Flensburg og gengur í þeirra raðir í sumar.

„Það er eins gott að maður er með samning. Það hefði ekki verið gaman að vera án samnings núna,“ sagði Einar. **- hbg**

Bárður Eyþórsson spáir í oddaleiki átta liða úrslita Iceland Express-deildarinnar:

# Skallagrímur og ÍR komast í undanúrslit eftir hörkuleiki

**KÖRFUBOLTI** Átta liða úrslitum Iceland Express-deildar karla lýkur í kvöld með tveimur oddaleikjum. KR tekur þá á móti ÍR og Grindavík heimsækir Skallagrím öðru sinni. Áhugavert er að allir leikir þessara liða hafa unnist á útivelli. Njarðvík og Snæfell eru þegar komin í undanúrslit og í kvöld liggur ljóst fyrir hverjir andstæðingar þeirra verða.

Rimma Reykjavíkurliðanna KR og ÍR verður vafalítið mjög hörð. ÍR-ingar unnu fyrsta leikinn í DHL-höllinni sem var frekar slakur en þeir voru engan veginn tilbúnir í verkefnið á heimavelli sínum í öðrum leik liðanna. Bárður Eyþórsson, þjálfari Fjölnis, á von á mjög jöfnum og skemmtilegum leik.

„ÍR-ingarnir verða að mæta afslappaðri núna en síðast en þeir virkuðu yfirspenntir síðast. Ég held að þetta verði rosalega góður leikur og vænti þess að bæði lið verði virkilega tilbúin í slaginn að þessu sinni. Það verður barist um alla bolta, eflaust mörg mistök en leikurinn verður jafn og spennandi.

Þessi leikur snýst fyrst og fremst um andlegan styrk og hið margfræga dagsform. Það er meiri reynsla í KR-liðinu en við skulum ekki gleyma því að það eru mjög sterkir karakterar í þessu ÍR-liði eins og Hreggviður, Eiríkur, Keith og Nate. Við vorum að leika okkur að spá hér í vinnunni áðan og þá sagði ég 74-73 fyrir ÍR og ég stend við það,“ sagði Bárður og hló.

Síðast þegar Grindavík heimsótti Skallagrím unnu Suðurnesjamenn eftir framlengdan leik. Skallagrímur hefndi með góðum útisigri á sunnudag. Bárður heldur að Skallagrímsliðið sé aftur komið á beinu brautina.

„Ég var hrifinn af Skallagrími í öðrum leiknum. Axel Kárason tók Pál Axel hreinlega í bakaríið og ég held að Páll hafi fengið eitt opið skot í leiknum og það klikkaði. Svo góður var varnarleikurinn. Ég held að Skallagrímur klári þennan leik og þeir gefa þetta ekki eftir á heimavelli í oddaleik. Ég held líka að Valur þjálfari sé búinn að koma hausnum á mönnum í rétt lag á ný en þeir töpuðu síðustu tveim leikjunum í deildinni og svo kom tapið í framlengingu í byrjun úrslitakeppninnar. Mig grunar að Skallagrímur sé kominn á skrið aftur,“ sagði spámaðurinn og þjálfarinn Bárður Eyþórsson. **- hbg**



**EKKERT KJAFTÆÐI!** KR-ingurinn Fannar Ólafsson öskrar hér á ÍR-inginn Ómar Sævarsson í fyrstu rimmu liðanna í úrslitakeppninni. Liðin mætast í hreinum úrslitaleik um sæti í undanúrslitum í Vesturbænum í kvöld.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



## CUBA GOODING JR.

Cuba er fæddur í New York árið 1968. Faðir hans var aðalsöngvari hljómsveitarinnar The Main Ingredient sem átti slagarann „Everybody Plays the Fool“ og móðir hans var varasöngvari fyrir The Sweethearts. Eftir menntaskóla lærði Cuba japanskar bardagalistir í þrjú ár en sneri sér síðan að leiklist. Árið 1997 hlaut hann Óskarsverðlaun fyrir hlutverk sitt í Jerry Maguire. Leikarinn er kvæntur kennaranum Söru Kapfer en þau hafa verið saman síðan í menntaskóla. Cuba leikur í Radio sem sýnd er á Stöð 2 Bíó kl. 18.00.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ INDÍANA ÁSA HREINSDÓTTIR FYLGIST SPENNT MEÐ FORRESTER-FJÖLSKYLDUNNI

# *Áfram Brooke*

Uppáhaldssjónvarpsefnið mitt þessa dagana er póker og uppáhaldsspilararnir eru Daniel Negreanu og Phil Ivey. Tveir ólíkir spilarar en báðir kurteisir og án efa á meðal þeirra bestu í heimi. Ég þoli ekki háværa, dónalega spilara eins og Mike „The Mouth“ Matusow. Það er ótrúlegt að sjá hvernig þessir menn geta lesið fólk og kastað spilunum þegar einhver ætlar að reyna að gabba þá. Þrátt fyrir að glápa á póker þegar hann er í boði í sjónvarpinu og niðurhala honum í tölvuna annars er nægur tími fyrir hitt uppáhaldssjónvarpsefnið mitt, sápuóperur. Sápuóperur verða fyrir miklum fordómum þeirra sem ekki fylgjast með þeim og telja þær rusl. Ég og flestar vinkonur mínar höfum hins vegar gaman af því að sökkva okkur niður í flókið líf þeirra ríku og fallegu í Bold and the Beautiful og hversdagsleikann hjá Nágrönnunum. Stundum sökkvum



við svo djúpt að SMS-in streyma á milli þegar eitthvað ægilega merkilegt gerist. Lífið hjá Forrester-fjölskyldunni í Los Angeles er náttúrlega ekkert eðlilega flókið og því ekki annað hægt en að hrífast með. Þessa dagana snýst allt um þá staðreynd að Taylor er risin upp frá dauðum, í annað skipti. Ridge stendur því frammi fyrir að þurfa að velja á milli hennar og Brooke, í tíunda skiptið. Ég held með Brooke, í fyrsta skiptið. Þótt Brooke hafi haldið við pabba Ridge, mág sinn, fyrrverandi og verðandi eiginmann dóttur sinnar er ekki annað hægt en að finna til með henni. Það er ótrúlegt hvað er lagt á sumt fólk. Einhvers staðar las ég að þær konur sem horfa á sápuóperur væru hamingjusamari en aðrar konur. Ég veit það nú ekki en oft er ég nokkuð sátt með mitt tilbreytingarlausa líf eftir að hafa horft á sápuskammt dagsins.

## EKKI MISSA AF



▶ **23.15** Jay Leno SKJÁREINN



▶ **20.10** Everwood SJÓNVARPIÐ



▶ **20.05** The Apprentice STÖÐ 2



▶ **18.00** Radio STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **22.00** The Nine SIRKUS

## SJÓNVARPIÐ

**17.05 Leiðarljós**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Franklín** (66:78)
**18.30 Ofurþjarkinn og apahersveitin**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
▶**20.10 Everwood** (5:22)
**20.55 Ómur af Ibsen - Hætt við falli** (1:8) Norsk þáttaröð þar sem sagðar eru nútímasögur byggðar á verkum Henriks Ibsens. Hér segir frá Kaju sem neyðist til að meta líf sitt og stöðu upp á nýtt.
**21.25 Þrír blaðamenn leita rithöfundar: Amos Oz**
Norskur þáttur um ísraelska rithöfundinn Amos Oz sem hefur fært harmleik fjölskyldu sinnar í skáldsagnabúning. Í þáttinum er farið með honum á æskuslóðir hans í Jerúsalem og á Gyðingasafnið í Berlín.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Draugasveitin** (8:8)
Bresk spennuþáttaröð um sveit sem rannsakar spillingu innan lögreglunnar.
**23.15 Njósnadeildin** (7:10)
Breskur sakamálaflokkur um úrvalssveit innan bresku leyniþjónustunnar MI5 sem glímir meðal annars við skipulagða glæpastarfsemi og hryðjuverkamenn. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna. e.
**00.10 Kastljós**
**00.45 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Against the Ropes**
**08.00 Broadcast News**
**10.10 Magic Pudding**
**12.00 Radio**
**14.00 Broadcast News**
**16.10 Magic Pudding**
▶**18.00 Radio**
**20.00 Against the Ropes** Meinfyndin bandarísk stórmynd sem gefur skemmtilega innsýn í heim hnefanna. Bönnuð börnum.
**22.00 LA County 187** Bönnuð börnum.
**00.00 The Dangerous Lives of Alter Boys**
**02.00 Movern Callar**
**04.00 LA County 187**

## STÖÐ 2

**07.20 Grallararnir**
**07.40 Tasmanía**
**08.00 Oprah**
**08.45 Í fínu formi 2005**
**09.00 Bold and the Beautiful**
**09.20 Forboðin fegurð**
**10.05 Amazing Race** (14.14)
**10.50 Whose Line Is it Anyway?**
**11.15 Sisters**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Homefront**
**13.55 Las Vegas** (8.23)
**14.35 What Not To Wear** (3.5)
**15.35 Whose Line Is it Anyway? 4**
**15.55 Horance og Tína**
**16.18 Shin Chan**
**16.43 Nornafélagið**
**17.08 Taz-Mania 1**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar**
**18.18 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Ísland í dag, íþróttir og veður**
**19.40 The Simpsons** (17.22)
▶**20.05 The Apprentice**
**20.50 Shark** (11.22)
Nýir bandarískir spennuþættir sem slegið hafa í gegn vestanhafs.
**21.35 Shark** (12.22)
**22.20 The Unit** (12.13)
Nýr, bandarískur spennumyndaflokkur um störf leynilegrar úrvalssveitar innan bandaríska hersins sem hefur það hlutverk að fara í hættulegustu og leynilegustu sendiferðir sem upp koma.
**23.05 Twenty Four** (9.24) Stranglega bönnuð börnum.
**23.50 Nip/Tuck** (11.15)
**Stranglega bönnuð börnum.**
**00.35 Crossing Jordan** (17.21)
**01.20 Cold Case** (10.24)
**02.05 Intacto**
**03.50 Murder Investigation Team** (5.8) (e)
**04.40 Shark** (11.22)
**05.25 Fréttir og Ísland í dag**
**06.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**18.00 Insider** (e)
**18.30 Fréttir**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Seinfeld** (e)
**20.00 Entertainment Tonight**
Í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og átt einkaviðtöl við frægar stjörnur. Nýjar fréttir af fræga fólkinu, kvikmyndum, sjónvarpi, tónlist, tísku og alls kyns uppákomur sem gerast í bransanum eru gerð góð skil í þessum frægu þáttum. Ef þú vilt vita hvað er að gerast í Hollywood, þá viltu ekki missa af þessum þáttum.
**20.30 Da Ali G Show**
Hinn eiturharði Ali G er mættur ásamt vinum sínum Borat frá Kazakhstan og hinum austurríska og samkynhneigða Bruno.
**21.00 American Dad**
Frá höfundum Family Guy kemur ný teiknimyndasería um mann sem gerir allt til þess að vernda landið sitt.
**21.30 Gene Simmons. Family Jewels**
▶**22.00 The Nine**
Níu manns, allt ókunnugt fólk, eru tekin í gíslingu í banka einum. Þar er þeim haldið í 52 klukkustundir við erfiðar aðstæður. Þegar þau losna úr bankanum og fara að lifa lífi sínu finna þau að ekkert verður eins aftur.
**22.50 Twenty Four - 2**
**23.40 Insider**
**00.05 Dirty Dancing**
**00.50 Janice Dickinson Modeling Age** (e)
**01.20 Seinfeld** (e)
**01.45 Entertainment Tonight** (e)
**02.15 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 N4 Fréttir** og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10.15 næsta dag.
**16.45** og **17.45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07.15 Beverly Hills 90210** (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Melrose Place** (e)
**14.55 Vörutorg**
**15.55 High School Reunion** (e)
**16.45 Beverly Hills 90210**
**17.30 Melrose Place**
**18.15 Rachael Ray**
**19.00 Everybody Loves Raymond** (e)
**19.30 Snocross**
**20.00 Skólahreysti** (8.10)
Grunnskólakeppni í fitnessþrautum. Haldnar verða tíu forkeppnir um allt land og mun stigahæsta skólaliðið úr hverjum riðli komast í úrslit. Fjörið heldur áfram og nú erum við á Ísafirði þar sem vestfirskir skólakrakkar taka á öllu sem þeir eiga.
**21.00 Innlit / útlit**
Hönnunar- og lífsstílsþáttur þar sem Þórunn, Nadia og Arnar Gauti koma víða við, heimsækja skemmtilegt fólk og breyta og bæta á heimilum þess. Þau eru með góðan hóp iðnaðarmanna sér til halds og trausts og koma með sniðugar hugmyndir og einfaldar lausnir.
**22.00 Close to Home (17.22)**
Lögfræðidrama af bestu gerð. Annabeth Chase er ungur saksóknari sem vill ólm fá öll erfiðustu glæpamálin og hlífir sér hvergi.
**22.50 Everybody Loves Raymond**
▶**23.15 Jay Leno**
**00.05 Heroes** (e)
**01.05 Jericho** (e)
**01.55 Vörutorg**
**02.55 Beverly Hills 90210** (e)
**03.40 Melrose Place** (e)

## SKJÁR SPORT

**07.00 Að leikslokum** (e)
**14.00 Chelsea - Sheff. Utd.** (frá 17. mars)
**16.00 Sampdoria -Palermo** (frá 17. mars)
**18.00 Þrumuskot** (e)
**19.00 Að leikslokum**
**20.00 Aston Villa-Liverpool** (frá 18. mars)
**22.00 Ítölsku mörkin** (e)
**23.00 Þrumuskot** (e)
**00.00 Dagskrárlok**




## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 20.50**

**Shark**



Í kvöld er Prison Break í fríi og því verður tvöfaldur skammtur af spennuþættinum Shark. Á meðal verkefna Sebastians Stark í þáttum kvöldsins er að sækja til saka harðsvíraðan vopnasala og að reyna að tala til vitni sem er hrætt við að mæta í réttarsalinn.

**▸Við mælum með**

**ÞRÍR BLAÐAMENN LEITA RITHÖFUNDAR**

**Sjónvarpið kl. 21.25**



Norsk þáttaröð um þekkta rithöfunda. Í þessum þætti er fjallað um ísraelska rithöfundinn Amos Oz sem fært hefur harmleik fjölskyldu sinnar í skáldsagnabúning. Í þættinum er farið með honum á æskuslóðir hans í Jerúsalem og á Gyðingasafnið í Berlín.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Laufskálinn
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Heima er best
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Útvarpssagan: Landslag er aldrei asnalegt
**14.30** Seiður og hélog
**15.03** Orð skulu standa
**16.13** Hlaupanótan
**17.00** Fréttir
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Vitinn
**19.30** Laufskálinn
**20.10** Hafa skáldin áhrif?
**20.50** Í heyranda hljóði
**22.00** Fréttir
**22.10** Veðurfregnir
**22.15** Lestur Passíusálma
**22.22** Lóðrétt eða lárétt
**23.10** Fimm fjórðu
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SÝN

**14.35 FA Cup 2006** (Man. Utd. - Middlesbrough)

**16.15 FA Cup 2006** (Tottenham - Chelsea)

**17.55 Gillette World Sport 2007** Íþróttir í lofti, láði og legi. Fjölbreyttur þáttur þar sem allar greinar íþrótta eru teknar fyrir.

**18.25 World Supercross GP 2006-2007** (Reliant Astrodome) Súperkross er æsispennandi keppni á mótorkrosshjólum sem fram fer á brautum með stórum stökkpöllum.

**19.20 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur**

**19.50 Iceland Expressdeildin 2007** (Skallagrímur - Grindavík) Bein útsending.

**21.45 PGA Tour 2007 - Highlights** (Arnold Palmer Invitational (formerly Bay Hill Inv.))

**22.40 Coca Cola mörkin** Hér er farið yfir allt það helsta sem gerðist í liðinni umferð í ensku 1. deildinni í knattspyrnu.

**23.10 Iceland Expressdeildin 2007 (Skallagrímur - Grindavík)**

## FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar

**21.00 Einbýlishús** – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

**22.00 Fjölbýli og hæðir** – Litlar og meðalstórar eignir sýndar

**23.00 Nýjar eignir** e.

**0.00 SMS eignir** – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda SMS-skilaboð

## DR 1

**6.00** Den lille prinsesse **6.10** Peter Pedal **6.30** Kaj og Andrea **7.00** Postmand Per **7.15** Rubbadubbers **7.30** Rabatten **8.00** Italienske fristelser **8.30** Deadline 2. Sektion **9.00** Jersild & Spin **9.30** På jobjagt **10.00** Livet ombord **10.30** Vagn hos kiwierne **11.00** TV Avisen **11.10** Horisont **11.35** Grøn glæde **12.00** Ud i det blå **12.25** Aftenshowet **13.20** Arbejdsliv - find et job! **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawson's Creek **15.00** Flemmings Helte **15.15** SPAM **15.30** Shin Chan **15.35** Ninja Turtles: Tidsrejsen! **16.00** SportsNørd **16.30** Lille Nørd **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **17.55** Aftenshowet med Vejret **18.30** Hvad er det værd **19.00** Hammerslag **19.30** Dig og mig **20.00** **TV** Avisen **20.25** Kontant Fedt, fyld og farvestof i børnemaden **20.50** SportNyt **21.00** Hvor kragerne vender **21.45** Columbo **23.20** Hitlers vej til magten **5.30** Karlsson på taget **6.00** Den lille prinsesse

## NRK 1

**8.30** Sydvendt **9.00** Siste nytt **9.05** Puls: Bedre Puls **9.30** Faktor: Jeg samler ikke på gårsdager **10.00** Siste nytt **10.05** Oddasat - Nyheter på samisk **10.20** Distriktsnyheter **10.40** Fra Nordland **11.00** Siste nytt 1**1.05** Distriktsnyheter **11.20** Fra M¢re og Romsdal **11.40** Fra Hordaland og Sogn og Fjordane **12.00** Siste nytt **12.05** Distriktsnyheter **12.20** Fra Aust- og Vest-Agder **12.40** Fra Buskerud, Telemark og Vestfold **13.00** Siste nytt **13.05** Distriktsnyheter **13.20** Fra Oslo og Akershus **13.40** Fra ¥stfold **14.00** Siste nytt **14.05** Lyoko **14.30** Duck Dodgers **15.00** Siste nytt **15.03** Dracula junior **15.30** Liga **16.00** Siste nytt **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Fra loft og kjeller **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Konrad katt **17.10** Vennene på Solflekken **17.25** Magnus og Myggen **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Ut i naturen **18.55** Brobygger i jungelen **19.25** Kroppen **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Standpunkt **21.15** Extra-trekning **21.30** Safari **22.00** Kveldsnytt **22.15** Kulturnytt **22.20** Utsyn: Når d¢den spiller med **23.20** 4•4•2: Bakrommet: Fotballmagasin **23.50** Dee Dee Bridgewater fra jazzfestivalen i Juan-les-Pins **5.25** Frokost-tv

## SVT 1

**8.30** När gräsrötterna tar över **9.00** Skolfront **9.30** VeteranTV **10.00** Vetenskap - människan 2.0 **10.30** Livet & hälsan **11.00** Rapport **11.05** Cancerkriget **12.05** Rea **12.30** Amigo **12.55** Liberty Heights **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Les filles sont en marche! **16.30** Krokomax **17.00** Myror i brallan **17.30** Sagoberättaren **18.00** Lilla Aktuellt - kortnyheter **18.05** Grand Prix **18.30** Rapport **19.00** Ordförande Persson **20.00** Höök **21.00** Argument **22.00** Rapport **22.10** Kulturnyheterna **22.20** Kobra **22.50** Stina! **23.50** Sändningar från SVT24 **5.00** Gomorron Sverige



HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

## BESTI BITINN ...



*„Mér finnst rosalega gaman og gott að fara út að borða en þar sem ég er með tvo litla stráka snæðum við bóndinn oft heima. Þá er matur frá Fylgifiskum í miklu uppáhaldi og svo hefur pítsa númer 15 á matseðlinum á Eldsmiðjunni lengi verið í miklu uppáhaldi hjá mér.“*

Steinunn Vala Sigfúsdóttir, stigavörður í Gettu betur.

# Sopranos-stjarna í íslenskri kvikmynd

„Þetta er allt klappað og klárt og við höfum náð samningum við hann. En svo er alltaf til eitthvað sem heitir lífið og það er jú óútreiknanlegt. Þetta ætti hins vegar að vera nokkuð öruggt,“ segir Ólafur Jóhannesson en bandaríski leikarinn Michael Imperioli hefur samþykkt að taka að sér hlutverk glæpaforingjans Alexanders í kvikmynd hans, Stóra planið. Myndin er byggð á bók Þorvaldar Þorsteinssonar, Við fótskör meistarans, en með önnur hlutverk fara þeir Pétur Jóhann Sigfússon og Eggert Þorleifsson.

Áætlað er að tökur standi yfir frá byrjun apríl til maíloka og segir Ólafur það vissulega spennandi að fá að starfa með slíkum þungavigtarmanni. „En þetta er ekki eitthvert bragð til að trekkja að í miðasölu heldur miklu frekar hugsað fyrir framtíðina hjá mér og fyrir næstu verkefni,“ segir Ólafur.

Imperioli er íslenskum sjónvarpsáhorfendum að góðu kunnur en hann leikur Christopher Moltisanti í sjónvarpsþáttunum um Tony Soprano og misheiðarlega starfsemi hans. Imperioli hefur fjórum sinnum verið tilnefndur til Emmy-verðlauna fyrir leik sinn í Sopranos og tvívegis farið heim sem sigurvegari, auk þess að hafa verið tilnefndur til Golden Globe tvisvar. Þá lék hann einnig lítið hlutverk í stórmynd Martin Scorsese, Goodfellas, auk þess að hafa leikið í kvikmyndum á borð við Clockers og Basketball Diaries.

Ólafur segir Imperioli hafa ranghvolft augunum þegar honum var kynnt hlutverkið og í ljós kom að þetta var glæpaforingi. „Það er auðvitað nokkuð sem hann hefur gert ótal sinnum. En hann sá eitthvað nýtt í handritinu og féllst því á að vera með,“ segir Ólafur. - fgg



**IMPERIOLI** Hvað þekktastur fyrir leik sinn í Sopranos en var í litlu hlutverki í kvikmyndinni Goodfellas eftir Martin Scorsese.



**ÓLAFUR JÓHANNESSON** Er sáttur við liðstyrkinn og segir það heiður að fá að vinna með slíkum þungavigtarmanni.



**LÁRÉTT** **2** nemandi **6** tveir eins **8** ríki dauðra **9** hluti kynfæra **11** 950 **12** um það bil **14** sefast **16** borðaði **17** yfirgaf **18** sjór **20** kusk **21** eldhúsáhald.

**LÓÐRÉTT** **1** samtals **3** skammstöfun **4** planta **5** angan **7** borðbúnaður **10** æxlunarkorn **13** kóf **15** traðkaði **16** tunna **19** í röð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2 nemi, 6 ll, 8 hel, 9 leg, 11 lm, 12 sirka, 14 róast, 16 át, 17 fór, 18 mar, 20 ló, 21 ausa.

**LÓÐRÉTT:** 1 alls, 3 eh, 4 melasól, 5 ilm, 7 leirtau, 10 gró, 13 kaf, 15 tróð, 16 áma, 19 rs.

vísir
FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR
www.visir.is

10% vaxtaauki!



spron
www.spron.is

## BALTASAR KORMÁKUR: Á LEIÐ TIL USA TIL SAMNINGAVIÐRÆÐNA

# Wes Craven biðlar til Balta

„Ég er ekki búinn að segja já,“ segir Baltasar Kormákur leikstjóri sem í dag flýgur utan til Bandaríkjanna. Þar á hann fund með spennu- og hrollvekjumeistaranum fræga Wes Craven. Ef vel fer á með þeim Wes og Balta er meiningin að setjast að samningaborðinu.

Að sögn Baltasars er ekkert formlegt í hendi en þeir áttu langan símafund á dögunum þar sem fyrir lá hugmynd frá Craven þess efnis að Baltasar leikstýrði kvikmynd sem Craven hyggst þá framleiða.

„Þetta er mjög spennandi verkefni. En það mun ráða því hvort ég er tilbúinn að taka að mér leikstjórnina er í hvaða klassa Craven vill hafa myndina.“

Verkefnið sem um ræðir er mynd sem byggist á gömlu miðaldarkvæði sem fjallar um mann sem lendir í þeirri aðstöðu að dætur hans lenda á flandri. Lenda í klóm glæpamanna sem myrða þær. Örlögin haga því svo þannig til að þessir sömu morðingjar leita skjóls fyrir tilviljun á heimili föðurins.

„Venjulegur maður áttar sig á því að þarna eru komnir morðingjar dætra hans,“ segir Baltasar.

Wes Craven sjálfur gerði fyrir margt löngu B-mynd sem byggist á þessu sama kvæði, Jómfrúarmorðin. Og sama gerði Ingmar Bergman.

„Þetta er ekki beint endurgerð heldur mynd sem er byggð á þessu kvæði. Já, fyrir liggja tvær myndir sama efnis. Önnur klassamynd sem Bergman gerði og hlaut Óskarinn fyrir og gerist sú saga á miðöldum. Og svo b-horrormynd sem Craven gerði. Það er svolítið erfitt að ræða við Craven vegna þessarar forsögu, það er að segja honum hvernig ég ætla að gera miklu betur en hann sjálfur með þennan efnivið,“ segir Baltasar kíminn.

„En það á eftir að ræða það hversu mikið á að leggja í þetta verkefni. Sjálfur lít ég til mynda á borð við Straw Dogs eftir Sam Peckingpath sem fjallar um svipað efni. Venjulegan mann sem lendir í aðstæðum sem kalla fram villidýrið í honum. En þetta á allt eftir að koma í ljós.“

Verkefni þetta er ekki einu sinni komið á það stig að enn sé farið að ræða um hvaða leikarar muni fara með helstu hlutverk. En ef að líkum lætur verður myndin skotin í Ameríku. Dótturfélag Universal Pictures, Rouge, mun fjármagna myndina. Ef af verður fær Baltasar meiri dreifingu á þessari kvikmynd en nokkur annar íslenskur kvikmyndaleikstjóri getur státað af, en viðbúið er að myndin verði sýnd í þrjú þúsund kvikmyndahúsum víðs vegar um Bandaríkin.

Flestir kvikmyndaáhugamenn þekkja nafn Wes Craven en eftir hann liggur dágóður slatti hryllings- og spennumynda, bæði sem hann hefur leikstýrt og framleitt, en frægastar eru kannski Nightmare on Elmstreet og Scream-myndirnar. Honum er lýst af kvikmyndasérfræðingum Fréttablaðsins sem sannkölluðum B-mynda kóngi. jakob@frettabladid.is



**BALTASAR KORMÁKUR** Er í þeirri erfiðu stöðu að segja Wes Craven hvernig hann ætlar að gera miklu betur með efnið en hann sjálfur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**WES CRAVEN** B-myndakóngurinn víðfrægi vill fá Baltasar Kormák til að leikstýra kvikmynd sem hann hyggst framleiða.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Á laugardag er stórafmæli hjá **Þórólfi Árnasyni** þeim hinum sama og **Egill Helgason** sjónvarpsmaður leggur nú til að verði aftur gerður að borgarstjóra úr því forstjórar olíufélaganna hafa verið sýknaðir í Hæstarétti. En Þórólfur er sá eini sem hefur axlað ábyrgð í því máli. Það breytir ekki því að halda á upp á fimmtugsafmæli Þórólfs í Listasafninu við Tryggvagötu og er verið að setja saman veglega dagskrá. Skemmtunin hefst meira að segja áður en komið er í húsið en á gangstéttinni fyrir utan safnið mun **JóJó** götulistamaður taka á móti gestum með gítarspili – ef veður leyfir.



Bókaforlögin eru nú að safna vopnum sínum og leggja drög að næstu jólabókavertíð. Athygli vakti að síðasta flóð var tveggja turna tal Eddu og JPV útgáfu. En gera má ráð fyrir því að **Snæbjörn Arngrímsson** og hans lið hjá Bjarti muni láta að sér kveða á þessu útgáfuári. Gullhænurnar þeirra verpa á þessu ári. Dan Brown verður með nýja bók, þá fyrstu eftir Da Vinci lykilinn, og lokaritið í Harry Potter bókaflokknum kemur út á þessu ári. Dan Brown og Harry Potter bókaflokknum lagt grunninn að veldi Bjarts og verður spennandi að vita hvort hinn naski bókaútgefandi Snæbjörn nái að finna viðlíka gjöfular uppsprettur því nú þarf eitthvað nýtt að koma til. - jbg



# Megas kom syni sínum til bjargar

Meistari Megas verður gestasöngvari á nýrri plötu sem sonur hans Gímaldin og Valur Gunnarsson gefa út í sumar. Platan nefnist Vodka Songs og var hún samin í Pétursborg þaðan sem hún sækir innblástur sinn. Kemur Megas við sögu í titillagi plötunnar.

„Það vantaði einhvern almennilegan stórsöngvara. Við vorum búnir að reyna margar leiðir að þessu lagi og það var enginn að ná því nema Megas sjálfur,“ segir Valur. „Hann býr í næstu götu við mig. Við vorum að taka upp heima þannig að við drógum hann á svæðið og hann náði þessu undarlega vel. Lagið kallar á að menn sletti á rússnesku og syngi á ensku og hann tók þetta með glans.“

Á meðal fleiri listamanna sem aðstoða þá Val og Gímaldin á plötunni eru Doddi, fyrrum trommuleikari Trabant, og meðlimir Nix Nolte og Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Á föstudag og laugardag verða tvennir tónleikar á Rósenberg þar sem Valur kemur fram einn með kassagítarinn, auk þess sem Skotinn James Lowe og hljómsveitin Misery Loves Company troða upp. Valur mun að mestu flytja lög eftir Leonard Cohen á hinum ýmsu tungumálum á meðan Misery Loves Company mun hita upp fyrir væntanlega plötu sína Bottleful of Dreams. Lowe, sem var nýlega valinn einn af fimm efnilegustu listamönnum Edinborgar af blaðinu Inside+Out, hefur verið líkt við Thom Yorke og Billy Bragg og hefur spilað víða í Skotlandi. Er fyrsta plata hans einnig væntanleg bráðlega. - fb



**MEGAS** Meistari Megas kom syni sínum Gímaldin til aðstoðar á nýrri plötu hans. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**VALUR GUNNARSSON** Valur í myndbandi við lagið Russian Century af plötunni Vodka Songs. Hann treður upp á tvennum tónleikum á Rósenberg um næstu helgi.


EGILS PREMIUM OG MASTERCARD Í SAMVINNU VIÐ CONCERT KYNNA MEÐ STOLTI
STÓRTÓNLEIKAR Í HÖLLINNI MEÐ
JOSH
GROBAN
ÁSAMT
SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
OG GOSPELKÓR
REYKJAVÍKUR
LAUGARDALSHÖLL
16. MAÍ 2007
MIÐASALA HEFST
29. MARS, KL. 10:00
MASTERCARD FORSALA
28. MARS, KL. 10:00
Egils
Premium
AWAKE
josh groban
KOMIN Í VERSLANIR
go to joshgroban.com
LIVE NATION
MasterCard
20% afsláttur af öllum viðburðum Concert
ef greitt er með MasterCard á sérstökum
MasterCard forsöludegi
Kynnið ykkur frekari tilboð og tónleikadagskrá Concert á vef
tónlistarklúbbs MasterCard, www.kreditkort.is/ klubbar
FORSALA AÐGÖNGUMIÐA
Á WWW.MIDI.IS OG Í
VERSLUNUM SKÍFUNNAR
Einnig í verslunum BT úti á landi og í Hafnarfirði
CONCERT

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



LYFJA – Lifið heil
Lyfja Lágmúla
Lyfja Smáratorgi
Opið 8-24 alla daga




**BAKÞANKAR**


ÞÓRHILDAR ELÍNAR ELÍNARDÓTTUR


## *Blindu börnin hennar Evu*

Eitt af því sem ég hef lært á óralangri ævi er, að öll burðumst við með einhverja þá fötlun sem í frjálslyndara samfélagi væri hægt að kalla eiginleika. Hjá sumum eru skorðurnar augljósar eins og til dæmis heyrnarleysi eða blinda á meðan þær eru duldari hjá flestum. Einhver getur kannski ekki framkvæmt nokkurn hlut án rituals, burstar tennurnar eftir flóknu rósaleppamynstri og fer ekki að heiman án þess að slökkva þrisvar á eldavélinni og læsa fimm sinnum. Einhverjum öðrum er ómögulegt að sjá eigin mistök eða fyrirgefa annarra.

**ÞVÍ** miður er ég sjálf til dæmis hroðalega óstundvís, systir mín segir að meira að segja þegar guð útdeildi stundvísinni hafi ég komið of seint. Þar með eru vankantar mínir reyndar upptaldir. Þrátt fyrir að vera meðvituð um hina fjölbreyttu fötlunarflóru sé ég barasta ekki nokkurn hlut athugaverðan við dætur mínar þrjár. Frábærar allar með tölu og nákvæmlega eins og þær eiga að vera. Þetta finnst mér alla daga, líka þegar unglingurinn gengur um eins og grís, þegar millistykkið hrín sig hása af viljastyrk og þegar handóða smábarnið leggur heimilið í rúst. Og eins og öðrum foreldrum finnst mér auðvitað að þær eigi skilið heimsins bestu aðstæður.

**FORELDRUM** blindra barna líður nákvæmlega eins. Að þeirra börn eigi skilið akkúrat allra bestu aðstæður til að blómstra í sínu lífi. Einmitt að þessum börnum eigi að hlú sérstaklega vegna þess að þau þurfa á því að halda. Reyndin er hins vegar sú að af samfélagsins hálfu eru menntunaraðstæður blindra barna til skammar. Yfirvöld menntamála höfðu þrjú heil ár til að framkvæma tillögur nefndar um málefnið, aðgerðir sem kosta lítið en skipta sköpum fyrir blindu börnin. Lítið hefur gerst. Á síðustu þingdögum var reyndar drifið í að skipa aðra nefnd.

**ENN** geta foreldrarnir því valið hvort börnin þeirra eigi áfram að alast upp við 19. aldar menntun á Íslandi eða flýja land með þau til þjóða sem kunna þetta betur. Ef hópurinn teldi fleiri kjósendur væri þekkingarmiðstöð blindra líklega orðin að veruleika fyrir löngu. Kannski verður hún samt opnuð með lúðraþyt og söng í vikunni fyrir kosningar.


www.volkswagen.is




Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416
HEKLA, Laugavegi 172-174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

SHARP — Í FREMSTU RÖÐ FRUMKVÖÐLA LCD-VEGGSJÓNVARPANNA
Pioneer — MEÐ FULLKOMNA FORYSTU Í PLASMA-SJÓNVARPSTÆKJUM
VEGGSJÓNVÖRP Glæsilegt úrval!
SAMSUNG — EINN FRAMSÆKNASTI RAFTÆKJAFRAMLEIÐANDI HEIMS Í DAG
LOEWE. — MARGVERÐLAUNUÐ OG AFAR GLÆSILEG HÖNNUN
ORMSSON
SÍÐUMÚLA · SMÁRALIND · AKUREYRI · KEFLAVÍK · ÍSAFIRÐI · AKRANESI
SELFOSSI · NESKAUPSTAÐ · REYÐARFIRÐI · EGILSSTÖÐUM